



Hæstaréttarmálið nr. 214/1978

II.

Dómsgerðir
í
sakadómsmálinu nr. 544-550/1977 :

Ákærvaldið
gegn
Kristjáni Viðari Viðarssyni,
Sævari Marinó Ciesielski,
Tryggva Rúnari Leifssyni,
Albert Klahn Skaftasyni,
Erlu Bolladóttur,
Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni
og
Guðjóni Skarphéðinssyni.

Hæstaréttarmálið nr. 214/1978

II.

Dómsgerðir
í
sakadómsmálinu nr. 544-550/1977 :

Ákæruvaldið
gegn
Kristjáni Viðari Viðarssyni,
Sævari Marinó Ciesielski,
Tryggva Rúnari Leifssyni,
Albert Klahn Skaftasyni,
Erlu Bolladóttur,
Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni
og
Guðjóni Skarphéðinssyni.

Ár 1977, fimmtudaginn 28. apríl, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Sakadómsmálið:

Ákæruvaldið

gegn

Kristjáni Viðari Viðarssyni,

Sævari Marinó Ciesielski,

Guðjóni Skarphéðinssyni

og

Erlu Bolladóttur.

Lögð eru fram eftirfarandi skjöl:

- B Nr. I. Ákæra.
- - II. Bréf ríkissaksóknara.
- - III-IV. Endurrit úr sakadómsbók.
- - V. Möppu með löggregluskyrslum bls. 1-501
ásamt fskj.
- - VI. Möppu með löggregluskyrslum bls. 503-1000
ásamt fskj.
- - VII. Möppu með löggregluskyrslum bls. 1001-1318
og bls. 3001-3404 ásamt fskj.
- - VIII. Möppu með skjölum "undirbygging" málsins.
- - IX. Bréf Jóns Oddssonar, hrl.
- - X. Geðheilbrigðisrannsókn á ákærða Guðjóni
Skarphéðinssyni.

Málsskjölin fylgja.

Kominn er í dóminn Bragi Steinarsson, saksóknari.

Einnig eru mættir í dóminum skipaður verjandi Kristjáns Viðars Viðarssonar, Páll A. Pálsson, hdl., skipaður verjandi ákærða Sævars Marinós Ciesielski, Jón Oddsson, hrl., og Haraldur Blöndal, hdl., fyrir hönd Benedikts Blöndal, hrl., skipaðs verjanda ákærða Guðjóns Skarphéðinssonar.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl., skipaður verjandi ákærðu Erlu Bolladóttur, gat ekki mætt.

Sækjandi og verjendur fá afhent skjöl málsins.

Upplesið.

Viku frá.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Guðmundur T. Guðmundsson.

Ár 1977, miðvikudaginn 11.maí, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kl. 11.00 kemur í dóminn sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, saksóknari.

Þá kemur í dóminn ákærði, Guðjón Skarphéðinsson og með honum skipaður verjandi hans Benedikt Blöndal, hrl.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Með vísan til ákæru á hendur Guðjóni Skarphéðinsyni, dags. 16. mars s.l. og þess sakarefnis sem þar er reifað, er þess krafist af hálfu sækjanda að gæsluvarðhald hans, sem rennur út kl. 02.00 aðfaranótt 12. p.m., verði framlengt.

Skipaður verjandi gerir ekki athugasemd við ofangreinda kröfu sækjanda.

Var nú kveðinn upp í málínu svofelldur

ú r s k u r ð u r :

Ár 1977, miðvikudaginn 11. maí, var á dómpingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af sakadómurunum Gunnlaugi Briem, dómsformanni, og Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni, kveðinn upp úrskurður þessi:

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson, Brekkubraut 15, Keflavík, þar í bænum og hefur ekki spurst til hans síðan.

Ákærði Guðjón Skarphéðinsson, Rauðarárstíg 32, hér í borg, hefur fyrir dómi og rannsóknarlöggreglu viðurkennt að hafa farið ásamt ákærðu Sævari Marinó Ciesielski, Kristjáni Viðari Viðarssyni og Erlu Bolladóttur hinn 19. nóvember 1974 til Keflavíkur. Þar hafi þau hitt mann, sem ákærði Guðjón dregur ekki í efa að hafi verið Geirfinnur Einarsson. Hafa þau öll borið að Geirfinnur hafi látið lífið í átökum við þá ákærðu Guðjón, Kristján Viðar og Sævar Marinó í Dráttarbraut Keflavíkur þetta kvöld.

Hinn 16. mars 1977 var gefin út ákæra á hendur þeim Guðjóni, Kristjáni Viðari og Sævari Marinó þar sem þeim er gefið að sök að hafa orðið Geirfinni Einarssyni að bana aðfaranótt 20. nóvember 1974 og Erlu Bolladóttur fyrir eftirfarandi hlutdeild í brotinu. Mál þetta var þingfest hinn 28. apríl s.l.

Ákærði Guðjón var hinn 13. nóvember 1976 úrskurður vegna máls þessa í 18 daga gæsluvarðhald, sem síðan var framlengt í 60 daga. Með úrskurði 31. janúar s.l. var gæsluvarðhaldið enn framlengt í allt að 100 daga frá

kl. 02.00 hinn 1. febrúar 1977. Rennur gæsluvarðhaldstími ákærða því út kl. 02.00 aðfaranótt 12. p.m.

Ákærða Guðjóni Skarphéðinssyni er gefið að sök brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Meðferð málssessa er enn skammt á veg komin. Skilyrði til gæsluvarðhalds sbr. 65. gr. stjórnarskárinna nr. 33, 1944 eru fyrir hendi. Nauðsyn þykir bera til með tilvísan til 1. og 4. tl. 67. gr. l. nr. 74, 1974 að úrskurða Guðjón Skarphéðinsson áfram í gæsluvarðhald á meðan mál þetta er til meðferðar.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 150 dagar.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald Guðjóns Skarphéðinssonar framlengist í allt að 150 daga.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Úrskurðurinn var lesinn í heyranda hljóði kl. 11.30 að ákærða og skipuðum verjanda hans viðstöddum, sem óska eftir sólarhrings fresti til ákvörðunar um kæru úrskurðarins til Hæstaréttar.

Ákærði vék frá.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Ár 1977, fimmtudaginn 12. maí, er dómþing sakadóms

Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem. sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristins-syni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kl. 10.00 kemur í dóminn ákærði Kristján Viðar Viðars-son.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 7⁴, 1974.

Mættur er sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari.

Einnig er mættur verjandi Kristjáns Viðars, Páll A. Pálsson, hdl.

Ákærði kveðst viðurkenna atferli það, sem honum er gefið að sök í I. kafla ákæru á dskj. nr. B I.

Skýrsla ákærða í sakadómi 17. janúar 1977 er lesin í heyranda hljóði og segir ákærði skýrsluna rétta í meginatriðum. Hann kveðst þó vilja koma að nokkrum athugasemdum.

Ákærði skýrir frá því, að hann og meðákærði Sævar Marinó hafi verið saman á dansleik í veitingahúsínu Klúbbnum, sennilega að kvöldi sunnudagsins 17. nóvember 1974.

Þegar langt var liðið á dansleikinn voru ákærðu staddir saman á stigapalli á 2. hæð og benti þá ákærði Sævar Marinó ákærða á mann, er stóð upp við glervegg rétt fyrir innan.

Ákærði man að maður þessi hélt á glasi í hendinni, en ekki varð ákærði var við, að hann væri mikið ölvaður. Ákærði þekkti ekki manninn, en telur að um Geirfinn Einarsson hafi getað verið að ræða. Ákærði Sævar Marinó bað ákærða að

fara til mannsins og spyrja hann annað hvort, hvort hann vildi kaupa eða selja spíra. Ákærði er þó frekar á því, að hann hafi átt að spyrja manninn hvort hann vildi kaupa spíra. Ákærði gekk til mannsins og spurði hann um þetta. Maðurinn virtist vera undrandi á spurningu ákærða og svaraði honum neitandi. Ákærði sagði þá við manninn að hann hafi verið að gera að gamni sínu og varð ekki meira úr samtalinu. Ákærða fannst meðákærði vera að gera sig að fífli með þessu og kvaðst hafa verið höstugur við hann út af þessu. Ákærði kveðst hafa verið tregur til að fara til mannsins og spyrja hann um þetta, en ákærði Sævar Marinó hafi þrástagast á þessu, þannig að hann hafi látið undan að lokum. Ákærði Sævar Marinó nefndi ekki nánar hvað hann ætlaðist fyrir með þessu, en það hvarflaði að ákærða að hann væri að flytja einhver skilaboð í sambandi við sölu á hassi. Ákærði gekk á brott frá Sævari Marinó þarna á stigapallinum og veit ekki, hvort hann ræddi við manninn. Ákærði hitti Sævar Marinó síðar um nóttina, en þeir minntust ekki á þetta frekar, nema að ákærði bað hann um að vera ekki að biðja sig um svona lagað.

Það var svo rétt eftir hádegi mánudaginn 18. nóvember, að ákærði Sævar Marinó hringdi til ákærða að Laugavegi 32 þar sem ákærði bjó á þeim tíma. Bað Sævar Marinó ákærða að koma með sér suður með sjó í spíraleiðangur. Ákærði kveðst hafa spurt Sævar Marinó að því í gamni, hvort hann ætlaði að stela spíra og svaraði hann því játandi. Ákærði Sævar Marinó spurði ákærða hvort hann gæti útvegað sendi-

ferðabifreið til þess að flytja spírann. Sagðist ákærði ekki geta það og fór þá meðákærði að tala um Sigurð Óttar Hreinsson, frænda ákærða, er hann sagði hafa unnið á sendibílastöð. Sagðist ákærði skyldi athuga málið. Sævar Marinó spurði ákærða einnig hvort hann vissi um nokkra kaupendur að spíra og sagðist ákærði skyldi athuga það. Ákærði tekur fram í þessu sambandi, að hann hafi með öllu hafnað þessu fyrst í stað, en látið til leiðast að lokum.

Ákærði hafði tal af Sigurði Óttari í framhaldi af þessu. Kom hann til ákærða daginn eftir, hinn 19. nóvember að Laugavegi 32. Spurði ákærði hann hvort hann gæti útvegað sendibifreið til flutninga um kvöldið og sagðist hann skyldi gera það, ef hann gæti. Ákærði nefndi ekki við Sigurð Óttar hvert ætti að aka eða hvað ætti að flytja, en aðeins var talað um flutning. Ákærði bað Sigurð Óttar að koma um kvöldið í sendibifreið á Vatnsstíg, ef þetta tækist. Ákærði man ekki eftir á hvaða tíma Sigurður Óttar átti að koma, en telur, að það hafi verið um kl. 20.00.

Um kvöldið, um klukkan 20.00, kom Sævar Marinó til ákærða að Laugavegi 32. Sagði hann ákærða að koma að bifreið, er biði á Vatnsstíg. Ákærði kveðst hafa farið í svartan leðurjakka og haldið svo út. Sævar Marinó var aðeins á undan ákærða. Þegar út á Vatnsstíg kom, var hann sestur inn í bláa Volkswagen bifreið, er þar stóð. Rétt eftir að ákærði kom á staðinn, kom Sigurður Óttar á sendibifreið. Bifreið þessi var af Mercedes Benz gerð, gul á lit og frambyggð. Stöðvaði hann nokkru fyrir framan

Volkswagen bifreiðina hinum megin á götunni eða hægra megin. Ákærði kveðst ekki vita um skrásetningarmerkin á framan-greindum bifreiðum. Að beiðni ákærða Sævars Marinós gengu ákærðu að sendibifreiðinni til Sigurðar Óttars og ræddu við hann. Ákærði kveðst hafa verið allmikið undir áhrifum lyfja og því ekki geta skýrt nákvæmlega frá samtalínu. Hann man að Sævar Marinó var að gefa leiðbeiningar um, hvert aka ætti og átti ákærði að segja Sigurði Óttari það. Sigurður Óttar átti erfitt með að skilja ákærða og gaf ákærði Sævar Marinó, er stóð við hlið ákærða leiðbeiningar um að aka í átt til Keflavíkur. Ákærði man eftir því, að Sigurður Óttar sagði að hann væri ekki alveg öruggur um að hann gæti farið á bifreiðinni og þyrfti hann að ræða málíð við eiganda hennar. Sigurður Óttar ók síðan á brott, en ákærðu gengu að Volkswagen bifreiðinni. Undir stýri hennar sat maður, sem ákærði ekki pekkti, en Sævar Marinó sagði að ákærða minnir, að væri frændi Gunnars Egissonar. Ákærða var sýnd mynd af Guðjóni Skarphéðinssyni hjá rann-sóknarlöggreglunni og kveður hann það hafa verið Guðjón, sem ók bifreiðinni. Í aftursætinu vinstra megin sat Erla Bolladóttir, sem ákærði pekkti. Ákærði settist við hlið hennar í aftursætið, en ákærði Sævar Marinó settist í fram-sætið við hlið ökumanns. Var nú ekið vestur á Framnesveg að húsi nr. 60 og eitthvað. Þar var numið staðar og fór Sævar Marinó úr bifreiðinni. Ákærði veit ekki hvert hann fór og ekki í hvaða erindagjörðum hann var. Þegar Sævar Marinó kom aftur í bifreiðina var ekið í átt til Keflavík-

ur. Ákærði man að logn var, kalt í veðri, dimmt yfir, en þurrt. Ákærði kveðst hafa sofið meginíð af leiðinni, en vaknað öðru hvoru. Hann man að þau voru að gá að sendibifreiðinni. Ákærði man að þeir Guðjón og Sævar Marinó voru að ræða saman, en þeir töluðu lágt og kveðst ákærði ekki hafa fylgst með, hvað þeim fór á milli. Ákærði kveðst ekki muna eftir að hafa heyrt þá Sævar Marinó og Guðjón, tala um að einhver gæti orðið erfiður. Ákærði man að einhvers staðar var tekið bensín á leiðinni, en hvar, getur hann ekki staðhæft. Þegar til Keflavíkur kom, sáu þeir bifreið Sigurðar Óttars, er stóð við gatnamót nálægt Aðal bílastöðinni. Ákærði kveðst vera ókunnugur í Keflavík, en þetta hafi rifjast upp fyrir sér, er honum var sýndur staðurinn síðar. Numið var staðar fyrir aftan sendibifreiðina. Fór ákærði út og hafði tal af Sigurði Óttari. Sagði hann honum að aka í Dráttarbrautina í Keflavík. Sigurður Óttar sagðist ekki vita hvar Dráttarbrautin væri. Ákærði kvaðst heldur ekki vita það, en Sævar Marinó hafði sagt að hún væri innst í þeim. Sigurður Óttar ók síðan af stað, en ákærði og fólk það, er með honum var, ók að Hafnarbúðinni. Telur ákærði að klukkan hafi verið um 22.00, er komið var þangað. Numið var staðar í námunda við Hafnarbúðina. Fóru ákærði og Sævar Marinó þar út úr bifreiðinni og var halddið inn í Hafnarbúðina. Sævar Marinó var búinn að segja við ákærða, að þeir skyldu láta sem þeir þekktust ekki. Inni í Hafnarbúðinni man ákærði eftir að Sævar Marinó keypti sigarettur og súkkulaði og ákærði man

eftir því, að hann keypti flösku af Coca cola. Ákærðu fóru síðan aftur út í bifreiðina og var ekið að Dráttarbrautinni í Keflavík, en ekki veit ákærði, hver átti hugmyndina að því. Þegar þangað kom, var numið staðar einhvers staðar á milli húss Dráttarbrautarinnar og pípugetðar. Ákærði fór úr bifreiðinni þarna til að svipast um eftir Sigurði Óttari. Sævar Marinó hafði sagt ákærða að flýta sér því að þeir hefðu lítinntíma. Ákærði kveðst hafa hlaupið nokkurn spöl beint í norður þar til hann fann bifreið Sigurðar Óttars. Ákærða minnir að bifreiðin hafi staðið vestan eða norðan við dráttarbrautarhúsið. Ákærði man að Sigurður Óttar var ópolinmóður og vildi fá að vita hvað ætti að flytja og hvort ekki færi að koma að þessu. Ákærði sagði Sigurði Óttari að bíða rólegum. Hann hraðaði sér því næst að Volkswagen bifreiðinni. Var því næst ekið að einhverri sjóppu eða söluturni, sem ákærði getur ekki tilgreint nákvæmlega hvar var, en leiðin þangað var nokkuð löng. Ákærði kveður sjóppu þessa vera við aðal-götuna í Keflavík. Sævar Marinó fór þar úr bifreiðinni og sagðist ætla að hringja. Hann fór inn í sjoppuna, en kom brátt aftur. Sagðist hann ekki hafa getað hringt þar sem svo margt fólk hefði verið þarna.

Því næst var ekið aftur að Hafnarbúðinni. Þá sá ákærði ökumanninn, ákærða Guðjón, skrifa eitthvað á miða, sem hann rétti ákærða Sævari Marinó. Ákærði Sævar Marinó léti ákærða fá miðann. Ákærði man að þeir Guðjón og Sævar Marinó ræddu eitthvað saman er Guðjón var að skrifa á mið-

ann, en um samtalið man ákærði ekki nákvæmlega. Ákærði man að símanúmer stóð á miðanum og að hann heldur nafnið Geirfinnur, a.m.k. var það nafn nefnt við ákærða áður en hann fór inn í Hafnarbúðina. Sævar Marinó sagði ákærða að fara inn í Hafnarbúðina og hringja til Geirfinns.

Átti ákærði að segja við Geirfinn að þeir væru komnir og að Geirfinnur ætti að koma einn og vera gangandi. Ákærði fór því næst inn í Hafnarbúðina. Bað hann afgreiðslustúlku, sem ákærði man að var í bláum slopp, um að fá að hringja. Ákærði hringdi því næst í símanúmerið, sem var á miðanum og spurði eftir Geirfinni. Barn kom í símann og heyrði ákærði að það kallaði pabbi. Kom þá karlmaður í símann og man ákærði að hann (ákærði) spurði: "Ert þú Geirfinnur?" Maðurinn svaraði því játandi. Ákærði sagði mannum það sem Sævar Marinó hafði beðið hann um að segja. Geirfinnur spurði þá að ákærða minnir: "Er Maggi þarna?" Ákærði man að hann sagði við Geirfinn: "Það er enginn Maggi hérna, ég er hérna einn". Geirfinnur spurði þá hvar ákærði væri og sagðist ákærði vera í einhverri sjoppu. Geirfinnur spurði þá ákærða hver hann væri, en ákærði svaraði að það skipti ekki máli og lagði símtólið á. Strax að samtalinnu loknu fór ákærði út í Volkswagen bifreiðina. Hleypti ákærði Sævar Marinó honum inn í aftursætið þar sem ákærði hafði setið áður, en sjálfur settist Sævar Marinó í framsætið. Guðjón ók síðan aðeins frá Hafnarbúðinni og beið þar um stund. Ákærði veit ekki hvað varð af miða þeim, sem Sævar Marinó létt hann fá, en telur að hann hafi

látið Sævar Marinó fá hann. Ákærði man eftir því, að Guðjón fór út úr bifreiðinni eftir að ákærði kom aftur, en áður en hann færði hana til. Fór hann í átt að Hafnarbúðinni, en eigi veit ákærði með vissu hvort hann fór þar inn. Guðjón kom skömmu síðar aftur og færði bifreiðina þá til.

Kl. 12.15 er nú gert hlé á þinghaldinu.

Kl. 13.40 kemur fyrir dóminn að nýju ákærði Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Ákærði kveður þau hafa verið búin að bíða góða stund í bifreiðinni, er Guðjón sagði: "Þarna kemur hann". Ákærði kveður manninn hafa komið gangandi að bifreiðinni og minnir hann að hann hafi séð hann koma frá bifreið, en hvernig bifreið man hann ekki og ekki heldur hvar hún var. Ákærði kveðst ekki hafa þekkt manninn og getur ekki sagt um hvort um sama mann hafi verið að ræða og hann tók tali í Klúbbnum. Maðurinn kynnti sig ekki og ákærði man ekki hvort það kom nokkurn tíma fram hvað maðurinn hélt. Þegar maðurinn kom að bifreiðinni fór Sævar Marinó út og hleypti manninum inn í bifreiðina. Maðurinn settist hægra megin í aftursæti og sat ákærði á milli hans og Erlu. Strax og maðurinn var kominn inn í bifreiðina var ekið af stað og fór ákærði Sævar Marinó að ræða við manninn. Ákærði tók ekki þátt í samræðunum og man ekki hvað manninum og Sævari Marinó fór á milli. Ekið var í átt að Dráttarbrautinni. Á leiðinni

tók Sævar Marinó upp seðlabúnt. Eigi veit ákærði um hve háa fjárhæð var að ræða, en í búntinu voru fimmþúsund króna seðlar. Sævar Marinó rétti manninum seðlabúntið, en hann var eitthvað tregur til að taka við því. Hann létt þó til leiðast að lokum og tók við seðlunum. Ákærði kveðst ekki vita í hvaða skyni Sævar Marinó rétti manninum seðlana. Maðurinn fleygði seðlunum fljótlega frá sér og lento þeir á gólfínu við aftursæti og á milli framsæta. Ákærði kveðst hafa verið hálf sofandi og hrokkið upp við petta. Hafi hann sagt við manninn eitthvað á pessa leið: "Hvaða fíflalæti eru þetta, hvað á þetta að þýða? Ef þú ætlar að láta eins og fífl hérna, skaltu koma þér út". Ákærði kveður þetta hafa gerst annað hvort rétt áður en komið var í Dráttarbrautina eða rétt eftir að bifreiðin hafði numið staðar. Sævar Marinó hélt áfram að rífast við manninn en rétt eftir að bifreiðin hafði numið staðar fóru þau öll út, að undanskilinni Erlu Bolladóttur, a.m.k. minnist ákærði ekki þess að hafa séð hana fyrir utan bifreiðina. Sævar Marinó fór fyrstur út úr bifreiðinni, en síðan ákærði og Guðjón. Rifrildi milli mannsins og Sævars Marinós hélt áfram eftir að komið var út úr bifreiðinni. Ákærði man að maðurinn sagðist þekkja þessa Klúbbmenn. Nefndi hann Magnús í því sambandi og einhverja fleiri.

Þegar þeir voru komnir 3-4 metra frá bifreiðinni ætlaði maðurinn að fara burtu. Ákærði stóð í vegi fyrir honum. Ákærði man að hann bað manninn um skýringu á þessu og sagði þá maðurinn eitthvað á þá leið: "Eg hef ekkert

meira við ykkur að tala". Ákærði man að Guðjón sagði: "Við skulum taka hann í gegn". Ákærði kveðst hafa jánkað því. Eftir það hófust átökin viðmanninn. Átökin fóru fram með miklum ofsa og tóku svo skamman tíma, að ákærði kveður erfitt að átta sig á atburðarrásinni. Maðurinn hrinti ákærða frá er hann (maðurinn), ætlaði burtu. Ákærði sló til mannsins með krepptum hnefa. Lenti höggið í andliti mannsins að ákærði telur, en þó geti það eins hafa lent á hálsi eða brjósti. Ákærði kveður Sævar Marinó hafa veist að manninum og slegið til hans. Ákærði veit ekki hvar höggin lentu, en hann man að maðurinn greip í Sævar Marinó og kastaði honum frá sér nokkra metra. Ákærða finnst Guðjón hafa tekið þátt í þessu í byrjun, en hver þáttur hans var, getur hann ekki staðhæft. Ákærði kveðst hafa tekið Geirfinn hálstaki aftan frá. Var það í framhaldi af því, er Geirfinnur hafði kastað Sævari Marinó frá sér og snúið gegn ákærða.

Ákærði sér 3. mynd í "undirbygging 28 H" og segir hann að hálstakið sé þar rétt synt. Í því kom Sævar Marinó æðandi að með ferkantaða spýtu, tæpan meter á lengd, en ekki mjög svera. Sló hann manninn með spýtunni nokkuð oft, bæði á brjóst, maga og fætur. Maðurinn gat litla mótsprynu veitt, þar sem ákærði hélt honum hálstaki. Ákærði kveðst nú hafa sleppt hálstakinu og hafi þá Sævar Marinó hlaupið frá og hent spýtunni. Ákærði man að maðurinn var mjög reiður. Hann snéri sér að ákærða og sagðist ætla að jafna um hann. Ákærði kveðst hafa hörfað frá manninum. Ákærði gat náð í

spýtuna, sem Sævar Marinó hafði verið með. Ákærði sló manninn eitt högg þvert yfir brjóstið með spýtunni.

Maðurinn féll aftur á bak við höggið. Lá hann í mölinni á vinstri hliðinni á eftir og heyrði ákærði hann gefa frá sér sársaukastunur. Tók hann með höndunum um brjóstið. Ákærði kveðst hafa staðið yfir manninum með spýtuna og bankaði í hann með henni, bœði á brjóst og kjálka vinstra megin. Ákærði veit ekki nánar um þátt Guðjóns í átökunum, en að þeim loknum sá ákærði hann ganga frá þeim stað, þar sem átökin höfðu verið, í átt að bílnum.

Lesið er nú upp úr skýrslu ákærða hjá rannsóknarlögreglunni bls. 1013-1014. Segir ákærði skýrslu þessa rétta í meginatriðum með áorðnum breytingum.

Ákærði sér myndirnar á "28 H undirbygging." Ákærði telur myndirnar ekki fyllilega réttar nema þá fyrstu og þriðju. Ákærði kveðst ekki muna hvernig maðurinn lá að átökunum afstöðnum. Ekki var ákærða ljóst hvort maðurinn var lífs eða liðinn. Ákærði sagði Sævari Marinó að fara til Erlu og segja henni að fara í burtu, þar sem hann vildi ekki að hún lenti í vandræðum ef lögreglan skyldi koma.

Sævar Marinó fór og talaði við Erlu. Þegar hann kom aftur bað ákærði hann að athuga hvort "ekki væri í lagi með mannin". Ákærði fór nú og hitti Sigurð Óttar. Bifreið hans var ekki í sjónmáli og lá hann sofandi út af í sætinu.

Ákærði sagði Sigurði Óttari að ekkert yrði úr flutningnum og að hann skyldi fara burtu. Sigurður Óttar spurði einskis, en var reiður út af þessu öllu og hélt á brott. Ákærði hélt

nú aftur á staðinn þar sem maðurinn lá.

Ákærði sér myndir "undirbygging 28 J". Telur hann að bifreið Sigurðar Óttars hafi ekki staðið nákvæmlega á þeim stað, sem þar er sýnt.

Þegar ákærði kom á staðinn þar sem maðurinn lá sagði Sævar Marinó honum að maðurinn væri láttinn. Ákærði kveðst nú sjálfur hafa athugað hvort lífsmark væri með manninum. Sá hann að hann var með áverka á vinstra gagnauga og á vinstri kinn eða kjálka. Ákærði hafði ekki tekið eftir þessu áður en hann fór að hitta Sigurð Óttar og er sannfærður um að blóð var ekki á andliti mannsins. Kveðst hann hafa farið að þjarka um þetta við Sævar Marinó, en hann hélt því fram, að blóðið hefði alltaf verið. Ákærði man ekki vel hvar Guðjón var, en minnir, að hann hafi annað hvort verið við bílinn eða inni í honum. Þegar ákærðu voru sannfærðir um að maðurinn væri láttinn, fóru þeir að ræða um hvað gera skyldi. Ákærði kveðst fyrst hafa lagt til að maðurinn yrði skilinn eftir í þeirri von að hann myndi e.t.v. ranka við sér. Sævar Marinó vildi hins vegar setja hann inn í Volkswagen bifreiðina og flytja hann á brott. Guðjón var viðstaddir umræðurnar, en ákærði man ekki hvort hann lagði eitthvað til málanna. Maðurinn var síðan settur inn í bifreiðina og komið fyrir í aftursæti. Hjálpuðust þeir allir að við þetta. Maðurinn var settur í sitjandi stellingu vinstra megin í aftursæti og láttinn halla aftur og til vinstri að hliðarrúðunni. Þegar búið var að koma manninum fyrir í sætinu var einhver flík breidd yfir höfuð hans, og minnir ákærða, að það hafi verið kápa, sem

Erla hafði gleymt í bifreiðinni, þegar hún fór. Þeir fóru nú á brott á bifreiðinni og óku um Keflavík til þess að leita að Erlu, en hún fannst ekki. Var þá ekið áleiðis til Reykjavíkur.

Ákærði kveður þá hafa verið mjög óttaslegna yfir því, sem gerst hafði, þar sem eigi hafði verið reiknað með þessum málalokum. Voru þeir að ræða um hvað gera ætti við líkið. Var rætt um það að skilja það eftir á Alftanesi og einnig að koma því fyrir í hitaveitustokk og átti Guðjón þá hugmynd. Loks var afráðið að fara með líkið og geyma það í kjallaranum heima hjá ákærða að Grettisgötu 82, þar til búið væri að taka nánari ákvörðun um, hvar ætti að koma því fyrir. Síðan var farið með líkið að Grettisgötu 82. Ákærði fór inn í húsið aðaldyramegin og opnaði bakdyr þar sem líkið var flutt inn í húsið. Var farið með það inn í kjallara og hjálpuðust ákærðu allir við að bera það þangað inn. Líkið var fyrst sett á rimlaborð í þvottahúsinu, en þar sem ekki var hægt að læsa þvottahúsinu, braut ákærði unni var mikið af dóti. Ákærði kveðst hafa tekið seðlaveski mannsins úr brjóstvasa hans. Tók hann fimm þúsund krónurnar úr veskinu og sló eign sinni á þær. Veskið geymdi ákærði þangað til daginn eftir, en reif það þá sundur ásamt innihaldi þess og skolaði því niður um klósettið að Laugavegi 32. Ákærði kveðst hafa eitthvað litið á persónuskilríkin og minnist hann sérstaklega ökuskirteinis. Ákærði man ekki sérstaklega eftir nafninu á því, en er ekki í neinum

vafa um að skilríkin hafi tilheyrt Geirfinni Einarssyni. Man ákærði eftir myndinni af Geirfinni í ökusírteininu og er öruggur um, að um hann hafi verið að ræða. Ákærði man að Geirfinnur var klæddur í dökka úlpu og dökkar buxur.

Ákærði sér í dóminum teikniblýant, sem ljósmyndin er af á 25 E undirbygging. Ákærði afhenti rannsóknarlög-reglunni þennan teikniblýant. Ákærði kveðst hafa tekið teikniblýantinn úr brjóstvasanum á jakka Geirfinns, en ekki úr buxnavasanum. Ákærði geymdi blýantinn heima hjá sér í skrifborðsskúffu. Telur ákærði sig alveg öruggan um að hann hafi tekið blýantinn af Geirfinni. Ákærði kveður þá Guðjón hafa vafio líki Geirfinns inn í leðurlíkisdúkinn og bundið síðan lauslega utan um með snæri. Sævar Marinó tók ekki þátt í þessu. Líkið var síðan lagt endilangt á gangveg í geymslunni og snéri með höfuðið í átt að glugga, en að því búnu læstu þeir geymsluhurðinni.

Guðjón fór fyrst út og færði bifreiðina út úr sundinu. Fór Sævar Marinó út á eftir honum og ræddi við hann, en kom skömmu síðar aftur og dvaldist hjá ákærða. Gaf ákærði honum Valium að beiðni hans. Sævar Marinó fór út á Hlemmtorg til að ná í leigubifreið í því skyni að fara heim til sín. Hann hætti við það og kom aftur til ákærða og dvaldist hjá honum til morguns. Á meðan Sævar Marinó var í þessari ferð, kom Sigurður Óttar. Fór hann að spyrja ákærða hvað þeir hefðu verið að gera í Keflavík, en ákærði vildi ekkert segja honum um það. Reiddist Sigurður Óttar út af þessu og fór hann brátt að sofa. Sævar Marinó og

ákærði sátu í litlum sófa, sem var þarna í herberginu til morguns, en þá fóru þeir út og skildust leiðir þeirra á móts við Grettisgötu 74.

Seinni hluta fimmtudagsins 21. nóvember hringdi Sævar Marinó til ákærða að Laugavegi 32. Var ákveðið að þeir skyldu hittast heima hjá ákærða að Grettisgötu 82. Ákærði fór þangað fótgangandi en Sævar Marinó og Erla komu þangað á Land Rover bifreið og ók Erla. Ók hún inn í sundið að garðshliði bak við húsið. Ákærði og Sævar Marinó fóru og fluttu lík Geirfinns fram í þvottahúsið og lögðu það á gólfíð. Þeir bundu betur utan um það með nylonbandi. Síðan báru þeir líkið að bakdyrunum. Ákærði tók líkið par í fangið og bar það að afturhurð Land Rover bifreiðarinnar. Sævar Marinó opnaði hurðina og var líkið sett inn í bifreiðina. Ákærði man eftir tveimur skóflum, sem voru í bifreiðinni við bakið á framsætinu.

Ákærði sér skóflu þá, sem Einar Jónsson afhenti og Guðjón Skarphéðinsson var sagður hafa haft að láni. Kveður hann að um sams konar skóflur hafi verið að ræða. Erla beið uppi í herbergi ákærða á meðan verið var að bera líkið út í bifreiðina og koma því þar fyrir. Ákærði sótti Erlu og ók hún bifreiðinni áleiðis upp í Rauðhóla. Á leiðinni fór Sævar Marinó að ræða um það að best væri að grafa líkið í Rauðhólunum, þar sem þar væri friðað svæði og virtist svo sem hann væri þegar búinn að ákveða þetta. Ákærði andmælti þessu fyrst í stað og benti á að best væri að fela líkið í Hafnarfjarðarhrauni. Sævar Marinó vildi það ekki,

og þar sem ákærði vildi fyrir hvern mun losna við líkið úr kjallaranum, létt hann til leiðast. Ákærði man ekki eftir að numið hafi verið staðar til að taka bensín á Ártúnshöfða.

Ákærða er bent á það, er greinir í skýrslu hans hjá rannsóknarlöggreglu um þetta atriði. Ákærði kveður þetta ekki á rökum reist og sé þetta komið frá löggreglumönnum. Ákærði minnist þess ekki að neitt bensín hafi verið haft með í ferðina og það notað til að kveikja í líkinu. Ákærði tekur þó fram, að hann hafi verið mjög drukkinn. Þegar í Rauðhóla kom, var beygt til hægri og ekið áfram nokkurn spöl uns numið var staðar við allháan rauðamalarvegg.

Þar grófu ákærði og Sævar Marinó líkið. Áður en þeir mokuðu yfir það kveðst ákærði hafa reitt sinu og látið ofan á líkið, en Sævar Marinó síðan kveikt í. Lítill bruni varð af þessu og slökkti ákærði eldinn fljótlega. Ákærði varð ekki var við að neitt bensín væri notað. Ákærði kveður að þau hafi verið þarna seinni part dags og aðeins farið að rökkva. Ákærði man eftir að óþefur gaus upp og virtist honum líkið hreyfast. Ákærðu mokuðu síðan yfir líkið og dreifðu úr efni því, er ekki komst í gryfjuna, og gengu þannig frá, að sem minnst ummerki sæjust.

Ákærði hefur bent löggreglumönnunum á þann stað, sem hann telur að líkið hafi verið grafið.

Ákærði skýrir frá því, að Sævar Marinó hafi hringt í sig daginn eftir eða svo og sagt sér að hann hafi grafið líkið upp og grafið það annars staðar í Rauðhólum. Fóru

þeir saman upp í Rauðhóla nokkru síðar og sýndi Sævar Marinó ákærða hvar hann hefði grafið líkið. Sagðist Sævar Marinó hafa fengið aðstoð manna, sem hann ekki nafngreindi við að flytja líkið. Ákærði kveðst hafa sagt lögreglunni frá þessu, en veit ekki að hve miklu leyti lögreglan kannaði petta. Ákærði kveðst ekki vita hvar lík Geirfinns er niður komið, umfram það er að framan greinir.

Ákærði staðfestir skýrsluna hjá rannsóknarlöggreglu frá 14. janúar 1977 með áorðnum breytingum.

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 17.40.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Guðmundur T. Guðmundsson.

Ar 1977, föstudaginn 13. maí, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Lagt er fram:

Nr. B XI. Afrit af bréfi Páls Arnórs Pálssonar, hdl.
Fylgir.

Mættur er sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari.

Kl. 10.10 kemur í dóminn ákærði, Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Með honum mætir verjandi hans, Páll A. Pálsson, hdl.

Ákærði skýrir frá því, að hann kannist ekki við neinn mann, sem er kallaður Geiri og fengist hafi við ólöglega áfengissölu í Keflavík. Sævar Marinó nefndi mann pennan aldrei svo ákærði heyrði.

Ákærði kveðst hafa heyrt talað um smygl á spíritus á árinu 1974, en ekki man hann eftir að haft væri á orði að það ætti sér stað í Keflavík. Ákærði man eftir því, að í september-október 1974, bað Sævar Marinó hann að koma með í eitthvert ferðalag, er fara átti í sambandi við einhvers konar spíraviðskipti. Kom einhver ókunnugur maður og sótti ákærða að Grettisgötu 82 og ók honum inn á Hjalla- veg heim til Sævars Marinós. Ákærði kveður þau Erlu og Sævar Marinó hafa komið inn í bifreiðina á Hjallavegi, en því næst var ekið að veitingahúsinu Klúbbnum. Ókunni maðurinn, sem ók bifreiðinni fór þar inn og dvaldist þar nokkra stund. Þegar hann kom aftur var ekið eitthvað, en hvert, man ákærði ekki. Sævar Marinó sagði ákærða að ekkert yrði úr viðskiptum þessum. Ákærði kveðst engar upplýsingar geta gefið um mann þann, er ók bifreiðinni.

II. Rangar sakargiftir:

Ákærði vill ekki viðurkenna að það sé rétt, sem

honum er gefið að sök í þessum kafla ákærunnar.

Framburðir ákærða í rannsóknarlöggregluskyrslum 23. og 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl 1976, svo og framburðir ákærða í dómi 31. mars og 6. og 8. apríl sama ár eru nú raktir.

Ákærði kannast við undirskrift sína undir framan-greindar löggregluskyrslur. Hann kveður þó skýrslur þessar ekki efnislega réttar.

Ákærði kannast við að hafa gefið domskýrslurnar en efnið í þeim sé aðallega komið frá lögreglumönnum. Ákærði kveður sér hafa verið meinað um að hafa réttargæslumann sinn viðstaddan í þinghöldum. Hann hafi marg borið fram óskir um það, en því hafi ekki verið sinnt.

Ákærði gaf fyrst skýrslu hjá lögreglu í svokölluðu Geirfinnsmáli 23. janúar 1976. Nokkru áður en ákærði gaf þessa skýrslu segir hann, að Örn Höskuldsson, fulltrúi, hafi komið inn í klefann til sín í fangelsinu við Síðumúla, þar sem ákærði var þá í gæsluvarðhaldi. Örn fór að ræða við ákærða og sagði honum að hann ætti að segja það, sem hann vissi um Geirfinnsmálið. Sama dag var ákærði færður í yfirheyrsluherbergi og fóru rannsóknarlöggreglu-mennirnir Eggert Bjarnason og Sigurbjörn Viðir Eggertsson að ræða við hann um framangreint mál.

Kl. 12.00 er gert hlé á þinghaldinu.

Kl. 13.35 kemur fyrir dóminn að nýju ákærði Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Akærði skýrir nú svo frá: "Ég var kallaður fram í yfirheyrslu eftir að Örn Höskuldsson kom og talaði við mig. Lögreglumennirnir Eggert Bjarnason og Sigurbjörn Víðir sögðu við mig, að ég hefði farið til Keflavíkur, er Geirfinnur hvarf. Einnig hafði Gunnar Guðmundsson sagt mér áður, að ég hefði farið í bíl til Keflavíkur ásamt Erlu, Sævari og þriðja manni, sem hann nafngreindi ekki. Örn Höskuldsson fór að spyrja mig út í Einar Bollason áður en ég gaf skýrsluna 23. janúar. Hann spurði mig hvort ég þekkti Einar og ég vissi hvers konar maður Einar væri. Ég sagðist vita að hann væri bróðir Erlu, en sagðist ekki þekkja hann.

Sigurbjörn Víðir fór að spyrja mig um Klúbbinn og hvort ég hefði farið þar upp í bílinn til Keflavíkur. Ég minntist þess ekki að hafa farið til Keflavíkur, en taldi það alveg skaðlaust þó að ég segði það. Lögreglumennirnir vildu láta mig segja sjálfan í hvernig bíl ég hefði farið og sagði ég að ég hefði farið í rútu eða sendiferðabíl. Mér var sagt að Erla hefði sagt að Einar Bollason hefði verið bílstjórinn. Ég gaf skýrslu um þetta 23. janúar til að fá að vera í friði til að rifja upp Guðmundarmálið. Staðháttum var lýst fyrir mér í skýrslunni. Ég var spurður um sjóferð, en ég neitaði að skýra frá því, enda mundi ég ekki eftir neinni slíkri ferð.

Dagana þangað til ég gaf næstu skýrslu sagði Sigurbjörn Víðir mér, að fleiri manns hefðu sagt, að ég hefði

verið í Keflavík með þeim mönnum, er í skýrslu minni 27. janúar greinir, þ.e. Einari Bollasyni, Magnúsi Leópoldssyni, Valdimar Olsen, Sigurbirni Eiríkssyni og Jóni Ragnarssyni auk Erlu og Sævars Marinós. Órn Höskuldsson nefndi fyrst við mig Einar Bollason, Valdimar Olsen og Jón Ragnarsson. Högni Einarsson, fangavörður, nefndi við mig Magnús Leópoldsson, sem hann fullyrti að ég þekkti. Sigurbjörn Víðir nefndi Sigurbjörn Eiríksson. Ég kannaðist við af afspurn Einar Bollason, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson, en ég þekkti þá ekki í sjón nema Valdimar. Ég hafði séð myndir af þeim Einari Bollasyni og Sigurbirni Eiríkssyni. Mér voru sýndar nokkrar myndir og var þar á meðal mynd af Einari Bollasyni. Átti ég að benda á myndina af Einari, en benti á mynd af öðrum manni. Var mér þá sagt hvaða mynd væri af Einari Bollasyni.

Í skýrslu þeirri sem ég gaf 27. janúar kemur fram ýmislegt, sem löggreglumennirnir sögðu mér. Þeir sögðu að ég hafði farið í sjóferð og einnig lýstu þeir bifreiðunum, sem farið hefði verið á, þeir lit og tegund. Ég man eftir því t.d. í Guðmundarmálínu, að ég sagði að við hefðum verið á Volkswagen bifreið, en Eggert Bjarnason sagði mig ljúga því og var bókað að við hefðum verið á gulri japanskri bifreið.

Órn Höskuldsson kom til mínn í klefann og sagði mér að menn sæktaðust eftir lífi mínu og sagðist Órn enga ábyrgð geta tekið á hvað fyrir kæmi. Sagði Órn að ég mundi vita hvaða menn petta væru og létt í það skína að hann vissi það,

og að ég gæti með framburði mínum komið í veg fyrir það. Jafnframt fóru fangaverðir upp á þak fangelsisins og gerðu þar mikinn hávaða. Ég var í klefa nr. 17, en Sævar í klefa nr. 15. Fangaverðir skiptust á að vera í klefa nr. 16 og lömdu í veggina svo að ekki var svefnfriður á næturnar. Högni Einarsson kom inn í klefann til míni tvisvar að nóttu til og fór að spyrja mig sérstaklega hvort ég þekkti Magnús Leópoldsson. Örn Ármann var með honum og sagði að ég hefði verið að drekka spíra eða áfengi ókeypis í Klúbbnum. Það væri hægt að sýna starfsfólkinu myndir og mundi það þekkja mig.

Ég var veikur fyrir. Ég hafði fengið áfall í sambandi við Guðmundarmálið. Ég var máttlaus alla daga og gat ekki sofið á nóttunni fyrir látum í fangavörðunum. Ég var orðinn alveg ruglaður. Ég fór marg sinnis fram á að fá að tala við sálfræðing eða geðlækni, en því var ekki sinnt, fyrr en Hallvarður Einvarðsson krafðist þess við dómsyfirheyrslu. Ég margneitaði að gefa skýrslur á þessa menn og að ég hafi farið í sjóferð, en það var gengið svo fast á mig og Örn Höskuldsson sagði að ég fengi frest til kl. 8 um kvöldið 27. janúar til þess að gefa skýrslu. Hvað átti að gerast vissi ég ekki, en fangaverðir voru farnir að ganga á klefana og dingluðu kylfum framan í manni. Ég vissi ekki hvað mundi gerast og var orðinn hræddur. Ég létt því undan og gaf skýrsluna, bæði til að kaupa mér frið til að geta hugsað um Guðmundarmálið og einnig vegna þess, að ég var farinn að trúá því, sem mér var sagt um málið.

Eftir að ég gaf skýrsluna 27. janúar var ég láttinn í friði. Stuttu eftir að ég gaf skýrsluna fór ég fram á að fá að taka hana til baka og sagði Sigurbirni Víði og Magnúsi Magnússyni það, en því var ekki sinnt fyrr en 2. mars".

Vakin er athygli ákærða á dómskýrslu peirri, er hann gaf 31. mars 1976. Ákærði kannast ekki við það, að það hafi verið samantekin ráð ákærðu, Sævars Marinós, Erlu og Guðjóns að blanda ofangreindum mönnum í Geirfinnsmálið. Það sem fram hefur komið um þetta í málinu segir ákærði aldrei hafa verið orðað við sig.

Ákærða er bent á framburði Erlu og Sævars Marinós um þetta í sakadómi 22. desember 1976. Ákærði kveðst ekki kannast við það, sem Sævar Marinó og Erla segja. Hann hafi aldrei rætt það við þau að blanda öðrum í málíð og Guðjón Skarphéðinsson hafi ekki komið heim til sín nema í eitt skipti, þegar lík Geirfinns var flutt þangað. Hann kveðst ekki hafa hitt Erlu eftir að lík Geirfinns var flutt upp í Rauðhóla. Hann man þó eftir að hafa séð hana einu sinni í bíl á Laugavegi, en hann ræddi ekki við hana.

Ákærði minnist þess ekki að hafa sagt það, er fram kemur í dómskýrslu hans frá 31. mars 1976 um Einar Bollason, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson, en þó geti það verið. Hann hafi verið farinn að trúá þessu. Hann hafi sagt í upphafi þinghaldsins að þetta væri allt vitleysa, en ekkert hafi verið hlustað á sig. Ákærði telur að sagan um tengsl ofangreindra manna við mál þetta sé komin frá ákærðu Erlu Bolladóttur og hafi lögreglumennirnir trúað ákærðu.

Ákærði þekkti ekki Guðjón Skarphéðinsson, er ók
þeim til Keflavíkur. Honum var sagt að Einar Bollason
hefði verið bílstjórinn og kveðst ákærði því hafa álitioð
að svo væri m.a. vegna þess að þetta var haft eftir Erlu.

Ákærði skýrir frá því, að hann hafi fengið lyf aðal-
lega hjá Páli Konráði Þormar Konráðssyni og einnig fleiri
mönnum seinni part ársins 1974. Var ákærði meira og minna
undir áhrifum lyfja í rúma 4 mánuði frá því í september
1974 fram yfir áramótin 1974-1975. Kveður ákærði hafa
verið um að ræða Amfetamin, Dexamfetamin, Dobesin, Valium,
Dextitrin og Mebumalnatrium. Með lyfjum þessum neytti
ákærði einnig áfengis. Ákærði tók alla daga eitthvert
magn af lyfjunum stundum stóra skammta og var meira og minna
í vímu. Ákærði hefur og notað hass og LSD, en ekkert að
ráði.

Ákærði kveður lyfjaneysluna hafa leitt til þess að
minni hans um atburði á þessu tímabili er mjög skert. Er
sérstaklega erfitt að muna atburði í samhangandi röð.

Ákærði man eftir því, að eitt sinn á tímabilinu 23.
til 27. janúar, er hann var staddur í yfirheyrluherbergi
með Eggerti Bjarnasyni í Síðumúla, var Eggert að tala við
einhvern mann í síma. Eggert sagði við ákærða, að manns-
líf væri í veði og í símann sagði hann að Magnús Magnússon
og Háraldur Árnason væru komnir vopnaðir á staðinn. Ákærði
spurði ekkert út í þetta nánar, en þetta átti að vera tengt
Keflavíkurför hans.

Upplesið, játað rétt.

Ákærði óskar sérstaklega bókað að skýrsla hans frá 20. september 1976 um flutning á pokum úr kjallaranum að Grettisgötu 82 í Hafnarfjarðarhraun sé ekki rétt.

Upplesið, játað rétt.

Vakin er athygli ákærða á því, er hann hefur sagt í þinghöldum 6. og 8. apríl 1976. Varðandi framburði þessa skýrir ákærði frá því, að hann hafi ruglast á Einari Bolla-syni og Guðjóni Skarphéðinssyni, sem ökumanni bifreiðar-innar. Ákærði kveður framburð sinn um Valdimar Olsen ekki vera réttan, en hann hafi verið búinn að bíta þetta svona í sig. Hafi það er hann sagði, ekki verið gert af illgirni eða til að koma Valdimar í klandur.

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 16.20.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Asta Einarsdóttir.

Guðmundur T. Guðmundsson.

Ár 1977, mánudaginn 16. maí, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Armanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinars-son saksóknari.

Kl. 10.00 kemur í dóminn sem vitni Guðny Sigurðardóttir, Hólabraut 10, Keflavík, fædd 19/12 1948.

Vitnið er áminnt um sannsögli.

Vitnið segir að þau Geirfinnur Einarsson hafi kynnst er þau unnu bæði í frystihúsi í Keflavík á árinu 1963. Þau gengu í hjúskap 20. desember 1964. Þau bjuggu ætíð í Keflavík á 3-4 stöðum, en síðustu 2-3 árin bjuggu þau að Brekkubraut 15 þar í bæ. Þau áttu tvö börn saman, dreng sem fæddur var 1964 og stúlku fædda 1970.

Vitnið segir að Geirfinnur Einarsson hafi stundað ýmis störf, en síðustu árin hafi hann unnið á vélum hjá Ellert Skúlasyni m.a. við Búrfell, Þórisvatn og Sigöldu. Var hann þá oft að heiman allt að 10 daga í senn. Geirfinnur hafði stundað nám í barnaskóla, en ekkert frekara nám.

Vitnið segir að Geirfinnur hafi haft all góðar tekjur síðustu árin og enda þótt þau hafi staðið í íbúðarkaupum, hafi þau ekki átt í neinum sérstökum fjárhagserfiðleikum. Hafi þau vel komist yfir að greiða þær skuldir, er á þeim hvíldu.

Vitnið segir að heilsufar Geirfinns hafi verið gott, en þó hafi hann stundum kvartað um verk fyrir hjarta, en þó ekki viljað fara til læknis af því tilefni. Ekki hafi

verið um neina taugaveiklun að ræða hjá honum eða þunglyndi og hafi hann yfirleitt verið mjög rólegur.

Vitnið segir, að Geirfinnur hafi yfirleitt neytt áfengis er hann var heima um helgar, en hann hafði vinnu frá heimili. Um óreglu hafði þó aldrei verið að ræða og hafi yfirleitt aldrei fallið niður vinnudagar vegna áfengis-neyslu hans nema þá helst, er honum var boðin vinna um helgar. Þau hafi farið að jafnaði einu sinni í mánuði út að skemmta sér og þá einkum farið á dansleiki. Segir vitnið að Geirfinnur hafi mjög sjaldan farið út af heimilinu, en það hafi þá helst verið til að fara í kvíkmyndahús. Hann hafi átt fáa félaga, en besti vinur hans hafi verið Georg Valentínusson. Hafi þeir saman bruggað áfengi á heimili vitnisins og Geirfinns, en það var einungis til eigin nota og aldrei selt af því. Vitnið vissi ekki til að Geirfinnur stæði í neinu ólöglegu atferli eða hefði samband við menn, er slíkt stunduðu.

Vitnið segir, að Geirfinnur hafi farið að kvöldi sunnudagsins 17. nóvember 1974 í bíó kl. 7 ásamt vinnufélögum sínum Þórði Ingimarssyni og Birni, sem vitnið telur vera Matthíasson, en er þó ekki visst. Eftir bíósýningu hafi Geirfinnur komið heim og sagt, að þeir félagarnir hefðu áhuga á að fara í Klúbbinn og spurði hann vitnið hvort í lagi væri að hann færí og hvort það vildi koma með. Vitnið vildi ekki fara, en kvað sér vera sama þótt hann færí. Ekki sá vitnið ölvunarmerki á Geirfinni, en það hafði grun um að Björn hefði verið með áfengi á kvíkmynda-

sýningunni.

Vitnið segir, að um kl. 02 um nóttina hafi Geirfinnur komið heim og hafi hann setið nokkra stund úti í bifreið, er Þórður ók og rabbað við félaga sína áður en hann kom inn. Vitnið segir, að þau hafi rætt eitthvað saman eftir að Geirfinnur kom inn og bauð vitnið honum að borða. Geirfinnur var eitthvað ölvaður, en þó engan veginn svo, að ekki væri hægt að ræða við hann. Vitnið man ekki til þess, að hann hafi haft orð á neinu óvenjulegu, er fyrir hann hefði borið í Klúbbnum og ekki hafi hann nefnt neina menn, er hann hitti utan hvað hann hafi sagt henni, að hann hafi hitt þarna kunningjakonu þeirra að nafni Unnur.

Vitnið segir að daginn eftir hafi Geirfinnur farið til vinnu um kl. 10.00. Vitnið ræddi eitthvað við hann um morguninn og var hann eins og hann átti að sér, nema hvað hann var eftir sig eftir drykkjuna. Kom hann úr vinnu upp úr kl. 18.00 og ekki varð vitnið vart við neitt óvenjulegt í fari hans, nema þá helst það, að hann bölvæði yfir því, að hann næði ekki af sér armbandi, er vitnið átti og hann hafði sett á sig annað hvort á laugardag eða sunnudag þar á undan. Ekki man vitnið til þess að hann hafi rætt um Klúbbferðina, en þó kunni að vera að hann hafi sagt því, að hann hefði hitt fleiri kunningjakonur þeirra þar.

Vitnið segir að Geirfinnur hafi farið til vinnu eins og venjulega þriðjudaginn 19. nóvember og hafi hann komið heim upp úr kl. 18.00. Þau borðuðu u.p.b. kl. 18.30 til 19.00, en er þau höfðu lokið við að snæða líklega um

kl. 19.00 hafi síminn hringt og minnir vitnið að Geirfinnur hafi svarað. Ekki heyrði vitnið neitt hvað hann sagði í símann. Telur vitnið að þetta hafi verið stutt símtal. Vitnið spurði Geirfinn ekkert um það hver hefði hringt og hann ræddi ekki um það við vitnið. Skömmu síðar, eða um kl. 19.30 fór vitnið í bókasafnið í Keflavík og kom heim aftur um kl. 20.30 til 21.00. Var Þórður Ingimarsson þá heima hjá Geirfinni og sátu þeir inni í stofu og horfðu á sjónvarp. Vitnið gaf þeim kaffi og sátu þeir parna allt undir kl. 22.00, en þá fóru þeir Þórður saman út. Minnir vitnið að sonur þeirra hafi spurt Geirfinn hvort hann mætti fara með, en Geirfinnur hafi svarað því neitandi og sagt að hann ætlaði aðeins að skreppa. Gaf hann enga frekari skýringu á því, hvert hann væri að fara og datt vitninu helst í hug, að hann ætlaði að skreppa út á verkstæði Ellerts, sem er í Ytri-Njarðvík. Vitnið vissi að þeir fóru í bíl Þórðar.

Vitnið segir að Geirfinnur hafi komið heim aftur skömmu síðar e.t.v. eftir u.p.b. 15 mínútur. Fór hann úr jakkanum, en rétt í því hringdi síminn. Svaraði sonur þeirra í símann og kallaði síðan í pabba sinn. Sagði sonur vitnisins því síðar að spurt hafi verið um Geirfinn með fullu nafni hans. Vitnið segir að það hafi legið á rúmi inni í svefnherbergi þegar hringt var, en síminn hafi verið frammi á ganginum. Það kveðst hafa heyrt að Geirfinnur sagði í símann: "Ég kom" og síðar í samtalinnu hafi hann sagt: "Ég kem". Telur vitnið að þetta samtal hafi

verið stutt og það hafi ekki heyrt önnur orð frá Geirfinni en þau, sem tilgreind voru. Vitnið segir að þegar eftir þetta símtal hafi Geirfinnur farið aftur út án þess að skýra vitninu neitt frá því, hvert hann væri að fara, enda hafi hann ekki verið vanur að gera það. Eftir þetta kveðst vitnið ekkert hafa séð Geirfinn né frétt af honum.

Vitnið segir að umrætt sinn hafi Geirfinnur verið klæddur blárri mittisúlpu, sem bæði var með rennilás og tölmum. Hún var með hettu og minnir vitnið að hún hafi verið blágrá og loðin að innan. Þá var hann í skyrtu, sem var blá-græn köflótt og stutterma. Var á henni opið lokufall, sem vitnið hafði saumað niður til að þrengja skyrtuna. Hann var í grænum flauelsbuxum og brúnum klossum u.p.b. öklaháum sem voru með rennilás. Vitnið vissi að Geirfinnur var með veski sitt á sér a.m.k. hafi það ekki verið á heimili þeirra. Í veskinu voru ýmis skilríki, svo sem ökuskírteini, vélaskírteini, blóðspjald, en ávisana-hefti var hann ekki með á sér. Vitnið telur að hann hafi enga peninga haft á sér, þar sem hann hafði fengið peninga hjá því, er hann fór út í fyrra skiptið um kvöldið og vitnið bað hann að kaupa fyrir sig sígaréttur, sem hann gerði. Vitnið veit ekki til að neinir peningar hafi verið þarna heima, sem Geirfinnur hefði getað tekið með sér.

Vitninu er sýndur blýantur sá, sem fylgir málinu og ákærði Kristján Viðar Viðarsson kveðst hafa tekið úr vasa Geirfinns Einarssonar. Vitnið man ekki eftir að hafa séð pennan blýant og kannast ekki við að hafa séð slíka

blyanta á heimilinu. Það segir að Geirfinnur hafi oft verið með kúlupenna í skyrtuvasa og stundum einnig í vasa á úlpuermi.

Ekki vissi vitnið til að Geirfinnur ætti neina ó-vildarmenn og hafi hann aldrei látið slikt í ljós við sig.

Vitnið vissi ekki til að Geirfinnur þekkti ákærðu í máli þessu og heyrði hann aldrei nefna nöfn þeirra.

Vitnið kveðst aldrei hafa heyrt Geirfinn nefna nöfn Sigurbjörns Eiríkssonar, Magnúsar Leópoldssonar, Valdimars Olsen og Einars Bollasonar og vissi ekki til að hann þekkti þessa menn.

Vitninu eru kynntar skýrslur, sem rannsóknarlöggreglan í Keflavík og Reykjavík hefur tekið af því. Segir það þær réttar og kannast við undirskrift sína undir þær.

Ekki man vitnið eftir að hafa heyrt um símhringingu til Geirfinns um kl. 17.30 18. nóvember 1974. Geirfinnur hafi, sem fyrr segir, að jafnaði ekki komið heim úr vinnu fyrr en um kl. 18.00.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúá á Guð. Vitnið vann síðan eið að framburði sínum eftir lögmæltan undirbúning.

Vék frá kl. 11.45.

Kl. 11.45 kemur í dóminn ákærði Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Með honum mætir verjandi hans Páll A. Pálsson, hdl.

Sækjandi málsins lýsir því yfir að af hálfu ákæruvalds sé gerð krafa um að gæsluvarðhald ákærða Kristjáns Viðars verði framlengt.

Var nú kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Ár 1977, mánudaginn 16. maí var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af sakadómurunum Gunnlaugi Briem sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt 27. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einarsson, Hraunprýði, Blesugróf hér í borg, í Hafnarfirði og hefur ekki sést síðan. Með ákæru ríkissaksóknara dags. 8. desember 1976 hefur verið höfðað mál á hendur þeim Kristjáni Viðari Viðarssyni, fæddum 21. apríl 1955, til heimilis að Grettisgötu 82 hér í borg, Sævari Marinó Ciesielski og Tryggva Rúnari Leifssyni fyrir að hafa ráðist á Guðmund að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði framangreinda nótt og misþyrmτ honum svo, að hann hlaut bana af. Þá er málid höfðað á hendur ákærða Kristjáni Viðari með sömu ákæru fyrir þjófnað.

Að kvöldi þriðjudagsins 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson, Brekkubraut 15, Keflavík þar í bænum og hefur ekki sést síðan. Með ákæru ríkissaksóknara dags. 16. mars 1977 hefur verið höfðað mál á hendur þeim Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Guðjóni Skarphéðinssyni fyrir að

hafa ráðist á Geirfinn í Dráttarbrautinni í Keflavík þá um nóttna og misþyrmt honum svo að hann hlaut bana af. Málið er einnig höfðað fyrir rangar sakargiftir gegn Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Erlu Bolladóttur, sem einnig er ákærð fyrir eftirfarandi hlutdeild í verknaði ákærðu.

Ákærði, Kristján Viðar Viðarsson, var úrskurðaður upphaflega í gæsluvarðhald hinn 23. desember 1975 vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar og hefur hann setið í gæsluvarðhaldi síðan. Síðasti úrskurðurinn yfir ákærða var kveðinn upp 17. desember 1976. Skyldi ákærði samkvæmt honum sæta gæsluvarðhaldi í allt að 150 daga frá kl. 19.29 þennan dag. Úrskurður þessi rennur því út í dag.

Meðferð máls þessa er ekki lokið. Þykir rétt með tilvísun til 1. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að fram lengja gæsluvarðhaldi ákærða Kristjáns Viðars í allt að 150 daga.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald Kristjáns Viðars Viðarssonar, fram lengist í allt að 150 daga.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Úrskurðurinn var lesinn í heyranda hljóði. Af hálfu ákærða er því lýst yfir að úrskurðurinn verði ekki kærður til Hæstaréttar.

Aðspurður kveðst ákærði óska eftir því, að sitja

í gæsluvarðhaldi að Vinnuhælinu Litla-Hrauni. Ákærði kveðst sætta sig við að sæta sömu kjörum og aðrir fangar þar.

Upplesið, játað rétt.

Dómurinn ákveður að ákærði sitji í gæsluvarðhaldi að Litla-Hrauni.

Ákærði vék frá kl. 12.15.

Kl. 13.35 kemur fyrir dóminn sem vitni Þórður Ingimarsson, verkamaður, Hátúni 8, Keflavík, fæddur 20. ágúst 1949.

Vitnið er áminnt um sannsögli.

Vitnið segir að það hafi kynnst Geirfinni Einarsyni snemma á árinu 1973, en þeir unnu báðir á vélum hjá Ellert Skúlasyni. Urðu þeir nokkuð nánir félagar og hittust oft utan vinnutíma. Segir vitnið að Geirfinnur hafi verið mjög rólegur maður og ekki borið nein einkenni taugaveiklunar eða þunglyndis. Það segir að hann hafi að jafnverið fremur dulur og talað lítið um sín einkamál.

Undir áfengisáhrifum hafi hann hins vegar gjörbreyst að þessu leyti og verið opinn. Hann hafi neytt áfengis eins og gerist og gengur, en vitnið vissi aldrei til að hann missti úr vinnu vegna áfengisneyslu. Ekki vissi vitnið til að Geirfinnur væri í tengslum við menn, er stunduðu ólöglegt atferli eða stundaði síkt sjálfur. Vitnið vissi þó að hann bryggaði eitthvað á heimili sínu til eigin nota. Vitnið telur að Geirfinnur hafi ekki farið mikið á skemmtanir.

Vitnið segir að það hafi farið ásamt Geirfinni og vinnufélaga þeirra Birni Marteinssyni í veitingahúsið Klúbbinn að kvöldi sunnudagsins 17. nóvember 1974, en það var í framhaldi af bíóferð þeirra félaga. Voru þeir í Klúbbnum frá u.p.b. kl. 22.00 til u.p.b. kl. 01.00. Vitnið kveðst hafa verið með Geirfinni þarna í húsinu mest allan tímann og voru þeir aðallega á efstu hæð þess. Björn varð hins vegar viðskila við þá og var aðallega á neðri hæðunum. Vitnið segir að þeir hafi hitt ýmsa Keflavíkinga, er þeir könnuðust við og verið með þeim mest allan tímann. Vitnið segir, að það hafi séð Geirfinn á tali við mann, er það pekkti ekki, en taldi vera gamlan félaga hans. Hafi þeir setið nokkra stund í stiganum upp á efstu hæðina og ræðst við. Ekkert heyrði vitnið á tal þeirra. Vitnið kveðst eiga erfitt með nú, að lýsa þessum viðmælanda Geirfinns, en telur að hann hafi verið fremur hávaxinn. Það telur sig mundu þekkja hann, ef hann sái hann aftur.

Vitninu eru sýndar myndir af ákærðu í máli þessu og kveðst það ekki hafa séð fólk það, er þær eru af áður.

Ekki varð vitnið vart við að Geirfinnur talaði við neinn annan ókunnan mann en þann, sem áður er greindur. Vitnið segir, að þeir hafi eitthvað orðið viðskila í Klúbbnum og það telur einnig, að það hafi farið á undan út, til að hita upp bifreiðina, er þeir voru í. Vitnið segir að Geirfinnur hafi orðið þó nokkuð ölváður í Klúbbnum og hafi verið allræðinn. Það segir að í bifreiðinni á leið til Keflavíkur hafi Geirfinnur talað aðallega um sín fyrri

störf. Hann hafi ekki nefnt það, að við hann hefði verið rætt í Klúbbnum að hann seldi áfengi eða keypti. Varð vitnið ekki vart við neitt sérstakt í tali hans eða framkomu þarna um nóttina, en vitnið ók honum að heimili hans.

Vitnið segir að þeir Geirfinnur hafi hist næsta dag í vinnu enda hafi þeir unnið á sömu vél. Minnist vitnið einskis óvenjulegs í fari Geirfinns eða að hann hafi rætt um nokkuð óvenjulegt. Ræddust þeir yfirleitt lítið við, þar sem þeir leystu hvorn annan af á vélinni. Sama gilti um næsta vinnudag þriðjudaginn 19. nóvember. Að kvöldi þess dags rétt fyrir kl. 21.00 kom vitnið heim til Geirfinns og ætlaði að fá hann með sér í bíó. Geirfinnur kvaðst ekki geta komið, þar eð hann væri að fara að hitta einhverja menn kl. 22.00. Ætti hann að hitta þá við Hafnarsjoppuna. Sagðist hann ekki vita hverjir þessir menn væru, né hvaðan þeir væru og tók vitnið það þannig að hann vildi ekki láta þeir vita um þetta. Ekkert kom fram hjá honum um það að það vita um þetta. Stefningsmót stæði í sambandi við ferð þeirra í Klúbbnum 17. nóvember. Geirfinnur sagði vitninu að hann hefði verið boðaður til þessa stefningsmóts með símtali og ætti hann að koma einn og gangandi. Geirfinnur hafi talað um þetta fremur eins og í gríni og hafi hann m.a. skotið því inn að hann ætti e.t.v. að hafa með sér barefli. Þá hafi hann tal-að um að kona sín mætti ekki vita af þessu og skildist vitninu að það væri krafa þeirra manna er hann ætlaði að hitta. Ekkert ræddi hann um það í hvaða skyni hann ætti að hitta þessa menn.

Vitnið segir að þeir Geirfinnur hafi setið heima hjá Geirfinni fram undir kl. 22.00. Guðny kona Geirfinns kom heim stuttu áður en þeir fóru þaðan.

Vitnið kveðst hafa ekið Geirfinni í bifreið sinni og hafi hann hleypt honum út rétt hjá bílastöðinni við Vatnsnesveg, en þaðan eru 100-200 metrar að Hafnarbúðinni. Ekkert kom frekar fram hjá Geirfinni um stefnumótið eða menn þá, er hann ætlaði að hitta. Sá vitnið hann ekki eftir að Geirfinnur fór úr bifreið vitnisins.

Vitnið segir að Geirfinnur hafi verið klæddur stuttri, blárri nylonúlpu með hettu og grænleitum flanelsbuxum. Þá hafi hann verið í vinnuskóm, er vitnið telur að hafi verið ljósbrúnir.

Vitninu er sýndur teikniblýantur sá, er ákærði Kristján Viðar kveðst hafa tekið af líki Geirfinns. Vissi það ekki til að Geirfinnur ætti slíkan blýant, en segist oft hafa séð hann vera með kúlupenna í vasa á ermi úlpu.

Vitnið kveðst ekki vita til þess að Geirfinnur Einars-son hafi átt nokkra óvildarmenn og sé slíkt afar ólíklegt. Hann hafi verið mjög friðsamur og ekki líklegur til að stofna til slagsmála. Hins vegar hafi hann verið vel byggður og hraustur. Vitnið segir að hann hafi meðal félaga verið kallaður Geiri.

Aldrei heyrði vitnið Geirfinn nefna nöfn ákærðu í málí þessu né vissi það til þess, að hann pekkti þá. Þá heyrði það hann aldrei nefna það, að hann ætti kunningja tengda veitingahúsínu Klúbbnum og það heyrði hann

aldrei tala um Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson,

Valdimar Olsen eða Einar Bollason.

Vitninu er lesin skýrsla þess hjá rannsóknarlöggregl-unni í Reykjavík 7. janúar s.l. og segir það rétt greint þar frá.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúá á Guð.

Vitnið vann síðan eið að framburði sínum eftir lögmæltan undirbúning.

Vék frá kl. 14.50.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, miðvikudaginn 18. maí, var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kl. 10.00 kemur í dóminn sem vitni, Ellert Björn Skúlason, framkvæmdastjóri, Grundarvegi 21, Njarðvík, fæddur 9/10 1935.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið segir að Geirfinnur Einarsson hafi starfað hjá því, er hann hvarf í nóvember 1974, og minnir vitnið, að hann hafi verið búinn að starfa hjá því í tæp 6 ár.

Hafi hann aðallega unnið við stjórn vinnuvéla.

Vitnið segir að Geirfinnur hafi verið afbragðsgóður starfsmaður til allra verka. Hafi hann stundað vinnu sína vel og minnist vitnið þess ekki að vinna hafi fallið niður hjá honum vegna áfengisneyslu eða óreglu.

Vitnið segir að skaphöfn Geirfinns hafi verið nokkuð sérstæð. Gagnvart ókunnugum hafi hann verið eins og þurr á manninn og fámáll, en vinum sínum hafi hann verið góður vinur. Ef hann neytti áfengis breyttist hann töluvert, var þá opnari og ef hann varð ölvatíður að ráði, gat hann verið stríðinn. Vitnið telur að Geirfinnur hafi ekki neytt áfengis meira en gerist og gengur og hafi hann aðallega gert það um helgar, þegar hann neytti þess á annað borð.

Vitnið segir að sér hafi virst Geirfinnur fara vel með fé og hafi það ekki orðið vart við, að hann væri í neinum umtalsverðum fjárhagskröggum. Ekki kveðst vitnið geta sagt að það hafi merkt neina breytingu á hegðan eða framkomu Geirfinns síðustu daga eða vikur, áður en hann hvarf, en það tekur fram, að það hafi ekki hitt hann oft á þessu tímabili.

Vitnið vissi ekki til að Geirfinnur væri á félags-skap manna, er stunduðu ólöglegt athæfi t.d. smygl eða áfeng-issölu, né að hann hafi stundað slíkt sjálfur, og telur

vitnið slíkt fráleitt. Það telur og útilokað að Geirfinnur hafi neytt fíknilyfja, enda hafi hann haft óbeit á slíku. Ekki vissi vitnið til þess að Geirfinnur ætti óvildarmenn. Það segir, að hann hafi verið mjög friðsamur og laus við árásarhneigð, en eins og fyrr segir, getað verið stríðinn undir áhrifum áfengis. Það segir, að hann hafi verið hraustur, og sér sé ekki kunnugt um hvort hann hafi verið sterkur.

Vitninu er sýndur blýantur sá, er ákærði Kristján Viðar kveðst hafa tekið úr vasa Geirfinns. Vitnið kannast ekki við blýant af þessari gerð og telur að hann sé ekki frá fyrirtæki sínu. Hafi fyrirtækið eingöngu látið starfsmenn sína fá kúlupenna.

Vitnið kveðst ekkert hafa hitt Geirfinn eftir að hann fór í Klúbbinn 17. nóvember 1974 og vissi vitnið ekkert um þá ferð, fyrr en eftir að Geirfinnur hvarf.

Vitnið segir að einhvern tíma fyrir hvarf Geirfinns, hafi verið hringt á heimili þess, og spurt um símanúmer Geirfinns. Eiginkona vitnisins svaraði í símann og tjáði spyrjanda að hún vissi ekki um númerið. Hafi maðurinn þá orðið ókurteis. Ekki hafi verið unt að tímasetja hvenær dags þetta hafi gerst, en það hafi þó verið síðdegis eða fyrri hluta kvölds, og einhvern tíma skömmu fyrir hvarf Geirfinns.

Vitnið vissi ekki til að Geirfinnur þekkti ákærðu í máli þessu, og sjálft kveðst vitnið ekki hafa heyrt nöfn þeirra, fyrr en mál þetta kom upp. Ekki vissi vitnið heldur til að Geirfinnur þekkti Einar Bollason, Magnús Leópoldsson,

Sigurbjörn Eiríksson eða Valdimar Olsen, og heyrði hann ekki ræða um þessa menn.

Vitnið segir að Geirfinnur hafi oft verið kallaður Geiri meðal kunningja og vina. Vitnið segir að eftir að petta mál kom upp hafi það heyrt orðasveim um að ákveðinn maður í Keflavík, sem kallaður er Geiri, hafi stundað spíráviðskipti, eða fengist eitthvað við slíkt. Kveðst vitnið hafa gefið rannsóknarlöggreglunni upp nafn í þessu sambandi, sem það man ekki nú og getur ekki frekar um petta borið.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúá á Guð.

Löglega undirbúið vinnur vitnið eið að framburði sínum.

Vék frá kl. 11.00.

Guðlaug Jónasdóttir, Melteigi 6 í Keflavík, var kvödd til vitnisburðar í máli þessu kl. 10.30. Hún er ekki mætt kl. 11.00. Tilkynnti hún í gær rannsóknarlöggreglumönum, að hún myndi ekki mæta.

Kl. 11.10 kemur í dóminn sem vitni, Ásta Elín Grétarsdóttir, verkakona, Vesturgötu 13, Keflavík, fædd 21/10 1958.

Áminnt um sannsögli.

Vitnið segir að það hafi verið statt í Hafnarbúðinni í Keflavík að kvöldi þriðjudagsins 19. nóvember 1974.

Það muni ekki nákvæmlega nú um tímasetningar í þessu sambandi en það hafi á sínum tíma skýrt lögreglunni frá þessu. Vitnið kom snemma um kvöldið og sat þar fram eftir kvöldi. Hafi verið lítið um að vera þarna í búðinni þetta kvöld. Þarna var sjónvarp í gangi en vitnið horfði lítið á það. Vitnið man að Geirfinnur Einarsson, sem það kannaðist við, kom inn í búðina. Hafi hann fengið afgreiðslu þarna við afgreiðsluborð. Ekki kveðst það geta sagt um hvenær kvölds Geirfinnur kom þarna inn né um það, hve lengi hann hafði þar viðvöl. Vitnið segir að nokkru eftir að Geirfinnur var farinn, hafi það veitt athygli manni, sem var ókunnugur, og þar sem vitnið telur sig kannast við flesta í Keflavík, telur það að hann hafi verið utanbæjarmaður. Maður þessi hafi gengið að símanum, sem er fyrir innan afgreiðsluborð og fengið að hringja. Hafi hann talað stutt í símann en ekki gat vitnið heyrt neitt, hvað hann sagði.

Vitnið kveðst ekki muna nú nákvæmlega, eftir útliti mannsins eða klæðnaði. Í lögregluskyrslu hefur það lýst klæðnaði svo, að hann hafi verið í gul-brúnum leðurjakka, sem var beinn niður í sniði, með belti, sem lafði niður og hafi jakkinn verið óhnepptur. Þá hafi hún séð að maðurinn var með belti við buxur sínar. Telur vitnið þetta vera rétta lýsingu.

Vitnið kveðst ekki hafa getað lýst umræddum manni, nema að mjög litlu leyti fyrir lögreglu, þar sem mál þetta hafi fengið mjög á sig og það hafi burrkað út úr huga sínum allt því viðkomandi. Í lögregluskyrslu lýsir það man-

inum svo, að hann hafi verið svolítið rauður í kinnum og hár skollitað og hafi framkoma hans verið örugg. Telur vitnið þetta rétt. Ekki man vitnið hvort maðurinn var hávaxinn eða lávaxinn.

Vitnið kveðst eitthvað hafa verið til ráðuneytis við gerð leirmyndarinnar af mannum, en það hafi verið ósátt við munnsvipinn á myndinni, og einnig hafi hárið verið of snyrtilegt.

Vitnið mætti tvisvar við sakbendingu hjá lögreglu, en ekki sá það neinn í þeim hópum manna, er þar voru, sem það taldi sig geta bent á, sem mann þann, er komið hafði í Hafnarbúðina umrætt sinn og hringt.

Að því er varðar munnsvip mannsins, sem kom í Hafnarbúðina, kveðst vitnið ekki geta lýst honum, en sér hafi fundist hann vera sérstæður og ekki eins og leirmyndin sýndi. Vitninu eru sýndar myndir af ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Guðjóni. Getur vitnið ekkert sagt um það, hvort einhver þessara mynda líkist manni þeim, er kom í Hafnarbúðina. Það segir að er það sá mynd af ákærða Kristjáni Viðari í Dagblaðinu, fannst því honum svipa til leirmyndarinnar.

Vitninu er lesin skýrsla þess hjá lögreglunni í Keflavík 29. nóvember 1974. Segir það hana rétta.

Vitnið ber nú saman leirmyndina og myndir af Kristjáni Viðari Viðarssyni. Vitnið segir að ef munnsvipur Kristjáns Viðars væri settur á leirmyndina, myndi sá maður líkjast meira manni þeim, sem kom inn í Hafnarbúðina.

Hins vegar fannst vitninu maðurinn vera eldri en Kristján Viðar, eða 20-25 ára.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúá á Guð.
Löglega undirbúið vinnur vitnið eið að framburði sínum.

Vék frá kl. 12.15.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Vottar: Haraldur Henrysson.

Hjörðís Þorsteinsdóttir.

Vernharður Kristjánsson.

Ar 1977, föstudaginn 20. maí, var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Kl. 10.10 kemur í dóminn sem vitni Björn Marteinsson, verkamaður, Klapparstíg 4, Njarðvíkurbæ, fæddur 1. mars 1951.

Vitnið er áminnt um sannsögli.

Vitnið kveðst hafa kynnst Geirfinni Einarssyni á árinu 1972, en þeir unnu saman hjá fyrirtæki Ellerts Skúlasonar. Hafi þeir unnið töluvert saman og kynnst þannig, en ekki haft mikil samskipti þar fyrir utan. Það hafi þó ekki unnið neitt með honum mánuðina áður en hann hvarf.

Vitnið segir að Geirfinnur hafi verið kurteis og rólegur í framkomu og hafi hann stundað vinnu sína vel. Hafi það aldrei orðið vart neins óeðlilegs í framkomu hans. Ekki vissi vitnið um hverjir voru félagar Geirfinns utan vinnutíma aðrir en vinnufélagar.

Vitnið segir að það hafi farið í veitingahúsið Klúbbiinn að kvöldi 17. nóvember 1974 ásamt Geirfinni Einarssyni og Þórði Ingimarssyni. Datt þeim í hug að fara þetta eftir ferð í kvíkmyndahús kl. 19.00 umrætt kvöld. Hafi þeir líklega komið í Klúbbinn um kl. 22.00 og verið þar uns húsinu var lokað. Vitnið og Geirfinnur höfðu neytt einhvers áfengis áður en þeir komu þarna og telur vitnið að Geirfinnur hafi verið rétt kenndur.

Vitnið segir að þeir hafi orðið viðskila fljótlega þarna í húsinu og hafi séð lítið hver til annars á meðan þeir höfðu þar viðvöl. Vitnið sá ekki við hverja Geirfinnur ræddi þarna í húsinu og sá hann ekki ræða við neina ókunnuga menn. Vitnið kveðst sjálft hafa orðið nokkuð ölvað þarna.

Eftir dansleikinn hittust þeir þrír félagarnir aftur í bíl þeim, er Þórður var með og ók hann til Keflavíkur. Ekki minnist vitnið neins sérstaks úr samræðum þeirra félaga á leiðinni til Keflavíkur. Það man ekki til þess að Geirfinnur hafi nefnt að hann hafi hitt menn í Klúbbnum, er voru að falast eftir víni hjá honum né yfirleitt að hann hafi rætt um neitt óvenjulegt, sem fyrir hann hefði borið þarna í húsinu. Vitnið kveðst hafa farið úr bifreiðinni fyrstur þeirra félaga við heimili sitt í Njarðvík.

Vitnið kveðst ekki hafa hitt Geirfinn eftir þetta.

Vitnið kveðst aldrei hafa vitað til þess, að Geirfinnur stundaði ólöglegt athæfi, t.d. áfengissölu. Það segir að hann hafi á milli kunningja verið kallaður Geiri. Það kveðst ekki kannast við mann undir því nafni í Keflavík eða nágrenni, sem orðaður sé við áfengissölu.

Ekki vissi vitnið til að Geirfinnur þekkti ákærðu í máli þessu. Vitnið þekkir þá ekki sjálft og kannaðist ekki við þá af myndum, sem birtust í blöðunum.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið er í þjóðkirkjunni og kveðst trúá á Guð.

Vitnið vann eið að framburði sínum eftir lögmæltan undirbúning.

Vék frá kl. 10.36.

Kl. 10.37 kemur í dóminn sem vitni, Sigurður Kristins-son, framkvæmdastjóri, Faxabraut 73, Keflavík, fæddur 28/11 1939.

Vitnið er áminnt um sannsögli.

Vitnið kveðst hafa verið að vinna ásamt Sævari Sig-urðssyni í húsi Olíusamlags Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974. Hafi þeir stimplað sig úr vinnu þar kl. 22.34. Hafi þeir farið frá húsinu í bifreið fyrirtækisins, er Sævar ók strax á eftir. Er þeir komu að húsi Kaupfélags Suðurnesja sem er skáhalt á móti húsi Olíusamlagsins við Víkurbraut, sáu þeir bifreið Geirfinns Einarssonar, sem þeir þekktu standa þar á horni við girðingu, sem er við húsið. Var þetta bifreið af Cortina gerð, sem vitnið minnir að hafi verið dökkgræn. Hafði Sævar orð á því að þetta væri bif-

reið Geirfinns. Telur vitnið að þetta hafi verið u.p.b. mínuðu eftir að þeir stimpluðu sig út. Enginn var í bifreið Geirfinns eða við hana.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúá á Guð. Vitnið vann eið að framburði sínum að loknum lögmæltum undirbúningi.

Vék frá kl. 10.50.

Kl. 10.51 kemur í dóminn sem vitni Sævar Sigurðsson, blikksmiður, Smáratúni 18, Keflavík, fæddur 12. maí 1951.

Aminntur um sannsögli.

Vitnið segir að það hafi ásamt Sigurði Kristinssyni verið að vinna á vegum Olíusamlags Keflavíkur kvöldið 19. nóvember 1974. Að lokinni vinnu hafi þeir farið í hús félagsins að Víkurbraut 13 og stimplað sig þar úr vinnu kl. 22.34. Óku þeir síðan rakleiðis frá húsinu, en vitnið hafði þá þegar veitt athygli bifreið af Cortina gerð, sem stóð við hús Kaupfélagsins á Víkurbraut, en það hús er skáhalt á móti húsi Olíusamlagsins. Stóð bifreiðin rétt við horn girðingar, sem er þar við húsið. Er þeir óku fram hjá bifreiðinni þekkti vitnið einkennisnúmer hennar og að það væri bifreið Geirfinns Einarssonar, sem vitnið kannaðist við í sjón. Ekki minnist vitnið þess að annar hvor þeirra Sigurðar hafi haft orð á því að þetta væri bifreið Geirfinns. Vitnið segir að bifreiðin hafi verið dökkrauð á lit. Það kveðst enga hreyfingu hafa séð, hvorki við bifreiðina eða í henni.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúá á Guð. Vitnið vann eið að framburði sínum að loknum lögmæltum undirbúningi.

Vék frá kl. 11.05.

Hrefna Björg Óskarsdóttir var kvödd fyrir dóm kl. 13.30 og Jóhann Guðfinnsson kl. 14.00, en hvorugt þeirra mætti. Guðmundur S. Jónsson var boðaður kl. 14.30, en var sagður utan borgarinnar og ekki geta mætt.

Kl. 14.45 kemur í dóminn sem vitni, Guðlaug Konráðs Jónasdóttir, húsfrú, Melteigi 6, Keflavík, fædd 18/6 1934.

Áminnt um sannsögli.

Vitnið kveðst hafa verið að störfum við afgreiðslu í Hafnarbúðinni í Keflavík að kvöldi 19. nóvember 1974, en vitnið hafði þá starfað þar í tæp tvö ár. Vitnið segir að mikið hafi verið að gera framan af kvöldinu, en upp úr kl. 22.00 hafi umferð farið að minnka um búðina. Það segir að eftir að hægjast fór um í búðinni hafi Geirfinnur Einarsson komið inn, en ekki kveðst vitnið geta sagt um það nú, klukk-an hvað það hefur verið. Það segir að það hafi verið að horfa á sjónvarp, sem var í gangi þarna, er Geirfinnur kom inn og hafi það afgreitt hann. Keypti Geirfinnur einn pakka af sigarettum og var með peninga í höndunum nákvæmlega fyrir þeim. Einhver orðaskipti áttu sér stað milli vitnisins og Geirfinns, sem vitnið þekkti, enda kom hann nokkuð oft þarna, enda vann þar í búðinni kunningjakona Geirfinns og konu hans, Sjöfn Traustadóttir. Var hann þá oft vanur að setjast niður

og rabba við þær. Minnir vitnið að það hafi spurt hann eitt-hvað á þá leið hvað hann væri að flýta sér því vitninu fannst eins og hann væri á óvenjuhraðri ferð og væri það ólíkt því, sem vaninn væri hjá honum. Ekki minnist það þess að hann hafi svarað þessu, heldur aðeins glott og farið rakleiðis út.

Rétt upp úr þessu fór að fjölgla aftur í búðinni og voru það aðallega sjómenn af bátum í höfninni, sem komu inn og vitnið þekkti. Hins vegar hafi það veitt athygli ungu manni, sem kom inn í búðina og hafi hann litið í kringum sig í búðinni og veitingasalnum, en komið síðan að afgreiðsluborðinu og beðið um að fá að hringja. Vitninu kom maður þessi þannig fyrir sjónir, að það hefði séð hann áður, en gat ekki áttað sig frekar á því. Vitnið segir að maðurinn hafi verið í leður- eða leðurlíkisjakka, brúndröppuðum að lit og hafi verið belti á jakkanum sem hékk laust.

Vitnið hefur lýst manni þessum svo hjá lögreglu, að hann hafi verið grannur, um 1.80 cm að hæð, fremur þykkur til herðanna, með dökkskollitað hár, ljós yfirlitum, auga-brúnir miklar og svolítið sambrýndar en nef frekar stórt. Húð hafi virst heilbrigð, en andlitsfall gróflegt og maðurinn verið rauður í kinnum. Segir vitnið þetta vera rétta lýsingu.

Vitnið kveðst hafa mætt í sakbendingu hjá rannsóknarlögreglu, en ekki séð neinn mann þar, er það taldi vera umræddan mann. Það kveðst hafa séð að Kristján Viðar var í öðrum hópnum við sakbendingu, en það hafði séð hann áður og vissi hver hann var, því vitninu hafði verið bent á hann,

er hann kom eitt sinn í Hafnarbúðina ásamt ákærða Sævari Marinó löngu áður en Geirfinnur hvarf. Vitnið segir að maður sá, er það hefur hér talað um að komið hafi í Hafnarbúðina 19. nóvember 1974 og fengið að hringja þar, hafi ekki verið Kristján Viðar. Hins vegar kunni Kristján Viðar að hafa komið þarna og hringt umrætt kvöld án þess að vitnið veitti því athygli, enda hafi margir fengið að hringja þarna þetta kvöld.

Vitninu eru sýndar myndir af ákærðu í máli þessu. Vitnið kannast við myndir af ákærðu Kristjáni Viðari og Sævari Marinó, en það telur sig ekki hafa séð þá í Hafnarbúðinni umrætt kvöld. Vitninu finnst einnig að það hafi séð ákærða Guðjón, en veit ekki hvar.

Vitnið tekur fram, að maður sá, er bað um að fá að hringja og það hefur hér rætt um, hafi verið mjög stutta stund með símann og hafi það jafnvel talið líklegt að hann hafi ekki fengið svar. Það hafi a.m.k. ekkert heyrta hann tala.

Vitninu er lesin skýrsla þess hjá rannsóknarlöggreglunni í Keflavík 29. nóvember 1974 og segir það hana rétta.

Upplesið, játað rétt.

Aðspurt segir vitnið að ekki hafi verið haft neitt samráð við sig við gerð leirmyndar af manni þeim, er kom í Hafnarbúðina umrætt sinn. Segir vitnið að sér hafi verið sýndar ýmsar myndir, m.a. af Magnúsi Leópolddssyni. Hafi það sagt viðkomandi löggreglumanni, þ.e. Hauki Guðmundssyni, að maðurinn hefði ekki haft ósvipað höfuðlag og svip og Magnús, en það hafi þó engan veginn bent á hann. Kveðst vitnið hafa grunað,

að við gerð leirmyndarinnar hafi verið miðað við mynd af Magnúsi, án þess að það væri á nokkurn hátt gert eftir ábendingu þess, því það hafi fyrst vitað um styttuna eftir að hún hafði verið gerð og sá hana ekki fyrr en mynd birtist af henni í sjónvarpi.

Upplesið, játað rétt.

Vitninu er lesinn framburður ákærða, Kristjáns Viðars hér fyrir dómi um komu hans í Hafnarbúðina að kvöldi 19. nóvember 1974. Af því tilefni segir vitnið, að það hafi notað tvo sloppa við afgreiðslu í búðinni, blágrænan og hvítan. Telji það líklegast að það hafi verið í þeim blágræna umrætt sinn.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúa á Guð. Vitnið vann eið að framburði sínum að loknum lögmaeltum undirbúningi.

Vék frá kl. 16.02.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Vottar: Haraldur Henrysson.

Asta Einarssdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ar 1977, miðvikudaginn 25. maí, var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Armanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari.

Kl. 10.00 kemur í dóminn sem vitni Sigurður Óttar Hreinsson, iðnnemi, Asparteigi 2, Mosfellssveit, fæddur 25. mars 1956 í Reykjavík.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið og ákærði Kristján Viðar Viðarsson eru systrsynir og kveðst vitnið þekkja hann mjög vel. Vitnið og ákærði Sævar Marinó Ciesielski hafa þekkst frá því að þeir voru börn. Vitnið þekkir ákærðu Erlu Bolladóttur, er var með Sævari Marinó á árunum 1974 og 1975. Vitnið þekkir hins vegar ekki ákærða Guðjón Skarphéðinsson og hafði aldrei heyrt hann nefndan.

Vitnið bjó að Grettisgötu 82 árið 1974. Ákærði Kristján Viðar var þar á þeim tíma, en einnig að Laugavegi 32, þar sem hann var að vinna. Vitnið kveður þau Sævar Marinó og Erlu hafa komið mjög oft að Grettisgötu 82. Þangað kom margt fólk og var þar mikil óregla.

Vitnið vann sumarið 1974 við akstur fyrir Jón P. Walthersson á Sendibílastöðinni h.f. við Borgartún. Vitnið ók bifreiðinni R-40045, sem er Mercedes Benz sendibifreið af árgerðinni 1971, gul að lit. Vitnið kveðst hafa starfað á Sendibílastöðinni mánuðina júní og júlí. Vitnið kveðst hafa haldið eftir lykli að bifreiðinni eftir að það hætti á Sendibílastöðinni. Fékk það bifreiðina stundum lánaða

hjá Jóni P. Waltherssyni. Kveðst vitnið hafa beðið Jón P. Walthersson um bifreiðina í hvert skipti, sem það fékk hana lánaða. Vitnið man ekki nákvæmlega hvenær það flutti að Grettisgötu 82, en telur að það hafi verið í ágúst. Síðast í september fór vitnið í ferð til Mallorka og kom aftur seinni partinn í október. Í ferð þessari kynntist vitnið Guðmundi Magnússyni, er vann á bílaleigunni Geysi. Þegar heim kom, fór vitnið að starfa á bílaleigunni og starfaði þar fram undir áramót. Vitnið man eftir að Erla og Sævar Marinó komu á bílaleiguna í a.m.k. eitt til tvö skipti. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við það að þau fengju bíl lánaðan hjá Guðmundi Magnússyni, en kveður það þó geta verið. Vitnið man að Kristján Viðar var í fylgd með þeim, er þau komu á bílaleiguna.

Vitnið skýrir frá því, að það hafi veriðstatt að Laugavegi 32 hjá Kristjáni Viðari skömmu áður en það fór til Keflavíkur á sendibifreið. Þar var einnig staddur Páll Konráð Konráðsson. Vitnið kveður þá Kristján Viðar og Pál Konráð hafa verið að ræða um símtal, sem Kristján hefði átt í veitingahúsinu Mokka skömmu áður. Símtal petta var við Sævar Marinó. Vitnið kveður Kristján Viðar ekki hafa nefnt um hvað símtalið hefði fjallað og ekki nefndi hann að það hefði verið í sambandi við ferð til Keflavíkur. Vitninu finnst þó einhvern veginn að símtal petta hafi verið í sambandi við ferðina.

Vitnið man að kvöldið áður en farið var til Keflavíkur hafi það verið statt á Laugavegi 32 hjá Kristjáni Viðari.

Hafi Kristján farið að orða það við sig, að flytja fyrir sig eitthvað á sendibifreiðinni. Vitnið kveðst hafa spurt Kristján Viðar hvað það ætti að flytja, en hann sagði að það kæmi í ljós, er þar að kæmi. Ekki nefndi hann hvert ætti að fara, né heldur hverjir staðu að flutningunum. Vitnið kveðst hafa verið tregt til að gera þetta fyrir Kristján Viðar, en þó fallist á það og lofað að athuga hvort það gæti fengið sendibifreiðina lánaða hjá Jóni P. Walthers-syni. Um hádegið daginn eftir fór vitnið til Jóns P. Walthers-sonar í verslunina Húsmuni, sem var á horni Vitastígs og Hverfisgötu. Bað vitnið Jón um að lána sér bifreiðina til flutninga og féllst Jón á það svo framarlega, sem sendibíllinn væri ekki í notkun. Jón sagði vitnинu að Guðmundur Valdimarsson, er starfaði í Hegningarhúsinu væri með bifreiðina og mundi hún vera einhvers staðar í nánd við Hegningarhúsið. Vitnið kveðst ekki vita nákvæmlega hvaða dag þetta var, en það hafi verið fyrri part vetrar, og gæti vel verið að það hefði verið 19.nóvember.

Vitnið kveðst ekki muna fyrir víst hvernig veður var, en minnir að það hafi verið pungbúið og logn og jafnvel rigning. Vitnið tekur þó fram, að það muni ekki nákvæmlega um þetta. Vitnið telur að það hafi hitt Kristján Viðar einhvern tímann skömmu eftir að það talaði við Jón og sagt honum að það gæti fengið bifreiðina lánaða.

Vitnið kveður hafa verið ákveðið að það kæmi á sendibifreiðinni að Laugavegi 32 um kvöldið, á tímanum frá kl. 20.00 til 21.00. Vitnið kveðst ekki geta sagt alveg nákvæm-

lega um tímann.

Vitnið kveðst hafa farið eitt síns liðs að sækja bifreiðina R-40045, er stóð á horninu milli Hegningarhússins og Sparisjóðs Reykjavíkur við Skólavörðustíg. Vitnið hafði ekki samband við Guðmund Valdimarsson áður en það tók bifreiðina. Vitnið kveður bifreiðina hafa verið ólæsta, en það hafði kveikjuláslykil hennar, eins og áður greinir. Þegar að Laugavegi 32 kom, gat vitnið ekki lagt bifreiðinni þar, og ók því niður á Vatnsstíg. Kveðst vitnið hafa staðnæmst vinstra megin á Vatnsstíg u.p.b. miðja vegu á milli Laugavegar og Hverfisgötu. Vitnið kveðst hafa farið aðeins út úr bifreiðinni eftir að það hafði numið staðar, en ekkert farið frá henni. Rétt eftir að vitnið var komið á staðinn, sá það Kristján Viðar koma niður Vatnsstíg. Gekk hann til þess og hafði tal af því þar sem það stóð fyrir utan bifreiðina. Vitnið kveður Kristján Viðar hafa sagt því að aka til Keflavíkur. Skyldi það aka í gegnum bæinn og nema staðar þar sem malbikið endaði, og bíða þar eftir sér. Kristján Viðar sagðist koma í annarri bifreið á eftir og lá ljóst fyrir að eitt-hvað fólk yrði með honum, enda þótt hann nefndi það ekki sérstaklega. Vitnið kveðst hafa spurt Kristján Viðar enn, hvað ætti að flytja, en hann hafi svarað á sömu leið og áður. Þegar Kristján hafði haft tal af vitninu, gekk hann upp Vatnsstíg í átt að Laugavegi. Vitnið kveðst að þessu búnu hafa ekið á brott áleiðis til Keflavíkur. Vitnið kveður nokkra umferð hafa verið um götuna, en ekki veitti

það neinni bifreið sérstaka athygli. Vitnið sá ekkiert fólk með Kristjáni Viðari og varð ekki vart við neina bifreið, er hann fór inn í.

Vitnину eru nú kynntir framburðir ákærðu í málinu. Vitnið kveðst ekki muna eftir því er kemur fram í framburðum þeirra umfram það, er það hefur nú skýrt frá. Vitnið man ekki eftir að hafa talað við Sævar Marinó á Vatnsstíg, en þó geti það vel verið. Kveðst vitnið ekki koma því fyrir sig. Kristján Viðar var mikið undir áhrifum lyfja á þessum tíma, en ekki kveðst vitnið muna sérstaklega eftir hvort hann hafi verið með lyfjaáhrifum umrætt sinn.

Vitnið kveðst hafa ekið til Keflavíkur án viðkomu og ekið í gegnum bæinn. Vitnið sá ekki neina bifreið á eftir sér. Það nam staðar á aðalgötunni í Keflavík þar sem malbikið endar. Ekki man vitnið eftir að hafa numið staðar við sjóppu eða söluturn. Vitnið var búið að bíða nokkra stund, á að giska 10-20 mínútur, er það varð þess vart að bifreið var stöðvuð fyrir aftan bifreið þess.

Vitnið kveðst ekki vita um hvernig bifreið var að ræða, þar sem það hafi ekki farið út úr bifreiðinni. Kristján Viðar kom þarna til vitnisins og ræddi við það. Vitnið sat undir stýri bifreiðarinnar á meðan samtalið fór fram og ýtti rúðu til hliðar. Kristján Viðar ræddi stuttlega við vitnið og sagði því, að aka áfram niður í Dráttarbrautina í Keflavík og bíða þar. Kristján Viðar vísaði vitnину hvaða leið það ætti að aka niður í Dráttarbrautina. Skyldi það snúa bifreiðinni þar við, þannig að afturendinn snéri

að sjónum, drepa á bifreiðinni, slökkva ljósin og bíða.

Kristján Viðar fór síðan frá vitninu og hélt að bifreiðinni, sem hann hafði komið á. Vitnið kveðst hafa ekið áfram 100-150 metra inn í Dráttarbrautina og gert eins og Kristján Viðar hafði lagt fyrir það. Vitnið kveðst vera ókunnugt í Keflavík og kveðst hafa ekið alveg eftir leiðbeiningum Kristjáns Viðars. Vitnið man ekki eftir neinu sérstöku í Dráttarbrautinni. Það man ekki eftir neinum bát þar.

Vitninu eru nú kynntir framburðir ákærðu um það, er gerðist fyrst eftir að komið var til Keflavíkur. Vitnið kveðst ekki muna það, er ákærðu segja, þ.e. að þeir hafi hitt það við sjóppu eða bensínstöð rétt áður en ekið er inn í Keflavík. Vitnið kveðst ekki muna til að hafa talað við Sævar Marinó á neinum slíkum stað eftir að til Keflavíkur kom. Það kveðst þó ekki treysta sér til að fullyrða um þetta vegna þess hve langt sé um liðið.

Pegar vitnið hafði beðið nokkra stund í Dráttarbrautinni kom Kristján Viðar til þess að það minnir. Sagði hann því að bíða rólegu. Vitnið sa enga bifreið í Dráttarbrautinni og ekki man það heldur eftir því að hafa heyrt í bifreið. Kristján fór síðan aftur frá því og hélt það áfram að bíða í bifreiðinni. Vitnið man eftir því að það heyrði mannamál í Dráttarbrautinni og fannst eins og rifrildi ætti sér stað. Vitnið veit ekki um hve marga var að ræða, en það gætu vel hafa verið fimm til sex menn. Vitnið hafði ýtt rúðunni til hliðar og lagst aftur í sætið. Vitnið telur sig hafa þekkt málróð Kristjáns Viðars og Sævars Marinós,

en það sá ekkert hvað fram fór. Vitnið heyrði að manna-málið kom úr átt frá sjónum. Það kveðst ekkert hafa séð hvað fram fór vegna myrkurs og eins vegna þess hvernig bifreiðin snéri. Vitnið gat ekki greint hvað sagt var. Það kveðst ekki hafa beinlínis orðið vart við átök en einhvern óróa. Á meðan á þessu orðaskvaldri stóð kom Kristján Viðar hlaupandi til vitnisins og sagði við það eitthvað á þessa leið: "Það verður ekkert úr þessu, þú getur bara farið, þú veist ekkert um málið". Kristján Viðar var móður og virtist í æstu skapi. Hann fór þegar á brott frá vitninu og spurði vitnið hann einskis. Vitnið kveðst hafa ekið á brott og haldið rakleitt til Reykjavíkur. Þegar þangað kom um kl. 24.00, ók það á Umferðarmiðstöðina og tók bensín, en ók síðan að Grettisgötu 82. Vitnið telur að það hafi alls beðið í Dráttarbrautinni um hálf tíma. Vitnið telur að menn þeir, sem það heyrði tala í Dráttarbrautinni, hafi verið um 10-20 metra frá sér, en þó sé það ekki alveg öruggt. Vitnið kveður sér hafa fundist þetta ferðalag grunsamlegt og hafi Kristján aldrei viljað gefa neina skýringu á því, hvað gerst hefði. Vitnið kveðst ekki hafa sett ferðina í samband við hvarf Geirfinns Einarssonar né smygl á spíritus. Vitnið kveður aldrei hafa verið rætt við sig um að það ætti að fá þóknun fyrir ferðina og hafi ferðin verið farin í greiðaskyni við Kristján Viðar.

Vitnið kveðst hafa farið að sofa, er að Grettisgötu 82 kom. Það vaknaði einhvern tíma seint um nóttina, er

Kristján Viðar kom inn til þess, en þeir sváfu í sama herbergi. Fór vitnið enn að spyrja Kristján Viðar um ferðina og hvers vegna ekkert hefði orðið úr flutningnum. Kristján sagði að það skipti ekki máli, það væri hans mál. Frekar var ekki rætt um ferðina og hefur aldrei verið á hana minnst síðar. Vitnið hefur aldrei verið beðið að þegja yfir ferðinni. Vitnið skilaði bifreiðinni R-40045 um kl. 8 morguninn eftir á sama stað og það hafði tekið hana. Vitnið kveðst aldrei hafa orðið vart við það að nokkuð væri falið í kjallaranum að Grettisgötu 82 á umræddum tíma.

Eins og áður greinir sá vitnið enga menn með Kristjáni Viðari í ferðinni, en því var ljóst að einhverjur voru með honum. Vitnið sá ekki heldur bifreiðina, sem hann kom á. Vitnið kveðst ekki hafa farið nema þessa einu ferð til Keflavíkur á sendiferðabifreið árið 1974. Það kveðst einu sinni áður, fyrri part þess árs, hafa farið í Njarðvíkurnar á eigin bifreið, sem er fólksbifreið.

Vitnið lýsir því yfir að það staðfesti skýrslur sínar hjá rannsóknarlöggreglu með áorðnum breytingum.

Vitnið kveðst staðfesta að bifreiðin R-40045 hafi staðið í Dráttarbrautinni svo sem á ljósmyndunum, undirbygging 28 J, greinir.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúá á Guð. Að loknum lögmæltum undirbúningi vann vitnið eið að framburði sínum.

Upplesið, staðfest.

Vék frá kl. 12.50.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ar 1977, fimmtudaginn 26. maí, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Dómurinn getur þess að Ámundi Rögnvaldsson hafi láttist 18. apríl 1977.

Kl. 11.50 kemur í dóminn sem vitni, Guðmundur Sigurður Jónsson, sjómaður, Tjarnarstíg 8, Seltjarnarnesi, fæddur 10. nóvember 1928.

Vitnið er áminnt um sannsögli.

Vitnið segir að það hafi einhvern tíma haustið eða veturinn 1974 verið að aka frá Sandgerði til Reykjavíkur og þá tekið stúlkupp í bifreið sína í Keflavík. Nánar aðspurðt um hvaða dag petta hafi verið segir vitnið, að

það hafi verið í afmæli fóstru sinnar, Kristínar Jóhannesdóttur, Grenilundi 8, Garðabæ að kvöldi 19. nóvember.

Snemma næsta morgun muni það hafa farið suður í Sandgerði til að hitta dóttur sína, sem þar býr. Hafi það haft þar skamma viðvöl og telur það að það hafi verið um kl. 10.00 í Keflavík á leið aftur til Reykjavíkur. Hafi það verið eitt í bifreiðinni.

Vitnið er spurt að því, hvar það hafi tekið umrædda stúlku upp í bifreið sína. Það segir, að í fyrstu hafi það minnt að þetta hafi verið við afleggjarann úr Njarðvíkunum upp á Keflavíkurflugvöll eins og það hafi skýrt rannsóknarlöggreglu frá, en við nánari umhugsun telji það, að þetta hafi verið vestast á Hafnargötu, en vitnið kveðst hafa beygt niður á þá götu, er það kom að bænum frá Sandgerði.

Vitnið sér nú kort af umræddu svæði í Keflavík og telur það að þetta hafi verið nálægt mótum Hafnargötu og Aðalgötu.

Vitnið segir að stúlkan hafi veifað og því hafi það stöðvað. Vitnið segir að stúlkan hafi verið grönn, frekar lágvaxin, skolhærð og gæti hafa verið um tvítugt. Hafi hún verið í bláum snjáðum nankinsbuxum, en ekki í kápu. Ekki fannst vitninu neitt sérstakt athugavert við ástand hennar, t.d. að hún væri sjúskuð eða að henni væri kalt. Það segir að hún hafi í fyrstu beðið um að fá far til Reykjavíkur, en þegar komið var inn undir Stapa hafi hún sagt er vitnið spurði hana hvar hún ynni að hún starfaði í fiskverkunarstöð

í Grindavík. Vitnið tjáði henni þá, að það ynni sjálft í Grindavík og þyrfti að fara þangað til vinnu eftir hádegið þennan dag, en þyrfti þó að fara heim áður. Stúlkan hafi sagt að hún gæti fengið far til Grindavíkur á vegamótum. Vitnið kveðst áður en það sagðist vinna í Grindavík, hafa spurt stúlkuna í hvaða fiskverkunarstöð hún ynni, en ekki fengið neitt fullnægjandi svar við því, og fannst vitninu þetta dálítið undarlegt. Ekki man vitnið eftir að þau hafi rætt neitt sérstakt annað í bifreiðinni.

Vitnið segir að stúlkan hafi farið úr bifreið þess við afleggjarann til Grindavíkur. Vitnið ók rólega af stað og rétt eftir að það ók af stað mætti það vörubifreið, sem það sá að beygði inn á veginn til Grindavíkur og hægði á sér, er það ók fram hjá stúlkunni. Varð vitnið undrandi á því að stúlkan varð eftir og þáði ekki far með bifreiðinni, en vitnið taldi að bifreiðarstjórinn hefði boðið henni það.

Þegar vitnið var að aka niður af Stapanum að norðan ók fram úr því vörubifreið, brúnleit að því er vitnið minnir og sýndist vitninu stúlkan sitja þar við hlið ökumanns, og varð það undrandi á þessu. Ekki fylgdist vitnið með þessari bifreið og hvarf hún því sjónum.

Vitnið segir að það hafi átt rauða Skoda bifreið á þessum tíma. Það sé þó ekki visst um að hafa verið á þeirri bifreið. Það hafi eitt sinn um þetta leyti fengið lánaða bifreið hjá vinnufélaga sínum í Grindavík og hafi þetta verið gömul Moskowitch bifreið, gulgræn að lit að vitnið

minnir og frekar illa farin. Telur vitnið jafnvel sennilegt að það hafi verið á þessari bifreið umrætt sinn. Eigandi bifreiðarinnar var nefndur Lilli og bjó í Grindavík og starfaði hann á pramma með dýpkunarskipinu Gretti, sem vitnið starfaði á.

Vitnið mætti í sakbendingu hjá rannsóknarlöggreglu 30. mars 1976 og benti þar á ákærðu Erlu Bolladóttur, sem líkasta stúlku þeirri, sem kom í bifreiðina. Aðspurt kveðst vitnið telja að það hafi verið hún, sem kom umrætt sinn í bifreið þess. Vitninu er sýnd mynd af ákærðu Erlu og telur að um hana sé að ræða, en tekur fram, að hún hafi ekki verið með gleraugu.

Vitnið segir að skýrsla sín hjá rannsóknarlöggreglu, sem því er kynnt, sé rétt að öðru leyti en því, sem það hefur nú breytt með framburði sínum.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið tekur nú fram, að það sé ekki visst um að stúlkan hafi beðið strax um far til Reykjavíkur, heldur hafi hún spurt hvert vitnið væri að fara. Hafi vitnið svarað að það væri að fara til Reykjavíkur og hafi stúlkan þá gefið í skyn að það hentaði sér. Hafi vitnið skilið það svo, að hún ætlaði til Reykjavíkur, uns hún sagði því að hún væri að vinna í Grindavík.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið segir að það hafi strax og það kom til vinnusinnar í Grindavík umræddan dag nefnt þetta atvik með stúlkuna við vinnufélaga sinn, Sigurvin Hannibalsson, 2. vél-

stjóra á Gretti, Belsugrót 21, Reykjavík.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúá á Guð.

Að loknum lögmæltum undirbúningi vann vitnið eið að framburði sínum.

Vék frá kl. 13.00.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Asta Einarssdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, fimmtudaginn 2. júní, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kl. 11.00 kemur í dóminn sem vitni Hrefna Björg Óskarsdóttir, verkamaður, Hringbraut 45, Keflavík, fædd 16/7 1959.

Áminnt um sannsögli.

Vitnið kveðst hafa verið statt í Hafnarbúðinni í Keflavík að kvöldi 19. nóvember 1974 ásamt Jóni Pétursyni og Jóhanni Guðfinnssyni og hafi þau verið parna á

tímabilinu frá u.p.b. kl. 21.30 til u.p.b. 23.30. Hafi þau setið þar við borð við gluggann. Vitnið pekkti ekki Geirfinn Einarsson í sjón og getur ekkert um það sagt hvort hann kom inn í Hafnarbúðina á þessu tímabili.

Vitnið kveðst hafa séð þrjá til fjóra menn koma inn í Hafnarbúðina á fyrrgreindu tímabili til að fá að hringja, hver í sínu lagi. Það getur ekki lýst þessum mönnum utan að einn þeirra var ungur, 20 - 30 ára með yfirvaraskegg í bláum hvítteinóttum jakka. Þá minnir vitnið að einn þessara manna hafi verið í brúnum leðurlíkisjakka, en getur ekki lýst honum frekar. Það pekkti engan þessara manna fyrir. Það kveðst ekki hafa séð neinn þeirra síðar.

Ekki man vitnið eftir að hafa séð two menn koma saman inn í Hafnarbúðina, annan hávaxinn en hinn lágvaxinn.

Vitninu eru sýndar myndir af ákærðu Guðjóni, Kristjáni Viðari og Sævari Marinó. Kveðst það ekki geta staðhæft hvort það hafi verið einhver þessara manna, sem komu inn í Hafnarbúðina umrætt sinn til að hringja.

Vitnið getur ekki frekar um málsatvik borið.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið gerir kröfu til þóknunar fyrir mætingu. Úrskurðar dómurinn að því skuli greiddar 4000 krónur fyrir ferðakostnað og vinnutap.

Vék frá kl. 11.15.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, mánudaginn 20. júní, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Mættir eru í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinars-son saksóknari, og skipaður verjandi ákærða Sævars Marinós Ciesielski, Jón Oddsson, hrl.

Kl. 10.00 kemur í dóminn sem vitni, Guðmundur Magnús-son, matsveinn, Laugarnesvegi 64, Reykjavík, fæddur 27/7 1923.

Áminntur um sannsögli.

Vitninu eru sýndar myndir af ákærðu í máli þessu.

Kveðst vitnið kannast við þau.

Vitnið kveðst hafa hafið störf hjá bílaleigunni Geysi vorið 1973 og unnið þar fram til áramóta 1975 og 1976. Vitnið var framkvæmdastjóri bílaleigunnar. Bíla-leigan hafði eingöngu Volkswagen bifreiðar, ýmist 1200 eða 1300, til leigu og voru þeir allir ljósbláir að lit. Bifreiðarnar voru kaskótryggðar hjá Samvinnutryggingum þar til

vorið 1975, en þá var hætt að hafa kaskótryggingar.

Vitnið kveðst minnast þess að ákærðu komu á bíla-leiguna, sérstaklega ákærðu Sævar Marinó og Erla Bolladóttir, er voru þar oft. Erla Bolladóttir skipti töluvert við bílaleiguna og eins man vitnið eftir því, að ákærði Guðjón fékk þar bíl á leigu. Ákærðu Sævar Marinó og Kristján Viðar fengu ekki bíl á leigu enda munu þeir ekki hafa haft bílpróf.

Vitnið kveðst ekki minnast þess, að ákærðu Erla Bolladóttir og Guðjón Skarphéðinsson hafi fengið bifreiðar á leigu á árinu 1974 án þess að um það væri gerður samningur. Hins vegar man vitnið eftir því, að Erla fékk bifreiðar að láni án endurgjalds á árinu 1975, eftir að hætt var að kaskótryggja bifreiðarnar. Gerði vitnið þetta í greiðaskyni við Erlu, þar sem hún hafði tekið til í íbúð þess.

Vitninu er nú kynnt það, er kemur fram í framburðum ákærðu Sævars Marinós og Erlu Bolladóttur hjá rannsóknarlögreglu um það að þau hafi fengið bifreiðar leigðar hjá bílaleigunni Geysi án þess að um það væri gerður samningur. Vitnið kveðst ekkert geta staðhæft um þetta, en þykir þetta ólíklegt. Það hafi ekki verið fyrr en á árinu 1975, sem Erla fékk bifreiðar hjá bílaleigunni til afnota án samnings. Vitnið kveðst ekki muna eftir því að Sævar Marinó hafi borgað sér 5000 krónur fyrir bifreið, er hann fékk leigða án þess að gerður væri um það samningur. Vitnið minnist þess ekki að hafa þekkt Erlu Bolladóttur í nóvember 1974, og gæti

því ekki verið að hún hafi verið farin að taka til hjá því á þeim tíma. Vitnið kveður ástæðurnar að það hætti hjá bílaleigunni, hafa verið þær, að það hafði slæmt exem og eins að það þótti ekki nógum heiðarlegt.

Vitnið kveðst hafa haft mjög lág laun hjá bílaleigunni og gripið til þess ráðs að lána bíla án leigusamnings. Rann greiðslan til vitnisins.

Vitnið man eftir því, að þeir Guðjón Skarphéðinsson og Sævar Marinó Ciesielski komu á bílaleiguna snemma sumars 1974 og fékk Guðjón bíl á leigu. Var gerður samningur um leiguna, og man vitnið að það kannaðist við föður Guðjóns. Vitnið kveðst fyrst muna eftir Erlu Bolladóttur, er hún kom á bílaleiguna í fylgd með Sævari Marinó og minnir vitnið að það hafi verið vorið 1975.

Vitnið kveðst staðfesta í öllum atriðum skýrslu þá, er það gaf hjá rannsóknarlögreglunni 21. desember 1976.

Nánar aðspurt kveðst vitnið ekkert vilja fullyrða um það, hvort það hafi lánað Erlu og Sævari Marinó bifreið frá bílaleigunni Geysi í nóvember 1974, svo sem þau hafi haldið fram. Kveðst vitnið geta ímyndað sér að þau hafi stolið bifreið á bílaleigunni, en það hafi verið mjög auðvelt og gert með þeim hætti, að stinga læsinguna á bifreiðinni upp og tengja beint. Kveður vitnið hafa borið nokkuð á þessu á meðan það starfaði á bílaleigunni, aðallega úti á landi. Þetta var yfirleitt ekki kært. Vitnið kveður þetta helst hafa getað gerst að vetri, en þá stóðu oft bifreiðar að næturlagi við bílaleiguna.

Vitnið hefur búið að Laugarnesvegi 64 s.l. 10 ár.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúá á Guð.

Löglega undirbúið vann vitnið eið að framburði sínum.

Vék frá kl. 11.00.

Kl. 11.00 kemur í dóminn ákærði, Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

I. Manndráp.

Ákærði skýrir frá því, að hann hafi verið staddur í veitingahúsinu Klúbbnum, að hann minnir að kvöldi sunnudagsins 17. nóvember 1974 ásamt meðákærða Kristjáni Viðari Viðarssyni og Páli Konráði Konráðssyni. Ákærði kveðst hafa veitt manni athygli, er var ölvaður. Maður þessi var í stiganum fyrir neðan diskótekið í Klúbbnum á 2. hæð. Ákærði kveðst minnast þess, að Kristján Viðar ræddi við mann þennan, en hvort ákærði átti frumkvæðið að því, man hann ekki. Ákærði hafði grun um að Kristján Viðar væri að reyna að ná í veski mansins. Ákærði kveðst hafa gengið til þeirra og farið að ræða við þá. Ákærði spurði manninn hvort þeir hefðu ekki verið saman til sjós, en hann neitaði því. Þetta var aðferð, sem ákærðu notuðu, ef þeir ætluðu að stela veskjum. Ákærði spurði manninn að heiti. Sagðist maðurinn heita Geirfinnur og vera úr Keflavík. Ákærði hafði heyrt að maður í Keflavík, sem kallaður er Geiri, fengist við sölu á spíritus og taldi hann að petta mundi vera hann.

Nánari deili á manni þessum vissi ákærði ekki. Ákærði spurði manninn eitthvað um spíritus og skildi ákærði svar hans þannig að hann hefði eitthvað með spíritus að gera. Ákærði spurði manninn hvort þeir ættu ekki að koma í einhver viðskipti og hafði ákærði þá í huga að Geirfinnur kæmi sér í samband við mann þann, er hann skipti við. Þetta var þó allt í lausu lofti, en ákærði hafði í huga að komast að því, hvar spírinn væri geymdur. Minnir ákærða að hann hafi nefnt 50.000 - 70.000 krónur, eða einhverja ápekká upphæð, sem ákærði væri tilbúinn til að greiða fyrir upplýsingar. Maðurinn gaf ákærða upp nafn og heimilisfang, sem ákærði skrifaði niður, en ekki símanúmer. Ákærði kveðst ekki muna hvort maðurinn gerði þetta ótilkvaddur eða hvort hann bað hann um það. Ákærði kveðst hafa sagt mannum að hann héti Magnús Leópoldsson og væri á vegum Klúbbins. Ákærði sagðist mundu ræða við manninn eftir helgina. Ákærða minnir að hann hafi séð manninn aftur í Klúbbnum og hafi hann þá verið við barinn.

Ákærði sér mynd af Geirfinni Einarssyni, og segir hann, að um hann hafi verið að ræða. Ákærði varð ekki var við, að neinn væri með Geirfinni. Ákærði kveður meðákærða Kristján Viðar hafa heyrt eitthvað af samtalini, en hvort hann heyrði, þegar rætt var um spíraviðskipti, veit hann ekki. Þá telur ákærði hugsanlegt að Páll Konráðsson hafi vitað eitthvað um Geirfinn.

Daginn eftir, hinn 18. nóvember, sagði ákærði Erlu Bolládóttur frá samtalini við Geirfinn og væntanlegum við-

skiptum, en ekki man ákærði, hvar það var, en það gæti hafa verið á heimili þeirra við Hjallaveg. Um kvöldið ók Erla ákærða í Land Rover bifreið, sem þau áttu, heim til Guðjóns Skarphéðinssonar, er þá bjó við Ásvallagötu. Ákærði kveðst hafa farið inn til Guðjóns, en minnir að Erla hafi beðið í bifreiðinni á meðan. Ákærði telur að Guðrún kona Guðjóns, hafi verið heima. Ákærði sagði Guðjóni frá væntanlegum spíráviðskiptum í Keflavík og bauð honum að taka þátt í þeim. Ákærði sagði Guðjóni að hann hefði hitt mann í Klúbbnum, sem fengist við spíráviðskipti og hefði hann boðið honum peninga til þess að hann gæfi sér upplýsingar um, hvar spírinn væri geymdur. Ákærði heldur að hann hafi spurt Guðjón að því, hvort hann gæti lagt fram peninga í þessu skyni til að greiða Geirfinni, en ekki man ákærði eftir því að Guðjón lofaði að leggja fram peninga í þessu skyni og bar hann við lélegum fjárhag. Ákærði kveðst álíta að Guðjóni hafi verið ljóst að taka átti spíránn ófrjálsri hendi og ákvað hann að taka þátt í þessu. Ákærði man að hann hringdi í nokkra staði úr íbúð Guðjóns. Hann kveðst hafa hringt til Kristjáns Viðars að Laugavegi 32. Ákærði kveður einhvern man hafa komið í símann og telur að það hafi verið Páll Konráðsson. Kristján Viðar kom síðan í símann og sagði ákærði honum hvað til stæði. Ákærði man að Kristján spurði um hvort ætlunin væri að ræna spíranum, en ákærði telur, að honum hafi verið þá ljóst. Kristján sagðist geta útvegað sendibíl og geta komið spíranum í umferð. Þá hringdi ákærði í Sigurð Hákonarson, Bergþóru-

götu 27, sem ákærði kveður hafa fengist við vínsölu.

Spurði ákærði Sigurð um verð á spíritus. Sagði Sigurður að þriggja pela flaska af 96% spíritus blönduðum til helm- inga með vatni, væri seld á 2000 krónur. Ákærði kveðst hafa hringt í landssímann og fengið upplýsingar um síma- númer Geirfinns. Ákærði hringdi síðan þangað og spurði eftir Geirfinni. Barn kom í símann og sagði að Geirfinnur væri ekki heima. Ákærði man að hann ræddi eitthvað meira við Guðjón um ferðina til Keflavíkur, og sagði hann honum, að Land Rover bifreið hans væri ekki í lagi. Var þá afráð- ið að fá bíl á bílaleigu. Afráðið var að fara til Kefla- víkur að kvöldi næsta dags. Sagðist Guðjón annað hvort vera heima hjá sér eða á Lambhól við Starhaga. Ákærði og Erla héldu að því búnu á brott.

Kl. 12.00 er gert hlé á pinghaldinu.

Kl. 13.40 er pinghaldinu haldið áfram og er mættur að nýju ákærði, Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Ákærði skýrir frá því, að um hádegisibilið þann 19. nóvember hafi þau Erla farið á bílaleiguna Geysi. Hittu þau að máli mann þann, er annaðist rekstur bílaleigunnar, en ekki kveðst ákærði muna nafn hans. Ákærðu þekktu mann pennan, þau höfðu áður fengið bifreiðar á leigu hjá honum. Ákærðu fengu á leigu Volkswagen bifreið, er var ljósblá að lit. Ákærði kveður engan skriflegan samning hafa verið gerðan, en ákærði létt framangreindan mann hafa 5000 krónur

í peningum. Ákærði segir í þessu sambandi að hann hafi stungið upp á því við manninn, að hafa pennan hátt á, en ákærði hafði áður fengið bíl á leigu á bílaleigu þessari með þessum hætti. Erla ók bifreiðinni síðan inn á Hjalla-veg og var bifreiðin skilin þar eftir. Ákærða er ekkert minnisstætt hvað gerðist pennan dag fram til kl. 18.30, er þau Erla fóru að Grýtubakka 10, þar sem þau borðuðu kvöldverð hjá móður ákærða. Skömmu áður en ákærði fór að Grýtubakka 10, kveðst hann hafa hringt til Keflavíkur í Geirfinn Einarsson, en þó geti verið að það hafi verið eftir að hann kom þangað. Ákærða minnir að einhver annar hafi komið í símann og kallað á Geirfinn. Ákærði kveðst hafa nefnt við Geirfinn samtalið í Klúbbnum og spurt hann, hvort hann vildi hitta sig við Hafnarbúðina í Keflavík klukkan hálf tíu eða tíu um kvöldið. Ákærði sagðist vera með peningana með sér en nefndi ekki neina upphæð. Ákærði sagði sem áður, að hann héti Magnús Leópoldsson. Geirfinnur féllst á þetta. Um kl. 20.00 um kvöldið fóru ákærði, Erla og móðir ákærða á kvíkmyndasýningu á Kjarvalsstöðum og voru þau þar til sýningu lauk. Ákærði hafði talað við Kristján Viðar áður en hann fór á kvíkmyndasýninguna og sagði Kristján að allt væri í lagi með sendibílinn. Eftir kvíkmyndasýninguna óku þau Erla móður ákærða heim til hennar, en síðan ók hún á Hjallaveg og var þar skipt um bifreið. Óku hún og ákærði rakleitt vestur á Ásvallagötu heim til Guðjóns. Guðjón var ekki heima og fóru þau að Lambhól við Starhaga. Guðjón var þar og eitthvað fleira fólk og

er ákærða sérstaklega minnisstæður Rafn Guðmundsson, sem hann kannast smávegis við. Guðjón var á gulri Fiat bifreið og fór ákærði í bifreiðina til hans. Héldu þeir í bifreiðinni á Vatnsstíg, en þar hafði verið ákveðið að hittast. Erla kom ein á Volkswagen bifreiðinni. Ákærði kveður geta verið, að Guðjón hafi komið við á Ásvallagötu áður en hald-íð var á Vatnsstíginn. Erla var komin á staðinn á Volks-wagen bifreiðinni, er þeir komu á Vatnsstíginn. Guðjón lagði bifreiðinni hægra megin á móts við Dún- og fiðurhreins-unina á Vatnsstíg, en Erla lagði hinum megin á götunni. Ákærði fór því næst og sótti Kristján Viðar að Laugavegi 32. Ákærði kveður Pál Konráðsson hafa komið til dyra á Laugavegi 32, er hann knúði þar dyra. Fór hann og sótti Kristján Viðar. Kristján Viðar sagðist hafa verið farinn að bíða eftir ákærða. Kristján Viðar var klæddur í leður-jakka, er var brúnn eða svartur. Hann var með loðskinns-hanska á höndum. Ákærði og Kristján fóru rakleitt niður á Vatnsstíg. Þegar ákærði kom aftur á Vatnsstíginn, hafði Guðjón sest undir stýri í Volkswagenbifreiðinni, en ákveðið hafði verið, að hann æki bifreiðinni til Keflavíkur. Erla sat í aftursætinu beint fyrir aftan Guðjón. Ákærða minnir að þeir Kristján Viðar hafi sest inn í Volkswagen bifreið-inna, Kristján Viðar í aftursæti en ákærði í framsæti við hlið ökumanns. Ákærði kveðst hafa séð sendiferðabifreið af Mercedes Bens gerð á Vatnsstígnum, en man ekki alveg hvenær. Ákærði og Kristján Viðar fóru og töluðu við öku-mann, sem var Sigurður Óttar Hreinsson og er frændi Krist-

jáns Viðars. Ákærði kveður þá Kristján Viðar hafa rætt við Sigurð Óttar um ferðina til Keflavíkur og hvert ætti að aka, er þangað kæmi. Ákærði er helst á því, að þeir hafi ætlað að hitta Sigurð Óttar við einhverja sjóppu í Keflavík og hafi jafnvel Hafnarbúðin verið nefnd í því sambandi. Ákærði telur að ekki hafi verið minnst á Dráttarbrautina áður en til Keflavíkur kom, en þó kunni það að hafa verið. Ákærði kveður sendiferðabifreiðinni hafa verið ekið á brott á undan. Ákærði kveður geta verið að maður hafi verið með Sigurði Óttari, en er ekki viss. Af Vatnsstígnum var ekið niður á Skúlagötu, síðan suður Snorrabraut og þaðan inn á Reykjanesbraut. Ákærði kveður geta verið að bensín hafi verið tekið í Hafnarfirði, en er þó ekki viss. Ákærði kveður það aldrei hafa verið nefnt, að beita Geirfinn líkamlegu ofbeldi. Ákærði kveður þá hafa rætt um það að pressa Geirfinn ef hann yrði neikvæður og eins kveður ákærði geta verið, að hann hafi sagt að þeir skyldu sýna Geirfinni fulla hörku, ef hann væri með einhverja stæla, en ákærða hafði fundist hann áhugalítill, er hann ræddi við hann í símann. Þetta þýddi þó ekki að ákveðið hefði verið að beita neinu líkamlegu ofbeldi. Ákærði hafði meðferðis 70.000 krónur í peningum, sem hann var reiðubúinn að láta Geirfinn fá, ef hann veitti upplýsingar um geymslustað spírans, en ákærði taldi að verið gæti um nokkur hundruð lítra að ræða. Ákærði kveðst ekki vita nákvæmlega hvað klukkan var, er til Keflavíkur kom og hann telur að hún hafi verið orðin vel rúmlega tíu. Ákærði man

að stöðvað var á einhverri bensínafgreiðslustöðu í Njarðvíkum eða Keflavík. Var Sigurður Óttar kominn þangað og ræddu ákærði og Kristján við hann. Var Óttari þá sagt að fara í Dráttarbrautina. Sigurður Óttar virtist þekkja til í Keflavík og vita hvar Dráttarbrautin var. Sigurður Óttar ók síðan á brott á undan þeim. Ekið var eftir aðalgötunni í Keflavík. Ákærði man ekki eftir neinu sérstöku á leiðinni eftir aðalgötunni, en eitthvað fólk var þar á gangi. Ákærði minnist þess ekki að hafa sagt meðákærðu að beygja sig niður, þegar ekið var eftir aðalgötunni af ótta við að löggreglan stöðvaði þau, þar sem um bílaleigu bíl var að ræða, en þó geti það verið. Þessu næst var ekið að Hafnarbúðinni og þar nokkuð fram hjá. Var numið þar staðar og fóru ákærði og Kristján úr bifreiðinni.

Héldu þeir inn í Hafnarbúðina til að svipast um eftir Geirfinni, en sáu hann ekki. Ákærði keypti eitthvað í búðinni og minnir að það hafi verið Viceroy sígarettur. Ákærði kveðst muna eftir því að stúlkurnar, sem afgreiddu parna, voru í bláum sloppum. Ákærðu fóru síðan út úr Hafnarbúðinni. Peir svipuðust um eftir Geirfinni en sáu hann ekki og héldu að bifreiðinni. Síðan var ekið í gegnum Kéflavík og niður í Dráttarbraut. Var verið að svipast um eftir Sigurði Óttari, sem Kristján Viðar ætlaði að ræða við og eins töldu ákærðu að þar mundi spírinn vera geymdur. Numið var staðar ofan við Dráttarbrautina. Ákærði og Kristján fóru þar út úr bifreiðinni, en Guðjón snéri bifreiðinni við á meðan. Engin mannaferð var í Dráttarbrautinni, en

bátur var þar við bryggju að ákærða minnir. Síðan var sest aftur inn í bifreiðina og ekið til baka eftir aðal-götunni. Numið var staðar við sjóppu og fór ákærði úr bifreiðinni til að hringja í Geirfinn. Margt fólk var í sjóppunni og hætti ákærði við að hringja. Þessu næst var ekið aftur að Hafnarbúðinni. Þar var numið staðar og létt ákærði Kristján hafa miða með nafni Geirfinns og símanúmeri. Bað hann Kristján að fara í Hafnarbúðina og hringja þaðan í Geirfinn. Ákærði kveður það geta verið að hann hafi sagt við Kristján Viðar að segja Geirfinni að koma einum að Hafnarbúðinni og vera gangandi. Kristján Viðar fór síðan inn í Hafnarbúðina, en kom til baka eftir skamma stund. Kristján sagðist hafa náð sambandi við Geirfinn og mundi hann koma. Ákærði kveður það geta verið að Kristján Viðar hafi sagt, er út kom, að Geirfinnur hefði spurt um hvort Maggi væri þarna. Kristján Viðar settist síðan inn í bifreiðina á sama stað og áður. Skömmu síðar kveðst ákærði hafa orðið var við að Geirfinnur kom að bifreiðinni. Kallaði ákærði til hans Geiri og svaraði Geirfinnur játandi. Ákærði opnaði síðan bifreiðina. Fór Geirfinnur síðan inn í hana og settist í aftursæti fyrir aftan ákærða eða hægra megin við hliðina á Kristjáni Viðari. Síðan var ekið um bæinn og farið að ræða um viðskiptin. Geirfinnur var þögull og lagði lítið til málanna. Ákærði kveðst hafa orðað það við Geirfinn að fara á kyrrlátan stað og ræða málín. Virtist Geirfinnur ekkert hafa á móti því og gerði engar tilraunir til að komast út úr bifreið-

inni. Geirfinnur virtist ekki gera sér ljóst um hvað ákærði var að tala. Hafði ákærði þó á tilfinningunni að hann væri að hugsa málið. Þegar niður í Dráttarbrautina kom, var numið staðar. Sagðist ákærði vera með 70.000 krónur og sýndi Geirfinni peningana. Ákærði kveðst hafa beðið hann að sýna sér hvar spíritusinn væri geymdur. Geirfinnur virtist ekki átta sig á þessu eða vera að hugsa málið. Ákærði rétti honum peningana og tók hann við þeim. Ákærði spurði Geirfinn nánar um spírann. Hann sagðist ekki neitt vilja með þetta hafa. Ákærði minnist þess ekki að Geirfinnur hafi haft orð á því að hann vildi kaupa af þeim spíra, en þó megi það vel vera. Ákærða fannst Geirfinnur snúa út úr því, sem ákærði var að spyrja hann um. Geirfinnur var nú hávær og sagðist vilja fara burtu. Ákærði kveðst nú hafa opnað hurð bifreiðarinnar. Fór ákærði fyrst út ásamt Guðjóni, en síðan Geirfinnur og Kristján. Minnir ákærða að hann hafi tekið peningana upp af gólfí bifreiðarinnar rétt eftir að Kristján fór út úr bifreiðinni. Erla varð eftir í bifreiðinni. Geirfinnur ætlaði nú að ganga burt. Guðjón tók þá í öxlina á Geirfinni og spurði hann að því, hvort þeir ættu ekki að ræða betur saman. Geirfinnur sagði þá: "Eg þekki Sigurbjörn og ykkur hin í Klúbbnum". Skildist ákærða á þessu að Geirfinnur tryði því að þeir væru í einhverjum tengslum við Klúbbinn. Ákærði og Kristján voru til hliðar við Geirfinn. Spurði Kristján hann að því, hvort ekki hefði verið búið að ræða þetta í Klúbbnum. Geirfinnur svaraði því ekki, en hrínti Kristjáni

frá sér. Kristján sló þá Geirfinn en ekki veit ákærði hvar höggið kom. Ákærði sló Geirfinn í andlitið en hann hratt ákærða frá sér og datt ákærði þá aftur fyrir sig. Ákærði stóð strax á fætur og réðist aftur á Geirfinn, en hann stjakaði honum frá. A meðan hafði Kristján Viðar slegið Geirfinn nokkur högg í magann. Guðjón tók einnig þátt í þessu og sló til Geirfinns. Einnig sá ákærði að hann tók á honum hálstak. Kristján Viðar tók því næst Geirfinn haustaki aftan frá með hægri hendi. Ákærði kveðst því næst hafa gripið spýtu, er var um 70 cm á lengd, sem lá parna. Barði hann Geirfinn með henni eitt högg, er lenti framan á fótunum um hnén. Ákærði fleygði því næst spýtunni. Ákærði var orðinn hræddur og hætti að lílast á petta. Hann sá að Kristján var búinn að breyta um hálstak á Geirfinni og var kominn til hliðar. Ákærði kveður Guðjón hafa eitthvað tekið þátt í þessu, en nánar um það man ákærði ekki og ekki er hann viss um hvort Guðjón barði hann með spýtunni. Ákærði kveðst að þessu leyti breyta skýrslu sinni hjá rannsóknarlöggreglu. Ákærði kveðst þó muna að Guðjón hafi haldið á spýtunni í hendinni og reitt til höggs, en ekki sá hann hvort hann sló Geirfinn eða hvar höggið lenti, ef svo hefur verið. Ákærði man að einhvern tíma í átökunum var Geirfinnur eitthvað að reyna að rífa í Kristján með annarri hendinni. Tók þá ákærði í hendina á honum og man ákærði sérstaklega að Kristján sagði eitthvað á þessa leið við Geirfinn: "Vertu rólegur maður." Ákærði fór út til Erlu, sem var komin út úr bifreiðinni. Erla var taugaóstyrk.

Erla vildi að þau færðu burtu. Ákærði sagði henni að hún skildi fara ein og fékk henni 5000 krónur fyrir leigubifreið til Reykjavíkur. Ákærði sagði við Erlu að maðurinn væri alveg óður eða eitthvað á þá leið. Erla fór því næst á brott. Ákærði sá ekkert til Sigurðar Óttars, en telur möguleika á að hann hafi séð átökin. Ákærði snéri sér síðan aftur að þeim Kristjáni, Guðjóni og Geirfinni. Lá þá Geirfinnur á hliðinni á jörðinni. Guðjón stóð yfir honum og hafði þá kastað frá sér spýtunni. Kristján Viðar var álútur yfir Geirfinni og var að þukla á honum og sagði að hann væri dauður. Ákærði tók á þúlsi Geirfinns og fann engan æðaslátt og taldi Geirfinn látinna. Ákærði kveðst ekki geta gert sér ljóst hvað varð Geirfinni að bana. Ákærði sá blóð eða skrámur á vinstra gagnauga og kjálka Geirfinns. Einnig sá hann svartan blett eins og mar á hálsi Geirfinns, er gæti þó hafa verið mold. Ákærði sá ekki aðra áverka á Geirfinni.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 16.15.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Asta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ar 1977, þriðjudaginn 21. júní, er dómping sakadóms

Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Mættir eru í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinars-son, saksóknari og skipaður verjandi ákærða Sævars Marinós Ciesielski, Jón Oddsson, hrl.

Kl. 10.00 kemur í dóminn ákærði, Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Ákærði kveður átökin við Geirfinn hafa gengið mjög hratt yfir og hafi verið erfitt að átta sig á einstökum atriðum. Ákærði man eftir að mikill æsingur var á meðan átökin fóru fram, en ekki man hann eftir því að Geirfinnur hrópaði á hjálp. Ákærði heyrði stunur frá Geirfinni og var eins og hann tæki út. Ákærði kveðst ekki geta gert sér ljóst hvað átökin stóðu yfir lengi, en honum fannst þau standa stutt yfir. Þegar ákærðu höfðu athugað Geirfinn og þeim virst hann láttinn, sagði Guðjón við ákærða: "Náðu í Erlu". Ákærði kveðst hafa kallað á Erlu, en hún ekki svarað. Ákærði gekk þá aftur til Guðjóns. Ákærði man að Guðjón sagði þá við hann: "Finndu hana". Ákærði leitaði að Erlu, en fann hana ekki. Ákærði man að Kristján Viðar sagði: "Hvað eigm við að gera?" Var þá farið að ræða um hvort skilja ætti lík Geirfinns eftir. Ákærði

taldi það ekki óhætt vegna hættu á að fingraför kynnu að finnast. Ákærði kveður pá enn hafa skoðað líkið og fullvissað sig um að Geirfinnur væri látinna. Ákærðu tóku síðan lík Geirfinns og settu það í aftursæti bifreiðarinnar.

Ákærðu létu líkið sitja uppi og hallaðist það aðeins út á hlið. Var kápa Erlu breidd yfir það. Að því búnu óku ákærðu á brott. Þeir skildu spýtuna eftir, sem Geirfinnur hafði verið barinn með. Guðjón ók bifreiðinni og sat ákærði við hlið hans, en Kristján Viðar sat í aftursætinu hjá líkinu. Erla hafði gleymt kápu og veski í bifreiðinni. Óttuðust ákærðu að henni yrði kalt og eins að hún kynni að lenda í höndum lögreglunnar. Hófu þeir því leit að henni. Óku þeir nokkuð um nágrennið í leit að Erlu, en leitin bar ekki árangur og héldu ákærðu áleiðis til Reykjavíkur. Ákærði man að Erla minntist á það árið 1975, er þau voru á ferð í Keflavík, að hún þekkti þar two pílta, sem kallast Elvar og Siddi. Erla sýndi ákærða hús, sem þeir eða annar hvor þeirra bjó í og sagðist hún hafa verið í húsi þessu áður en að hún og ákærði kynntust. Hús þetta stendur við gatnamót og er grátt. Erla sagði ákærða að hún hefði verið í auðu húsi í Keflavík aðfaranoðtt 20. nóvember 1974. Ákærði kveðst ekki hafa lagt trúnað á það og telur að hún hafi verið hjá einhverju fólki. Þegar ákærði var að leita að Erlu í Dráttarbrautinni sá hann að Kristján Viðar fór að sendibifreiðinni til Sigurðar Óttars. Sagði Kristján Viðar Sigurði Óttari að aka á brott. Ákærði kveðst ekki hafa fylgst með ferðum Sigurðar Óttars eftir þetta.

Á leiðinni til Reykjavíkur voru ákærðu að tala um það hvað gera ætti við lík Geirfinns. Var rætt um að koma líkinu fyrir einhvers staðar í hrauninu á leiðinni, grafa það úti á Álfanesi eða jafnvel að setja það í hitaveitustokk uppi í Mosfellssveit. Man ákærði að það var Guðjón Skarphéðinsson, sem nefndi hitaveitustokk. Í þessu sambandi var minnst á það, að varasamt gæti verið að fara með líkið í gegnum Kópavog vegna löggreglueftirlits. Endirinn á þessu varð sá, að líkinu var ekið heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82. Var ekið inn í sundið á bak við húsið. Líkið var tekið þar úr bifreiðinni og borið inn í þvottahús í kjallara. Var líkið síðan sett inn í geymslu í kjallaranum. Ákærði man að geymslan var læst og að Kristján Viðar sprengdi upp læsinguna á henni. Ákærði kveður gólfregil eða eitthvað þess háttar, hafa verið settan yfir líkið. Aður en ákærði fór úr bifreiðinni tók hann kápu Erlu og veski. Þegar líkinu hafði verið komið fyrir fóru ákærðu upp í íbúð Kristjáns Viðars og ræddu saman um stund. Ákváðu þeir að hittast daginn eftir til að ræða saman um hvað gera ætti við líkið. Guðjón fór fljótlega á brott og telur ákærði að hann hafi farið á Volkswagen bifreiðinni. Ákærði man ekki nákvæmlega hvar hann var um nóttina. Hann man þó að hann var fyrst hjá Kristjáni, en síðan fór hann út og ráfaði eitthvað um. Morguninn eftir fór hann heim til sín á Hjallaveg og var þá Erla komin heim. Ákærði kveður þau hafa rætt saman um hvað gerst hafði. Erla sagðist hafa verið í auðu húsi í

Keflavík um nóttina, en síðan hafi hún getað náð í bíl til Reykjavíkur. Ákærði hitti Guðjón Skarphéðinsson á Mokka við Skólavörðustíg þennan dag eftir hádegi, en þeir höfðu mælt sér mótt þar. Ræddu þeir um hvað gera ætti við líkið. Nefndi Guðjón ýmsa möguleika. Ákærði man ekki nánar um það, en hann nefndi enn hitaveitustokk í Mosfells-sveit, en Guðjón hafði unnið þar við hitaveituframkvæmdir. Ákærði og Guðjón ræddu tveir einir um þetta og veit ákærði ekki til að neinn hafi heyrt það, er þeim fór á milli. Ákærði kveður Guðjón hafa fengið sér lykla að Volkswagen bifreiðinni á Mokka. Um kvöldið ók Erla bifreiðinni, sem stóð á Vatnsstíg að bílaleigunni Geysi. Skildi hún lykla-ana eftir í bifreiðinni. Ákærði var með Erlu umrætt sinn.

Þegar ákærðu voru komnir heim til Kristjáns að Grettisgötu 82 um nóttina var hringt. Ákærði sá ekki hver hringdi, en taldi að það hefði verið Sigurður Óttar, þar sem hann bjó að Grettisgötu 82 í sama herbergi og Kristján Viðar. Ákærði minnist þess ekki að hafa séð Sigurð Óttar um nóttina að Grettisgötu 82.

Ákærði kveður Geirfinn hafa verið klæddan í kulda-úlpu mittissíða. Hann var dökkklæddur, en nánar man ákærði ekki um klæðaburð hans.

Ákærði sá ekki ^{að} nein verðmæti væru tekin af líki Geirfinns. Hann hefur þó heyrt, að Kristján Viðar hafi tekið veski Geirfinns og einhvern penna. Ákærði man ekki hvort að Kristján sagði honum þetta, eða hvort hann heyrði þetta síðar.

Pinghaldinu er frestað kl. 12.05.

Kl. 14.15 kemur í dóminn ákærði Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Seinni part dags 21. nóvember, fóru ákærði og Erla á Land Rover bifreið þeirra að Bergþórugötu 27 til Bjarna Þórs Þorvaldssonar. Fengu þau Bjarna til þess að stilla bensíngjöf bifreiðarinnar. Ákærði hafði farið með kápu Erlu heim til þeirra á Hjallaveg. Var ákærði í kápunni, er þau fóru til Bjarna. Ákærði man að svartir blettir voru í kápunni en hún hafði verið utan um Geirfinn í bifreiðinni og taldi ákærði að um blóðbletti hafi verið að ræða. Ákærði gleymdi kápunni heima hjá Bjarna, en sótti hana nokkrum dögum síðar og henti henni í sorptunnu að Bergþórugötu 27. Ákærði og Erla höfðu mælt sér mótt við Kristján Viðar og fóru þau heim til hans á bifreiðinni. Ákærðu höfðu nokkra viðvöl hjá Kristjáni Viðari, en fóru að því búnu heim til Guðjóns vestur á Ásvallagötu. Höfðu þau rætt við Guðjón um það, að hann tæki þátt í að flytja lík Geirfinns. Guðjón kom með skóflu. Ákærði sér skóflu þá, sem fylgir gögnum málsins. Hann kveðst ekki geta staðhaeft að um sömu skóflu hafi verið að ræða, en hún var nokkuð ápekk skóflu þeirri, sem Guðjón kom með. Var nú haldið heim til Kristjáns að Grettisgötu 82. Erla ók bifreiðinni inn í sundið á bak við húsið. Fóru þau síðan inn til Kristjáns. Ákærði man að þau fóru upp í íbúðina til Kristjáns,

en síðan fóru þau niður í kjallara og inn í geymsluna, þar sem líkið var geymt. Búið var að vefja utan um líkið plastdúk og einhverju fleiru og binda síðan utan um. Ákærði kveður þá hafa sett eitthvað meira utan um líkið svo auðveldara væri að bera það út. Ákærðu báru síðan líkið út úr kjallaranum og komu því fyrir í Land Rover bifreiðinni. Hurð er aftan á bifreiðinni og var líkið sett þar inn í hana. Auk skóflu þeirrar, sem Guðjón lét í té, kom Kristján með malarskóflu og haka. Kristján Viðar hafði meðferðis plastbrúsa með bensíni. Ákærði kveðst ekki geta sagt um hvenær var lagt af stað upp í Rauðhóla, en nokkuð var liðið á kvöldið. Ákærði tekur þó fram, að hann álíti að klukkan hafi verið orðin um 20.00. Erla ók bifreiðinni, en ákærði og Guðjón sátu í framsæti og sat Guðjón næst Erlu. Ekki var höfð viðkoma á leiðinni og kveður ákærði það ekki rétt, að bensín hafi verið tekið á plastbrúsann. Þegar upp í Rauðhóla kom, var ekið hægra megin út fyrir veginn eftir afleggjara. Var staðnæmst þar eftir að ekið hafði verið nokkurn spöl. Ákærði kveðst vera margbuinn að benda á stað þann, er líkið var grafið og kveðst hann halda fast við framburð sinn um það. Ákærði man að hann sá ljós frá bifreiðum á aðalveginum, en hins vegar sá hann ekki ljós frá neinum húsum. Ákærðu hjálpuðust nú að því að grafa gryfju. Gryfjan var aflöng og gæti ákærði trúð að hún hafi verið um einn meter að dýpt. Ákærði kveður jarðveginn hafa verið grýttan og hafi þurft að nota hakann. Erla tók ekki þátt í greftrinum, en horfði á. Þegar

gryfjan var tilbúin tóku ákærðu lík Geirfinns út úr bifreiðinni og settu það í hana. Ákærði kveður bensíninu úr brúsanum hafa síðan verið hellt parna í kring og kveikt í. Ákærði kveðst ekki vera viss um hvort hann hafi kveikt í líkinu, en það hafi verið gert og hafi Kristján átt hugmyndina að því að nota bensínið. Ákærði kveðst hafa fundið að vond lykt gaus upp. Þegar eldurinn var útbrunninn mokuðu þeir ofan í gryfjuna og sléttuðu yfir. Síðan setti Kristján Viðar steina yfir. Ákærði kveður líkið hafa verið grafið við hól, sem var mjög brattur. Ákærði kveðst hafa komið aftur parna í ágúst eða september ásamt Erlu. Þau töldu sig finna staðinn, sem líkið var grafið, en leituðu ekki nákvæmlega. Ákærði kveður þau hafa farið þangað vegna þess að Erla hafði sagt honum að hún hefði farið þangað ásamt Kristjáni Viðari og einhverjum öðrum manni, sem hún þekkti ekki. Hafi þau grafið upp lík Geirfinns og flutt það síðan á einhvern stað við vatn inni í Heiðmörk, þar sem þau hafi komið því fyrir. Ákærði kveðst ekki hafa tekið mark á því, er Erla sagði um flutning þennan. Ákærði tekur fram, að þau Erla hafi verið hætt að búa saman á þeim tíma. Ákærði kveðst ekki í annan tíma hafa komið á stað þann, er lík Geirfinns er grafið fyrr en eftir að mál þetta komst upp og geti hann ekki gefið frekari upplýsingar um, hvor lík Geirfinns er grafið.

Ákærði skýrir frá því, að hann hafi beðið Kristján Viðar að fá Sigurð Óttar til að fara á sendiferðabifreið-inni til Keflavíkur, en ákærði vissi að Sigurður Óttar hafði

unnið á sendibifreiðastöð sumarið 1974.

Ákærði kveðst hafa, svo sem áður greinir, rætt við Sigurð Óttar á Vatnsstígnum. Kveðst ákærði hafa sagt honum hvar hann ætti að bíða í Keflavík. Ákærði vísaði honum veginn í Dráttarbrautina, en eins og áður greinir taldi ákærði að áfengið væri geymt þar eða þar um slóðir.

Ákærði kveðst hafa talað við Sigurð Óttar á bensínstöð í Keflavík eða Njarðvík ásamt Kristjáni Viðari. Hins vegar man hann ekki hvort hann talaði við hann í Dráttarbrautinni í Kelfavík. Ákærði varð ekki var við að Sigurður Óttar færi út úr bifreiðinni í Dráttarbrautinni. Ákærði veit ekki hvort hann sá átökin við Geirfinn, en það megi vel vera. Ákærði kveðst ásamt Kristjáni Viðari hafa rætt við Sigurð Óttar að Grettisgötu 82, skömmu eftir ferðina til Keflavíkur. Ákærði man ekki nákvæmlega hvenær þetta var, en hann man að þeir lögðu að honum að þegja yfir ferðinni. Ákærði telur að Sigurður Óttar hafi vitað um átökin við Geirfinn. Ákærði telur að Sigurður Óttar hafi vitað að lík Geirfinns hafi verið flutt að Grettisgötu 82 og skildist honum á Kristjáni að hann hefði aðstoðað hann við að búa um lík Geirfinns.

Ákærði kveðst hafa heyrt Geira í Keflavík nefndan í samtali við leigubifreiðarstjóra og eins hafi Páll Konráðsson sagt sér, að hann hefði keypt af honum áfengi.

II. Rangar sakargiftir.

Ákærði skýrir frá því, að ákærðu hafi fylgst í fjölmöglum með rannsókn út af hvarfi Geirfinns, og oft rætt

málið sín á milli. Ákærði kveðst hafa sagt Guðjóni Skarphéðinssyni skömmu eftir ferðina til Keflavíkur 19. nóvember 1974, að hann hefði sagt Geirfinni að hann héti Magnús Leópoldsson. Ákærði kveðst ekki hafa vitað hvað Geirfinnur hafði sagt öðrum um málið. Ákærði kveðst þó hafa komist að því, er hann hafði fréttir af rannsókn Geirfinnsmálsins að Sigurbjörn Eiríksson og Magnús Leópoldsson væru undir smásjá hjá lögreglunni. Ákærði kveðst ekki sjálfur hafa átt hugmyndina að því að blanda Klúbbmönnum inn í málið, en þetta hafi komið allt af sjálfu sér. Hafi ákærði álitið að Geirfinnur hafi haft viðskipti við Klúbbmenn og hafi þeim dottið í hug að blanda Klúbbmönnum í málið, ef ákærðu yrðu handteknir. Guðjón gaf í skyn að þetta væri heppilegt, þar sem hugsanlegt væri, að Geirfinnur hafi haft viðskipti við Sigurbjörn. Erla fór að tala um að Einar bróðir sinn, hefði átt einhver óheiðarleg viðskipti þ.á.m. með alkóhól. Vildi Erla einnig blanda honum í málið. Þá minntist hún og á Valdimar Olsen, er starfaði við Klúbbinn og að rétt væri, að blanda honum einnig í málið. Erla nefndi einhver fleiri nöfn, sem ákærði man ekki. Ákærði kveður Erlu hafa sagt, er hún ræddi um að blanda Einarí bróður sínum í málið, að hún væri hrædd við hann. Erla fór af landi brott veturinn 1974 og ákærði stuttu síðar. Dvöldust þau í Kaupmannahöfn og fylgdust þar með framvindu rannsóknarinnar í blöðum. Erla kom aftur hingað til landsins í febrúar og ákærði í lok apríl. Ákærði kveður þau hafa hitt pilt að nafni Elvar, er fyrir kemur í framburði ákærða,

á meðan þau voru í Kaupmannahöfn. Fór hann að ræða við þau um Geirfinnsmálið og sagðist vita um það. Sagði hann að Geirfinnur hefði beðið bana úti á sjó, er verið var að sækja spíritus, sem smygla átti í land. Taldi hann að Klúbbmennirnir stæðu þar að baki. Er hugmyndin um bátsferðina komin frá Elvari þessum. Sjálfur vissi ákærði um smygl á spíritus í Keflavík eða hafði heyrt um það. Ákærði hafði heyrt um það talað, að áfengi hafi verið smyglað að um Dráttarbrautina í Keflavík og að þar væri smyglað áfengi geymt. Ákærði er spurður um það, hvort ákærðu hafi hist að Grettisgötu 82 í júlí 1975, og ákveðið þá, að bera að Klúbbmenn og vínsalar í Reykjavík hefðu verið valdir að hvarfi Geirfinns, færi svo að þau yrðu handtekin. Einnig að Erla hafi stungið upp á Einari bróður sínum, Valdimar Olsen og Jóni Ragnarssyni. Ákærði kveðst muna eftir að þetta hafi verið rætt en man ekki hvenær.

Ákærði kveðst staðfesta skýrslu sína frá 9. desember 1976 með áorðnum breytingum.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 17.05.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, miðvikudaginn 22. júní, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættir eru í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinars-son, saksóknari, og skipaður verjandi ákærða Sævars Marinós Ciesielski, Jón Oddsson, hrl.

Kl. 10.00 kemur í dóminn ákærði, Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Ákærði staðhæfir að Kristján Viðar Viðarsson hafi verið viðstaddir, er ákærðu ræddu um það sín á milli, að blanda Sigurbirni Eiríkssyni, Magnúsi Leópoldssyni, Valdimar Olsen og Einari Bollasyni í málið. Hafi hann fallist á að hafa þennan hátt á og engar athugasemdir haft fram að færa varðandi það.

Ákærði kannast við að hafa gefið skýrsluna hjá rannsóknarlöggreglunni þann 22. janúar 1976, þar sem hann heldur því fram, að Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson og Valdimar Olsen séu viðriðnir hvarf Geirfinns Einarssonar.

Staðfestir ákærði nafnritun sína undir skýrsluna.

Ákærði skýrir frá því að hann hafi setið í gæsluvarðaldi vegna svokallaðs Guðmundarmáls, er hann gaf skýrslu þessa. Ákærði hafði dagana áður en skýrslan var gefin verið

í yfirheyrslum og verið þá spurður um vitneskju hans um hvarf Geirfinns Einarssonar. Ákærði man að Örn Höskulds-son spurði hann hvar hann hafi verið þann 19. nóvember 1974 og Sigurbjörn Víðir Eggertsson sagði honum að rannsóknarlögreglan hefði vitneskju um, að hann hefði farið með Einari Gunnari Bollasyni til Keflavíkur þann dag. Ekki nefndi Sigurbjörn hvaðan hann hefði upplýsingarnar, en ákærði taldi víst að þær væru frá Erlu Bolladóttur. Ákærða var sagt að Erlu hefði verið hótað morði, og gættu vopn- aðir lögreglumenn hennar. Sagði Sigurbjörn Víðir ákærða að brúnleit Fiat bifreið, sem talið væri að Einar Gunnar Bollason hefði verið á, hefði verið við heimili Erlu. Hefði hann elt bifreiðina en misst af númerinu. Ákærða var sagt að ekki væri hægt að halda þessari gæslu á Erlu áfram og ef ákærði vildi ekki skýra frá, gæti svo farið að Erla yrði myrt. Örn Höskuldsson sagði ákærða, að hann hefði aldrei séð eins óttasleginn svip eins og var á Erlu. Ákærði sagði, að hann vissi að Erla óttaðist Einar bróður sinn. Ákærði var spurður um samskipti við Einar. Ákærði kveðst hafa sagt lögreglumönnunum að Erla væri einnig hrædd við Valdimar Olsen. Miklar bollaleggingar voru út af þessu. Ákærði var spurður um ýmsa menn, sem talið var að gætu verið viðriðnir Geirfinnsmálið. Voru þar á meðal Einar Bollason, Magnús Leópoldsson og Valdimar Olsen. Lögreglu- mennirnir spurðu ákærða að því hvort verið gæti að Erla væri hrædd við einhverja menn. Taldi ákærði að þar gætu komið til greina Einar bróðir hennar, Valdimar Olsen,

Magnús Leópoldsson og Jón Ragnarsson. Nafn Sigurbjörns Eiríkssonar kom ekki fram fyrr en síðar.

Eins og áður greinir var búið að ákveða að blanda þeim Einari Bollasyni, Magnúsi Leópoldssyni, Valdimar Olsen, Sigurbirni Eiríkssyni og Jóni Ragnarssyni í málíð ef ákærðu yrðu handtekin. Þegar farið var að spyrja ákærða hvort sumir framangreindra manna væru viðriðnir málíð og honum sagt frá hótununum við Erlu, kveðst ákærði hafa gefið skýrsluna 22. janúar 1976.

Í framhaldi af þessu gaf ákærði skýrslur hjá rannsóknarlöggreglunni 25. og 27. janúar 1976 og bætti þar við og breytti framangreindri skýrslu. Kom þá bátsferðin til sögunnar, en hugmyndin var að nokkru komin frá Elvari. Þróaðist síðan sagan við yfirheyrlur hjá rannsóknarlöggreglumönnunum. Það hafði áhrif á ákærða, er hann gaf skýrslur þessar, að hann var hræddur um Erlu.

Skýrsla ákærða frá 10. febrúar 1976, er nú lesin í heyranda hljóði og kannast ákærði við að hafa gefið hana.

Ákærði kannast við að hafa gefið skýrsluna 8. maí 1976 hjá rannsóknarlöggreglu og kannast við nafnritun sína undir hana. Ákærði tekur fram, að er hann gaf skýrslu þessa hafi hann verið illa fyrir kallaður og orðinn ruglaður vegna framburðar Erlu um að hún hafi skotið Geirfinn og eins vegna framburðar Kristjáns, að hann hefði stungið Guðmund Einarsson með hnífi. Þá var þess og krafist af ákærða að hann kæmi til móts við Erlu og Kristján Viðar í framburðum þeirra. Ákærði kveðst hafa tekið skýrslu þessa til baka

morguninn eftir í viðurvist Hallvarðs Einvarðssonar.

Skýrsla þessi var ekki gefin að ósk ákærða, svo sem í henni greinir.

Dómskýrsla ákærða frá 1. apríl 1976, er lesin í heyranda hljóði og kannast ákærði við að hafa gefið skýrsluna.

Ákærði kveður það sameiginlegt um allar framan-greindar skýrslur, að þær séu rangar að því er varðar þátt Einars Gunnars Bollasonar, Magnúsar Leópoldssonar, Sigurbjörns Eiríkssonar og Valdimars Olsen í framangreindu máli. Hafi verið fyrirfram ákveðið að blanda framangreindum mönnum inn í mál þetta, ef ákærðu yrðu handtekin. Ákærði tekur fram í sambandi við skýrslurnar, að hann hafi verið undir pressu af lögreglumönum, er hann gaf þær.

Ákærði kveðst viðurkenna að það sé rétt, sem honum er gefið að sök í II. kafla ákæru, þ.e. rangar sakargiftir með athugasemdum þeim, er að framan greinir. Ákærði kveður eins og áður greinir, að þetta hafi verið samantekin ráð upphaflega og gerð í því skyni að rugla fyrir rannsóknar-aðila við rannsókn málsins.

Ákærði kveðst enga þóknun hafa fengið fyrir þetta hjá Guðjóni Skarphéðinssyni, en Gujón hafi verið með í ráðum, er þetta hafi verið ákveðið.

Ákærði er enn spurður um hvar lík Geirfinns Einars-sonar sé niður komið, en hann kveðst ekki geta gert nánari grein fyrir því, en hann hefur þegar gert.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 12.30.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarssdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ar 1977, föstudaginn 24. júní, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kl. 10.10 kemur fyrir dóminn sem vitni, Sigríður Malmberg, framreiðslumaður, Sörlaskjóli 94, Reykjavík, fædd 10. mars 1932.

Aminnt um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því, að það sjái um afgreiðslu á vínbar í veitingahúsinu Klúbbnum hér í borg. Vínbarinn er á 1. hæð hússins. Vitnið skýrir frá því, að maður hafi komið að vínbarnum að hún heldur sunnudaginn 17. nóvember 1974, og það afgreitt hann. Ekki man vitnið eftir hvað maðurinn keypti og ekki kveðst það heldur muna hvernig hann leit út. Vitnið man ekki hvort maðurinn var ölvaður.

Vitnið sér mynd af Geirfinni Einarssyni. Vitnið kveður

manninn líkjast myndinni af Geirfinni, sem er neðar á blaðsíðunni.

Vitnið segist muna að maðurinn hafi borgað með ávísun. Ekki man það hvort hann skrifaði sjálfur ávísunina, en það hefði óskað að hann sannaði hver hann væri, ef hann hefði skrif-að framsal á ávísunina. Vitnið kveðst ekki alveg geta staðhæft hvað maðurinn hét, en hann hét einhverju sjaldgæfu nafni, og gæti það vel hafa verið Geirfinnur. Maðurinn fór eitthvað að minnast á nafn sitt og man vitnið örugglega að hann sagði eitthvað á þá leið, að hann væri ekki síðasti Geirfuglinn. Vitnið man ekki eftir að hafa séð mann þennan aftur í veitingahúsinu. Vitnið varð ekki vart við að neinir menn væru í fylgd með mannum.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 10.25.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Asta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, mánudaginn 27. júní, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Armanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari. Einnig er mættur Ingvar Björnsson, hdl., lögmaður vitnisins Einars Gunnars Bollasonar.

Kl. 10.10 kemur í dóminn sem vitni, Einar Gunnar Bollason, kennari, Heiðvangi 5, Hafnarfirði, fæddur 6. nóvember 1943.

Áminntur um sannsögli en jafnframt gátt ákv. 89. gr. 1. nr. 74, 1974.

Vitninu er kynnt það að opinbert mál hefur verið höfðað á hendur ákærðu, Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski, og Erlu Bolladóttur fyrir að hafa bundist samtökum um að bera þær röngu sakir á vitnið, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen á árinu 1976, að þeir hafi átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar og smyglbrotum.

Vitnið kveðst ekki hafa þekkt Geirfinn Einarsson og aldrei heyrt hans getið, fyrr en eftir að auglýst var eftir honum, er hann hvarf í Keflavík 19. nóvember 1974.

Erla Bolladóttir er hálfssystir vitnisins samfeðra. Vitnið hafði mjög lítil samskipti við Erlu framan af. Var það ekki fyrr en árið 1971, er Erla fluttist til Bolla föður þeirra, er þá bjó í húsi við Bergstaðastræti, sem vitnið fór að hafa einhver samskipti við Erlu að ráði. Nokkru seinna eftir þetta kynntist Erla Sævari Marinó Ciesielski og var

samband þeirra mikið áhyggjuefni föður vitnisins. Vitnið man ekki eftir því að það hafi beitt sér fyrir því að Erla hætti samskiptum við Sævar Marinó, en hins vegar gerði faðir þess margar tilraunir til þess að því er hann sagði. Vitnið aðstoðaði föður sinn, er hann keypti húsið að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði vorið 1973. Fór faðir vitnisins að búa í húsinu um sumarið og fluttist Erla til hans. Í nóvember veiktist faðir vitnisins og þurfti að liggja á sjúkrahúsi í um 5 mánuði. Einhvern tíma eftir að faðir vitnisins veikti ist fluttist Sævar Marinó til Erlu á Hamarsbrautina og fór að búa þar, og telur vitnið að faðir þess hafi vitað af því. Vitnið kveðst hafa fengið kvartanir frá fólk í húsinu út af hávaða og umgangi frá íbúðinni þar sem Erla og Sævar bjuggu, sem var í kjallara.

Vorið 1974 kveðst vitnið hafa átt símtal við Erlu og sló þá í brýnu milli þeirra. Telur vitnið að það hafi látið að því liggja við Erlu að hún hefði flýtt fyrir sjúkdómi föður þeirra. Í mars 1974 seldi faðir vitnisins eignarhluta sinn að Hamarsbraut 11, en þá hafði verið ákveðið að hann flytti inn til vitnisins, er hann kæmi af sjúkrahúsínu. Var þá Erlu vísað út úr íbúðinni. Fór Erla úr íbúðinni eftir nokkurt þóf. Vitnið kveðst telja að Erla hafi borið óvild til þess út af þessu. Vitnið skýrir frá því að það hafi reynt heldur að draga úr samskiptum Erlu og föður hennar og hafi það meinað henni að koma á heimili þess, eftir að faðir þess fluttist þangað. Var ástæðan fyrst og fremst sú, að vitnið taldi ekki heppilegt að faðir þess hefði mikil

samskipti við Erlu vegna sjúkdóms hans.

Vitnið hefur engin samskipti haft við Sævar Marinó að því undanskyldu að hann kom með Erlu á heimili þess á aðfangadagskvöld 1973. Vitnið kveðst enga skýringu geta komið með á því tiltæki Sævars Marinós, að halda því fram að það hafi átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar. Vitnið hafði aldrei heyrt Kristjáns Viðars Viðarssonar getið.

Vitnið kveðst vísa til fyrri skýrslna sinna í máli þessu um framangreind atriði og lýsir því yfir að það staðfesti þær í öllum atriðum.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst ætla að krefjast bóta vegna gæsluvarð-halda að ósekju og óskar eftir að fá gögn málsins afhent sem fyrst.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 11.20.

Kl. 11.20 kemur í dóminn sem vitni, Magnús Leópolddsson, framkvæmdarstjóri, Hagamel 22, Reykjavík, fæddur 23. ágúst 1946.

Áminntur um sannsögli.

Vitninu er kynnt málshöfðun á hendur ákærðu Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski og Erlu Bolla-dóttur fyrir rangar sakargiftir.

Vitnið þekkti ekki Geirfinn Einarsson og hafði aldrei heyrt hans getið, áður en lýst var eftir honum, er hann hvarf í Keflavík að kvöldi 19. nóvember 1974.

Vitnið kveðst aldrei hafa heyrt mann nefndan er kalla-
ast Geiri og býr í Keflavík, en maður þessi er sagður hafa
fengist við smygl og ólöglega sölu á spíritus. Vitnið kveðst
ekki vita til þess að nein tengsl hafi verið milli veitinga-
hússins Klúbbsins og Geirfinns Einarssonar. Vitnið hafði
aldrei heyrt ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Erlu
nefnd áður en mál þetta kom til sögunnar. Vitnið veit ekki
til þess að það hafi nokkurn tíma gert neitt á hlut ákærðu
og getur enga skýringu gefið á því tiltæki þeirra, að bera
það þeim sökum, að það hafi átt hlut að dauða Geirfinns
Einarssonar.

Vitnið kveðst ætla að gera skaðabótakröfu út af gæslu-
varðhaldi að ósekju og muni lögmaður sinn taka ákvörðun um
hvar sú krafa verður höfð uppi.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 11.32.

Kl. 11.35 kemur í dóminn sem vitni, Valdimar Olsen,
skrifstofumaður, Framnesvegi 61, fæddur 22. febrúar 1948.

Aminntur um sannsögli.

Vitninu er kynnt málshöfðun á hendur ákærðu Kristjáni
Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski og Erlu Bolla-
dóttur fyrir rangar sakargiftir.

Vitnið hafði aldrei heyrt Geirfinns Einarssonar getið,
fyrr en eftir að lýst var eftir honum, er hann hvarf í
Keflavík 19. nóvember 1974. Vitnið hefur aldrei heyrt nefndan
mann í Keflavík, sem kallaður er Geiri og hefur fengist við

ólöglega sölu á áfengi og smygl á spíritus. Vitnið hefur aldrei starfað á vegum veitingahússins Klúbbsins. Það þekkti bæði Magnús Leópoldsson og Sigurbjörn Eiríksson og eru þeir Magnús góðir vinir.

Vitnið kveðst hafa þekkt Erlu Bolladóttur og í því sambandi kannast við Sævar Marinó, en Kristján Viðar Viðars-son hafði það aldrei heyrt nefndan fyrr en mál þetta kom til sögunnar. Erla Bolladóttir var kunningjakona Huldu systur vitnisins og var heimagangur á heimili vitnisins og Huldu. Vitnið veit ekki til þess að ákærðu hafi borið nokkurn kala til þess. Veit vitnið ekki til þess að það hafi nokkurn tíma gert neitt á hluta þeirra. Vitnið kveðst ekki vita neina skýringu á því tiltæki ákærðu, að bera það á vitnið að það hafi átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar.

Vitnið kveður lögmann sinn annast skaðabótakröfu vegna þess, vegna gæsluvarðhalds að ósekju.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 11.50.

Kl. 11.50 kemur í dóminn sem vitni, Sigurbjörn Eiríks-son, framkvæmdastjóri, til heimilis að Stóra-Hofi á Rangárvöllum, fæddur 5. desember 1925.

Áminntur um sannsögli.

Vitninu er kynnt ákæra á hendur ákærðu, Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski og Erlu Bolla-dóttur fyrir rangar sakargiftir.

Vitnið hafði aldrei heyrt Geirfinn Einarsson nefndan,

fyrr en lýst var eftir honum, er hann hvarf í Keflavík að kvöldi 19. nóvember 1974. Vitnið hefur aldrei heyrt neinn mann nefndan í Keflavík, sem kallaður er Geiri og fengist hefur við ólöglega áfengissölu og smygl. Vitnið veit ekki til að nein tengsl hafi verið á milli Geirfinns Einarssonar og veitingahússins Klúbbsins. Vitnið kveðst ekki hafa þekkt ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Erlu Bolladóttur, áður en mál þetta kom til sögunnar. Vitnið kveðst aldrei hafa gert neitt á þeirra hlut og veit ekki til þess að þau hafi borið kala til þess. Vitnið kveðst enga skýringu geta gefið á því tiltæki ákærðu, að bera þær sakir á það og þá Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson og Valdimar Olsen, að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar.

Vitnið kveður lögmann sinn muni hafa uppi skaðabóta-kröfu f.h. þess vegna gæsluvarðhalds að ósekju. Mun lög-
maðurinn taka ákvörðun um hvar krafan verður höfð uppi.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 12.05.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármanн Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hjördís Þorsteinsdóttir.

Atli Arason.

Ár 1977, miðvikudaginn 29. júní, er dómping sakadóms

Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Sakadómsmálið:

Ákærvaldið

gegn

Kristjáni Viðari Viðarssyni,

Sævari Marinó Ciesielski,

Guðjóni Skarphéðinssyni

og

Erlu Bolladóttur.

Mættir eru í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinars-
son, saksóknari, og skipaður verjandi ákærða Guðjóns Skarp-
héðinssonar, Benedikt Blöndal, hrl.

Kl. 10.10 kemur í dóminn ákærði, Guðjón Skarphéðins-
son, Rauðarárstíg 32, Reykjavík, nú gæslufangi, fæddur 19.
júní 1943 að Marðarnúpi í Vatnsdal, Austur-Húnavatnssýslu.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Ákærða er kynnt sakarefnið. Kveðst hann ekki vilja
viðurkenna það að svo stöddu.

Ákærði kveðst ekki muna fyrir víst hvenær hann kynnt-
ist meðákærða Sævari Marinó Ciesielski, en það hafi líkleg-
ast verið veturinn 1969 til 1970, er ákærði var kennari
að Reykjanesi við Djúp, en ákærði Sævar Marinó var nemandi
í skólanum. Ákærði telur að hann hafi fyrst séð Erlu Bolla-

dóttur haustið 1973. Ákærði hafði ekki séð Kristján Viðar Viðarsson áður en mál þetta kom til sögunnar. Ákærði kveðst hafa hitt Sævar Marinó einstöku sinnum sumarið 1974 og megi e.t.v. orða það svo, að um kunningsskap þeirra á milli hafi verið að ræða. Einhvern tíma í nóvember 1974 kom Sævar Marinó á Land Rover bifreið, sem hann var nýbuinn að kaupa heim til ákærða, en ekki veit ákærði hver ók bifreiðinni. Ákærði hafði ekki hitt Sævar Marinó tvo mánuðina næstu á undan. Ákærði kveðst ekki geta sagt hvort það hafi verið 14. nóvember 1974. Þá kom Sævar Marinó í einhver skipti til hans á vinnustað, sem var Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Ákærði man að Sævar Marinó var um líkt leyti að ræða við hann um utanlandsferð, en ekki man ákærði eftir því að hann nefndi hvernig hann ætlaði að afla fjár til ferðarinnar. Ákærði tekur fram í þessu sambandi að utanlandsferð Sævars Marinós hafi átt að vera að einhverju leyti kostuð af Vilhjálmi Knudsen. Ákærði kveðst ekki treysta sér til að svara því fyrir víst, hvenær Sævar Marinó minntist á það fyrst við hann, að fara til Keflavíkur. Ákærði er spurður um það hvort Sævar Marinó hafi fyrst minnst á við ákærða 18. nóvember 1974, að fara til Keflavíkur. Kveðst ákærði ekkert geta um það sagt. Ákærði kveður það mega vera að hann hafi hitt þau Sævar og Erlu á veitingahúsinu Mokka þennan dag kl. 17.00, en ekki man hann eftir því, að minnst hafi verið á ferðina til Keflavíkur. Ákærði fór með þeim Erlu og Sævari Marinó frá veitingahúsinu Mokka heim til sín að Ásvallagötu 46 á Land

Rover bifreið þeirra. Ákærði kveður þau hafa boðist til að aka honum heim til hans. Þegar heim til ákærða kom, bað Sævar Marinó um að fá lánaðan síma og fór Sævar Marinó með ákærða inn til hans. Erla varð eftir í bifreiðinni fyrir utan húsið. Ákærði tekur fram, að hann sé ekki öruggur um að petta hafi verið 18. nóvember. Þá tekur hann fram, að dagsetningin 14. nóvember sé ekki frá sér komin. Ákærði er spurður um það, hvaðan dagsetningin sé komin og nefnir hann í því sambandi Karl Schütz, Grétar Sæmundsson og Erlu Bolladóttur. Ákærði kveðst aldrei hafa haft neitt undir höndum til þess að glöggva sig á dagsetningum þrátt fyrir beiðni hans í þá veru. Ákærði kveður Sævar hafa hringt a.m.k. tvísvar sinnum. Ákærði hlustaði ekki á símtölin og veit ekki hvað Sævar Marinó sagði. Ákærði kveðst ekki þora að fullyrða fyrir víst hvort hann hafi sagt: "Hvað er símanúmerið hjá honum?" Ákærði kveður það vel mega vera að Sævar hafi spurt hvort hann hefði nokkuð til að skrifa á og hann látið Sævar Marinó fá miða. Ákærði kveðst ekki þora að fara með hvort Sævar Marinó hafi látið sig fá miðann aftur og að þá hafi staðið á honum símanúmer. Ekki er það ljóst fyrir ákærða hvort Sævar Marinó hafi beðið hann að geyma miðann og hann stungið honum í vasann. Ákærði kveðst ekki vilja fullyrða hvort Sævar hafi nefnt við sig þarna ferð til Keflavíkur, en hann hafði einhvern tíma á þessum dögum nefnt ferð til Keflavíkur og eitthvað stand með spíra í því sambandi. Ákærði man að Sævar sagðist þurfa að hitta mann í Keflavík vegna spírans, en ekki nefndi

hann hvað maðurinn héti. Ekki man ákærði eftir því að Sævar Marinó nefndi Klúbbinn í því sambandi. Ákærða er bent á að hann hafi í fyrri skýrslum sagt að Sævar Marinó hafi nefnt Klúbbinn í þessu sambandi og hafi ákærða skil-ist að hann hefði hittmanninn þar. Af þessu tilefni skýrir ákærði svo frá að hann þori ekki að fara með það, hvort Sævar Marinó hafi nefnt Klúbbinn eða eitthvað annað veitingahús, en hann nefndi einhvern mann, sem hann hefði hitt í veitingahúsi. Ákærði kveðst ekki halda að Sævar Marinó hafi nefnt að maðurinn væri úr Keflavík, og ekki nefndi hann nafn hans. Ákærða er bent á framburð hans um það, að Sævar Marinó hafi talað um mann, sem hann hefði hitt á framangreindum stað og þyrfti að hitta aftur í Keflavík. Ákærði er spurður um þetta og kveðst hann ekki þora að fara með þetta til neinnar hlítar.

Er hér var komið sögu telur dómsformaður rétt að ákærði sé spurður beinna spurninga um hvert einstakt atriði.

Kom Sævar heim til ákærða að Ásvallagötu 46 18. nóvember 1974?

Svar: "Já, ég tel það að hann hafi komið".

Fékk Sævar Marinó að hringja hjá ákærða? Svar: "Já".

Man ákærði hvað Sævar Marinó talaði mörg símtöl?

Svar: "Nei".

Hlustaði ákærði á hvað Sævar Marinó sagði í símann?

Svar: "Nei".

Man ákærði eftir því að Sævar Marinó segði: "Hvaða símanúmer er hjá honum?" Svar: "Get ekki fullyrt um þetta".

Spurði Sævar Marinó ákærða hvort hann hefði eitthvað til að skrifa á? Svar: "Má vera".

Man ákærði til þess að hann léti Sævar Marinó fá miða? Svar: "Ég bori ekki að fullyrða um hvort ég hafi látið hann hafa miða úr mínum vösum eða hann hafi beðið leyfis að taka miða, er var við símann".

Lét Sævar Marinó ákærða fá miðann? Svar: "Ég get ekki svarað þessari spurningu með vissu".

Spurði Sævar Marinó ákærða að því hvort hann hafi beðið hann að koma með sér til Keflavíkur til að hitta mann? Svar: "Hann spurði ekki með þessu orðalagi, en hann spurði hvort ég hefði tíma til að skreppa með sér".

Talaði Sævar um mann, sem hann hefði hitt og þyrfti að hitta aftur í Keflavík? Svar: "Ekki þá, en hann mun hafa verið búinn að láta mig skilja á sér í annan tíma, að hann þyrfti að fara til Keflavíkur til þess að hitta mann".

Nefndi Sævar Marinó að hann hefði hitt manninn í Klúbbnum? Svar: "Nei ekki þá. Hann var búinn að tala um það áður að hann þyrfti að hitta mann, er hann hafði hitt á veitingahúsi".

Nefndi Sævar nafn mannsins? Svar: "Nei".

Nefndi Sævar Marinó hvenær hann hefði hitt hann? Svar: "Nei".

Nefndi Sævar Marinó í hvaða skyni hann ætlaði að hitta manninn? Svar: "Það hefur áður komið fram, að hann hafi ætlað að eiga einhvers konar viðskipti."

Veit ákærði um hvers konar viðskipti var um að ræða?

Svar: "Á þeim tíma, nei".

Telur ákærði að um heiðarleg viðskipti hafi verið að ræða? Svar: "Ég tel ekkert ólíklegt að þau hafi ekki verið alveg samkvæmt lagabókstaf".

Nefndi Sævar að hann ætlaði að sækja spíritus til Keflavíkur? Svar: "Hann mun hafa vikið að spíritus nokkrum dögum áður".

Telur ákærði að Sævar Marinó hafi átt annað erindi við manninn? Svar: "Mér er ókunnugt um það".

Bað Sævar ákærða að leggja fram peninga í sambandi við ferðina? Svar: "Nei".

Féllst ákærði á að fara ferðina með Sævari, er hann nefndi það við hann? Svar: "Nei".

Sagði ákærði Sævari Marinó, að hann gæti hitt sig að Lambhól við Starhaga kvöldið eftir? Svar: "Mig minnir að ég hafi e.t.v. talað um að ég myndi skreppa þangað eftir kvöldmat".

Hafði Sævar Marinó sagt ákærða að hann ætlaði til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember? Svar: "Hann mun ekki hafa sagt ákveðið um það við mig, eða ekki minnist ég þess".

Að hvaða tíma var ákærði Sævar Marinó heima hjá ákærða að Ásvallagötu 46 18. nóvember? Svar: "Það var á tímanum frá kl. 17.10 til 17.25 eða 17.30."

Fór ákærði að Lambhól við Starhaga að kvöldi 19. nóvember? Svar: "Ég segi eins og ég hef áður sagt, ég hef ekki fengið tækifæri til að glöggva mig á dagsetningum".

Akærða er bent á að í rannsóknarlöggregluskyrslu 25.

janúar 1977 segi orðrétt: "Daginn eftir þann 19/11 1974 fór ég" (ákærði) "að heiman frá mér á Fiat bifreið tengdamóður minnar að Lambhól við Starhaga til Rafns Guðmundssonar. Kl. mun þá hafa verið 20.00 - 20.30".

Er þetta rétt sem að framan greinir? Svar: "Eg get ekki svarað spurningunni, þar sem ég hef ekki fengið í hendur þau gögn, sem ég hef óskað eftir, til þess að geta ákveðið nánar þær dagsetningar og tímasetningar, sem hér ber á góma svo sem útvarpsdagskrá fyrir nóvembermánuð, staðfestingu á bókamarkaði Menningarsjóðs höldnum í Grindavík í nóvembermánuði og sjónvarpsdagskrá fyrir þann sama mánuð".

Upphaf skýrslu ákærða hjá rannsóknarlöggreglu 25. janúar 1977 út að setningunni: "Eg var búinn að dvelja talsverða stund hjá Rafni" er nú lesið í heyranda hljóði.

Ákærði kveður skýrsluna í mörgum atriðum ekki rétta, bæði tímasetningar og setningar, sem eftir honum eru hafðar.

Ákærða er bent á að hann hafi í domi 31. janúar 1977 lýst málsvíkum sjálfstætt og hafi framburður hans verið í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlöggreglunni 25. s.m. Þá hafi ákærði lesið skýrsluna yfir, sagt að þar væri rétt eftir sér haft, og staðfest undirskrift sína.

Ákærði kannast við að hafa lýst skýrsluna rétta í þinghaldi 31. janúar 1977. Ákærði er spurður um hver sé ástæðan til breytinga hans á skýrslunni nú. Ákærði tekur fram, að skýrslan sé ákaflega götótt. Hafi hann og rannsóknarlöggreglumaðurinn sem skýrsluna sömdu ekki talið sig

geta gert betur. Síðan vísast til þess, sem ákærði hafði áður æskt, en það var að samþrofað yrði í málínu og vísar hann til framburðar síns hér á undan.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 12.20.

Kl. 13.40 kemur fyrir dóminn að nýju ákærði Guðjón Skarphéðinsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Dómurinn getur þess, að aflað hafi verið dagskráa frá útvarpi og sjónvarpi frá því í nóvember 1974. Skrár þessar liggja frammi og fær ákærði þær til athugunar.

Ákærði kveðst vilja fá lengri frest til þess að athuga þær.

Kannast ákærði við, að hafa farið að Lambhól til Rafns Guðmundssonar á þeim tíma? Svar: "Já".

Getur ákærði sagt hvaða dag þetta var? Svar: "Ekki eins og stendur".

Kom Sævar að Lambhóli? Svar: "Já".

Hve lengi hafði ákærði dvalist þar, þegar Sævar kom? Svar: "Ég get ekki svarað því að svo stöddu".

Ákærða er bent á að í lögregluskyrslu telji hann að hann hafi verið búinn að dveljast hjá Rafni 30-40 mínútur, er Sævar kom að Lambhól. Ákærði er spurður um þetta og svar hans er: "Þetta er hrein og bein ágiskun".

Hver fór til dyra, er Sævar kom? Svar: "Húsráðandi, tel ég víst".

Sagði Rafn ákærða hver væri kominn? Svar: "Trúlega".

Var ákærði lengi að Lambhóli eftir að Sævar kom?

Svar: "Nú get ég ekki sagt með neinni vissu".

Lá illa á Rafni og hálf stjakaði hann ákærða út?

Svar: "Ég á ekki gott með að svara þessu, en verið getur að ég hafi haft orð í þessa veru".

Man ákærði eftir nokkru sérstöku, sem rætt var innan dyra að Lambhóli? Svar: "Nei".

Kom Erla með Sævari að Lambhól? Svar: "Ég man ekki eftir því að hún hafi komið inn í íbúðina, en það má vera að hún hafi komið inn í forstofugang."

Var einhver maður með Erlu og Sævari? Svar: "Þetta er það atriði, sem mér hefur gengið einna erfiðast að átta mig á. Mig minnir það nokkuð fastlega að þarna hafi verið einhver þriðji maður".

Á hvernig bifreið hafði ákærði komið í að Lambhóli?

Svar: "Ég hafði komið í Fiat bifreið".

Hvernig fór ákærði á brott frá Lambhóli? Svar: "Ég fór á Fiat bifreiðinni og mig minnir að Sævar hafi komið með mér, en þori ekki að fullyrða það".

Sá ákærði einhverja bifreið, sem Erla og Sævar höfðu komið á? Svar: "Ég tók ekki eftir henni þá".

Hvert fór ákærði á Fiat bifreiðinni? Svar: "Ég ók heim til mína".

Minntist Sævar á það við ákærða í bifreiðinni að hann færi til Keflavíkur og æki bifreiðinni, sem átti að fara á? Svar: "Það kann að vera að hann hafi gert þetta

einhvers staðar á leiðinni, en þó aðallega á Ásvallagötu 46".

Nefndi Sævar að hann treysti Erlu ekki til þess að aka? Svar: "Hann mun hafa nefnt það að Ásvallagötu 46".

Hverju svaraði ákærði, er Sævar bað hann að aka til Keflavíkur? Svar: "Ég taldist undan ferðinni".

Man ákærði að numið hafi verið staðar á horni Bræðraborgarstígs? Svar: "Ásvallagata 46 er annað hús frá horni Bræðraborgarstígs. Ég nam staðar við Ásvallagötu 46, en Erla nam staðar við verslun, sem er á horni Bræðraborgarstígs og Ásvallagötu".

Hvernig bifreið var Erla á? Svar: "Ljósblárri Volkswagen bifreið".

Fór ákærði heim til sín? Svar: "Ekki minnist ég þess".

Tók ákærði þarna ákvörðun um ferðina til Keflavíkur? Svar: "Nei, ekki fullkomlega".

Ákærða er bent á er greinir í löggregluskyrslu um þetta atriði, þ.e. að þarna hafi hann tekið ákvörðun um að fara til Keflavíkur. Ákærði er inntur nánar eftir þessu og svar hans er: "Ég er ekki viss um réttmæti þessarar fullyrðingar minnar og styð það við það, að ég hélt áfram á minni bifreið".

Ákærði telur sig hafa séð manna fara út úr Volkswagen bifreiðinni, sem Erla ók og fara inn í sjoppuna á horninu.

Hvert ók ákærði frá Ásvallagötu og var Sævar með

honum í bifreiðinni? Svar: "Ég vísa til löggregluskyrslunnar um petta efni, en þar er haft eftir vitni að ég hafi komið þangað á bifreiðinni og skilið hana þar eftir. Ég er ekki viss um réttmæti þess. Ég held ekki að Sævar hafi verið með mér í bifreiðinni".

Hvar nam ákærði staðar, er að Vatnsstíg kom? Svar: "Mér er ekki ljóst hvort ég skildi bifreiðina eftir á Vatnsstíg. Ég vísa til löggregluskyrslunnar um petta atriði".

Sá ákærði Volkswagen bifreiðina á Vatnsstíg? Svar: "Í þessu efni hef ég ekki neinu að bæta við löggregluskyrsluna".

Man ákærði eftir sendibifreið á Vatnsstíg? Svar: "Nei".

Lesið er nú upp úr löggregluskyrslu frá 25. janúar s.l. um það, er ákærði hefur greint frá, er hann kom á Vatnsstíg. Ákærði er spurður um petta og svar hans er: "Einhvern veginn urðum við að hafa þetta, við sem settum saman skýrsluna".

Hvert fór ákærði eftir að hann hafði numið staðar á Vatnsstígnum? Svar: "Ef þetta er rétt, þá hef ég farið á Volkswagen bifreiðinni og þá tekið við stjórn hennar".

Nánar aðspurður um sendibifreiðina skýrir ákærði svo frá: "Það kann vel að vera að þarna hafi verið sendiferðabifreið jafnvel fleiri en ein. Ég man ekki til að ég veitti athygli neinni sendiferðabifreið, sem tengdist ferðalaginu til Keflavíkur".

Man ákærði að einhverjar tafir yrðu á því að komast

af stað? Svar: "Ekki hvað mér viðvíkur".

Veit ákærði hvort Volkswagen bifreiðin var frá bíla-leigu? Svar: "Ég tel það víst, en þó gæti það allt eins hafa verið lánsbíll. Ég hefi stungið upp á bílaleigunni Geysi, en hef ekkert fyrir mér í því".

Var þetta sama bifreiðin og Erla kom á að Lambhól? Svar: "Það get ég ekki fullyrt um, en tel að svo hljóti að vera".

Er nú lesið úr skýrslu ákærða hjá rannsóknarlöggreglu um framangreind atriði. Ákærði er spurður um þetta og svar hans er: "Að svo komnu máli hef ég enga ástæðu til þess að breyta þessu. Ég vísa til þess, sem ég hef áður sagt um bílaleigubílinn".

Hverjir voru í Volkswagen bifreiðinni með ákærða og hvar sátu þeir? Svar: "Sævar Marinó sat í framsæti hægra megin, Erla Bolladóttir sat í aftursæti og hjá henni einhver maður, sem ég ekki þekki".

Ákærða er sýnd mynd af Kristjáni Viðari Viðarssyni. Ákærði kveður sér hafa verið sýndur Kristján Viðar Viðars-son í fyrsta skipti í fangelsinu í Síðumúla í maí 1976. Telur ákærði að Kristján Viðar hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar? Svar: "Ég gaf manninum lítinn gaum og hann talaði lítið eða ekkert. Auk þess ók ég bílnum. Það hlýtur að hafa verið að þetta hafi verið Kristján".

Telur ákærði að Kristján Viðar hafi verið undir áhrifum lyfja? Svar: "Hann var preytulegur og illa fyrir kallaður, en hvað hann hafi látið ofan í sig af pillum,

það get ég ekki sagt um."

Hvert var síðan ekið? Svar: "Rakleitt út úr borginni áleiðis til Suðurnesja."

Hvernig var veður? Svar: "Norð-vestlæg átt, svalt og gekk á með skúrum. Ég byggi upplýsingarnar um veðrið á því, sem Grétar Sæmundsson sagði mér".

Minntist Sævar á sendiferðabifreið á leiðinni?

Svar: "Já, á Jófríðarstaðahæð við Hafnarfjörð gáði hann út um rúðu bifreiðarinnar og spurði hvort það sæist til hennar. Svaraði hann síðan sjálfum sér, að þarna væri hún. Atti hann við einhverja bifreið, sem var fram undan á móts við Álverið. Ég sá sjálfur ekki bifreiðina, enda var ég gleraugnalaus."

Heyrði ákærði þá fyrst að sendiferðabifreiðin væri í samfloti með þeim? Svar: "Já".

Var nú gert hlé á réttarhaldinu kl. 15.05 en því síðan framhaldið kl. 15.40.

Hvað var rætt í bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur?

Svar: "Ég man ekki eftir að farþegarnir í aftursætinu töluðu neitt, en Sævar talaði mjög mikið. Ræddi hann um mann pann, sem hann ætlaði að hitta. Ég man að hann sagði að beita þyrfti fullri hörku ef með þyrfti. Sævar hafði og orð á því að láta manninn hverfa. Ég leit á petta eins og hvern annan barnaskap og tók það ekki í alvöru. Ég man ekki eftir að ég gerði athugasemdir við petta, nema til að hæðast að því. Ég kannast ekki við að hafa heyrt Sævar segja að búið væri að bjóða manninum peninga, en hann tæki engum

sönsum og því yrði að gera það sem ákveðið hefði verið.

Mér var ekki ljóst hvaða erindi Sævar átti viðmanninn, en það bendir allt til þess að það hafi verið spíraviðskipti, sbr. það sem síðar hefur komið fram í málinu".

Sá kafli úr skýrslu ákærða hjá rannsóknarlöggreglunni, sem nú hefur verið rakinn, er nú lesinn í heyranda hljóði. Ákærði er spurður hvort hann geri athugasemdir við það. Ákærði kveðst gera athugasemd við setninguna; "síðar átt-aði ég mig á að það sem Sævar sagði um að sýna manninum fulla hörku og jafnvel að láta hann hverfa hlítur Sævar að hafa meint í fullri alvöru". Ákærði tekur fram, að með orðinu síðar, sé átt við löngu seinna, p.e. eftir að ljóst varð að hliðstæður atburður hafði átt sér stað hjá ákærðu.

Skömmu áður en komið var til Njarðvíkur, að ákærða er sagt við Fitjanesi, stóð sendibifreið sú, er áður greinir. Ákærði nam staðar stutt frá bifreiðinni. Sævar Marinó fór þarna út úr bifreiðinni og átti tal við ökumann sendibifreiðarinnar. Ákærði kveðst hafa séð aðeins á höfuðmannsins, er hann hallaði því út um hliðargluggann. Maðurinn hafði sérkennilegt hár. Hann hafði liðað hár rauðbleikt og frekar grannleitur. Ákærði kveðst frekar hallast að því að maðurinn hafi verið með barta, en getur ekki fullyrt það. Ekki veit hann hvað þeim Sævari og manninum fór á milli, og ekki minnist ákærði þess að Sævar hafi nefnt það eftir að hann kom aftur í bifreiðina.

Er nú lesið úr skýrslu rannsóknarlöggreglunnar um það er að framan greinir. Kveðst ákærði engar athugasemdir

gera við það.

Ákærði telur að sendibifreiðin hafi ekki farið á undan þeim, en hún fór á mjög líkum tíma. Ekið var rakleitt gegnum Keflavík og réði Sævar ferðinni. Ákærði man að ekið var fram hjá bíóinu, sem er við aðalgötuna. Þar var eitthvað af fólk í ferli, þar sem hlé var í bíóinu að því er ákærði telur. Minnir ákærða að Sævar hafi sagt við farþegana í bifreiðinni að beygja sig niður. Ákærði kveðst ekki geta tímasett þetta, en það gæti hlaupið á klukkutíma til eða frá. Ákærði tekur þó fram í þessu sambandi að hann óski eftir að tímasetningar verði látnar bíða þar til síðar. Ákærði er ókunnugur Keflavík. Ákærði man eftir húsi sem merkt er Pípu gerð Áhaldahús. Ók hann að þessu húsi og inn á milli húsa. Nam hann þar staðar. Þar fóru Sævar og maðurinn, sem ákærði þekkti ekki úr bifreiðinni. Ákærði beið einhvern tíma þarna, en snéri svo við og ók nokkurn spöl til baka. Ákærða rámar í að hann hafi þá séð sendibifreiðinni ekið með fram rauðu löngu húsi, sem er á fjörukambinum, áleiðis inn í Dráttarbrautina, en um Dráttarbrautina vissi ákærði ekki fyrr en síðar. Eftir nokkra stund komu Kristján Viðar og Sævar aftur. Ákærði man að einhver æsingur var í Sævari. Var það vegna þess að tíminn var orðinn of naumur til að hitta manninn og hann e.t.v. farinn af stað þeim, sem ákveðið hafði verið að hitta hann, og eins að Sævar taldi að þeir væru komnir of nærri lögreglustöðinni. Ekki er ákærði þó viss um að hið síðar nefnda hafi verið haft á orði. Því næst var ekið

aðalgötunni og beygt inn hægri að bensínsölustöð. Var numið par staðar og fór Sævar inn og keypti eitthvað. Ákærði veit ekki hvort Sævar ætlaði að hringja þarna, en hann hafði orð á því að þarna inni hefði verið margt fólk. Eftir þetta var ekið yfir aðalgötuna eftir götu sem liggur í átt að höfninni, fram hjá Hafnarbúðinni og Kaupféluginu og í boga að aðalgötunni aftur og að bensínstöð, sem þar er. Numið var staðar þar og tók ákærði bensín á bifreiðina. Sævar greiddi bensínið. Því næst var ekið áleiðis að Hafnarbúðinni og numið staðar í grennd við hana. Ákærði hafði aldrei áður heyrt Hafnarbúðina nefnda og ekki var hún nefnd á nafn þarna. Ákærði telur að hann hafi numið staðar 100-200 m frá Hafnarbúðinni. Ákærða minnir að þeir Sævar og Kristján hafi farið þar úr bifreiðinni. Ákærði man ekki að það hafi verið nefnt að Kristján ætti að hringja í Hafnarbúðinni. Ákærði man ekki eftir að Sævar hafi látið sig fá neinn miða áður en farið var til Keflavíkur. Hann er þó ekki frá því að minnst hafi verið á einhvern miða áður en Kristján Viðar og Sævar fóru úr bifreiðinni. Hvort þessi miði hafi fundist hjá sér getur hann ekkert staðhæft um. Ákærði kveðst ekkert vita hvort þeir Sævar og Kristján Viðar fóru. Ákærði giskar á að þeir Kristján Viðar og Sævar hafi verið í burtu í um 10 mínútur. Hvorugur þeirra minntist á þegar þeir komu aftur að hringt hefði verið í manninn. Ákærða minnir þó að annar hvor þeirra hafi sagt eitthvað á þá leið: "Hann kemur". Ákærði giskar á að aðrar 10 mínútur hafi liðið þar til maður, sem hann þekkti

ekki kom að bifreiðinni. Sævar fór út og hleypti manninum inn í bifreiðina. Maðurinn settist í aftursæti en hvar, getur ákærði ekki sagt um. Þó sé eðlilegast að hann hafi sest fyrir aftan Sævar. Ákærði kveður orðin; "hann kemur" geta eins hafa verið sögð, er maðurinn var að koma að bifreiðinni og telur hann að það hafi verið Sævar sem sagði þau.

Lesið er í heyranda hljóði úr skýrslu ákærða hjá rannsóknarlöggreglu, er fjallar um efni það, er nú hefur verið rakið. Kveðst ákærði staðfesta skýrsluna með framan-greindum breytingum.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 17.10.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, fimmtudaginn 30. júní, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Mættir eru í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinars-son, saksóknari, og skipaður verjandi ákærða Guðjóns Skarp-héðinssonar, Benedikt Blöndal, hrl.

Kl. 10.00 kemur í dóminn ákærði Guðjón Skarphéðinsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Ákærða eru sýndar myndir af Geirfinni Einarssyni.

Ákærði kveðst ekki treysta sér til að segja til um hvort myndirnar séu af manni þeim, sem kom upp í bifreið ákærða.

Ákærði kveðst ekki hafa tekið eftir hvernig maðurinn var klæddur. Lýsing sú, sem að hann hefur gefið af klæðnaði mannsins er eftir frétt í Morgunblaðinu. Ekki minnist ákærði þess að maðurinn kynnti sig eða að nafn hans væri nokkurn tíma nefnt. Ákærði kveðst ekki geta fullyrt um hvort framangreindur maður var Geirfinnur Einarsson, en kveðst að svo stöddu ekki hafa ástæðu til að efa það.

Eitthvað var ekið um Keflavík áður en haldið var í Dráttarbrautina, en um hvaða götur, getur ákærði ekki sagt, þar sem hann er ókunnugur í Keflavík eins og áður greinir.

Ákærði kveður Sævar hafa rætt við Geirfinn eingöngu. Minnist hann þess ekki að aðrir hafi tekið þátt í samræðunum.

Ákærði kveðst ekki muna nákvæmlega hvað Sævar ræddi við Geirfinn, en kveðst vísa til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu um það atriði. Farið er yfir skýrslu rannsóknarlögreglunnar um þetta atriði. Segir ákærði það rétt að þeir hafi rætt um spíra og virst vera að reyna að fá upplýsingar hvor hjá öðrum. Ákærði kveðst hafa sagt, svo

sem í skýrslunni greinir, að Sævar hafi verið með peninga í höndunum og boðið þá Geirfinni gegn því að fá spíra eða upplýsingar um spíra. Ákærði veit ekki hvað varð af peningunum. Ákærði tekur fram, að hann hafi ekki á þessari stundu haft neina vitneskju um kynni Geirfinns og Sævars né fyrri samskipti þeirra. Einhver misskilningur var á milli Sævars og Geirfinns um spírann. Var það annað hvort að Geirfinnur taldi Sævar ekki vera þann mann, sem hann átti að vera, eða vissi ekki um geymslustað spírans. Ákærði man ekki eftir að nafn Magnúsar Leópoldssonar væri nokkurn tíma nefnt, né nafn neins. Eitthvað þjark var um þetta, en það stóð ekki í langan tíma. Geirfinnur bað ekki um að fá að fara út úr bifreiðinni. Sævar ákvað að ekið væri í Dráttarbrautina. Ákærði kveður það nærri lagi að ekið hafi verið inn á plan norðan við Dráttarbrautarhúsið, síðan niður með því og stöðvað á móts við stefni báta, er voru í slippnum sunnudaginn 23. janúar s.l. Þegar numið var staðar í Dráttarbrautinni var ekki komið samkomulag á milli þeirra Sævars og Geirfinns. Ákærði kveðst ekki vita hvort þeir fóru strax út úr bifreiðinni eftir að numið hafði verið staðar, en hann telur líklegt að hann hafi slökkt ljósin eftir að hann hafði stöðvað vélina. Ákærði kveðst hafa farið vinstra megin út úr bifreiðinni, en farþegarnir hægra megin. Ákærði telur að Sævar hafi farið fyrst út. Ákærði telur að Geirfinnur og Kristján Viðar hafi farið út úr bifreiðinni á undan sér, en Erla varð eftir inni í henni.

Lesið er nú úr skýrslu ákærða hjá rannsóknarlöggregl-

unni er fjallar um það, er nú hefur verið rakið. Ákærði kveður það rétt, sem í skýrslunni greinir með framangreindum athugasemdum. Hann tekur fram að ekki sé svo gott að segja til um tímann.

Ákærði telur að hann hafi komið langseinastur þeirra út úr bifreiðinni. Ákærði man ekki eftir neinum orðaskiptum, en engin átök voru byrjuð. Ekki man ákærði eftir að hann hafi blandað sér í samræður við Geirfinn. Ákærði segir það vera tilgátu frá sér að Geirfinnur hafi veist að sér með orðum og hann orðið ofsalega reiður. Ákærði telur það ekki vera rétt hjá sér, að hann hafi reiðst Geirfinni. Ákærði borir ekki að staðhæfa að Geirfinnur hafi ætlað brott, en hann tekið í öxl hans og stöðvað hann. Ekki man ákærði eftir að hafa sagt um Geirfinn: "Við skulum taka hann í gegn". Ákærði man ekki eftir að hafa lent í tuski við Geirfinn og náð á honum hálstaki. Ákærði kveður Karl Schütz hafa sagt sér þetta og haft eftir Kristjáni Viðari. Ummæli Schütz voru sem hér segir: "Der Kristján hat mir gesagt das er hat von ihnen einen Halsgriff übernommen". Ákærði man ekki eftir að hafa fellt Geirfinn til jarðar og að hann hafi dasast við það. Ákærði kveðst ekki geta lýst þætti þeirra Kristjáns Viðars og Sævars í átökunum. Ákærði man ekki eftir að barefli hafi verið notað. Orðrétt segir ákærði: "Eg get ekki lýst þessum atburðum sem urðu parna svo nokkurt lag né vit sé í og hef alltaf haldið mig við það. Í síðustu viðræðum okkar Karls Schüts sagði hann mér frá ákveðnum þáttum í átökum, sem parna hefðu átt sér

stað, en ég hef ekki séð". Ákærði telur sig eftir á að hyggja, muna eftir því augnabliki, er Geirfinnur fíll til jarðar, en með hverjum hætti það gerðist, veit hann ekki. Ákærði kveður sér hafa verið ljóst að Geirfinnur var láttinn. Ákærði man ekki eftir hvernig Geirfinnur lá og ekki man hann eftir að hafa séð áverka á honum. Ákærði man ekki eftir að hann hafi orðið þess var að sparkað hafi verið í Geirfinn eftir að hann var fallinn. Ákærði veit ekki um dánarorsök Geirfinns. Ákærði getur ekki sagt um hvort Geirfinnur hafi beðið bana í átökum við þá þrjá. Ákærði getur enga grein gert fyrir því hvort að hann vék af staðnum eftir átökin.

Skýrsla ákærða hjá rannsóknarlöggreglu um það, er nú hefur verið rakið, er nú lesin í heyranda hljóði, svo og framburður ákærða í dómi 30. janúar 1977 um átökin. Einnig er lesið úr handriti ákærða um átökin 14. desember 1976, sem er sagt vera til uppfyllingar á fyrri skýrslum.

Ákærði er spurður um það, hvort það sé rétt sem hann hefur skýrt rannsóknarlöggreglu frá um átökin og síðan staðfest í dómi svo og það, er hann hefur skráð 14. desember 1976 í Síðumúla. Svar ákærða er sem hér segir: "Mér var það ljóst frá upphafi að ég var í þeirri hættulegu aðstöðu að geta játað öllu eða neitað öllu um þessa atburði. Ég mundi ekkert sjálfstætt og gat sjálfur enga grein gert mér fyrir því, hvað gerst hafði, hvorki fyrir mínum þætti né annara, sem þarna voru".

Ákærði er spurður hvort það sé rangt eða rétt, sem

í framangreindum skýrslum greinir. Svar ákærða er: "Ákærði treystir því að rannsóknarlöggreglumenn og herra Karl Schütz hafi ekki vísvitandi farið með rangt mál við ákærða í ýmsum þeim lýsingum, sem þeir gáfu honum, sem áttu að hafa gerst á umræddum stað og á umræddum tíma".

Ákærði er spurður um það hvort hann kannist við nafnritun sína undir löggregluskyrslu frá 25. janúar 1977 og kveður hann svo vera.

Þá er ákærði spurður um það, hvort hann kannist við að hafa skrifað skýrsluna 14. desember 1976, sem er til uppfyllingar á fyrri skýrslum. Ákærða er sýnt handritið. Ákærði kannast við að hafa skrifað handritið. Það hafi þó einungis verið umræðugrundvöllur, en aldrei átt að nota sem dómskjal. Ákærði kveðst hafa afhent Grétari Sæmundssyni mörg plögg af þessu tagi.

Ákærði kveðst ekki vera frá því að hann hafi séð sendibifreið¹ Dráttarbrautinni, en hvar hún var veit hann ekki. Ákærða hefur verið sýnd sendibifreiðin, sem talið er að hafi verið í Dráttarbrautinni. Ákærði getur ekki sagt um hvort um sömu bifreið var að ræða. Ákærði tekur fram að sé um sömu bifreið að ræða hafi ekki verið á henni rauðar rendur á hliðum, né framstuðari rauður né heldur f-númer. Ákærði telur að R-númer hafi verið á bifreiðinni.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 12.00.

Finghaldinu er framhaldið kl. 14.10.

Kl. 14.10 kemur í dóminn að nýju ákærði Guðjón Skarp-

héðinsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Ákærði vekur athygli á því, að þetta sé í fyrsta skipti, sem hann kemur fyrir dóm þar sem farið er í hvert einstakt smáatriði og þau rakin lið fyrir lið.

Ákærði kveðst ekki muna hvað gert var við lík Geirfinns Einarssonar. Hann segir að það sé sér stórlega til efs að það hafi verið sett inn í Volkswagen bifreiðina og flutt til Reykjavíkur. Ákærði varð ekki var við Erlu Bolladóttur eftir átökin, og ekki var minnst á það, hvert hún hefði farið. Ekki man ákærði eftir að leitað hafi verið að Erlu og hann kannast ekki við að hafa lagt áherslu á að það yrði gert. Ákærði kveðst ekki hafa orðið var við lík Geirfinns í bílnum og ekki varð hann var við kápu Erlu Bolladóttur. Ákærði kveðst ekkert geta sagt um hvenær sendibifreiðin fór á brott og ekki séð hana meira. Ákærði ók bifreiðinni til Reykjavíkur. Minnir ákærða að Sævar hafi setið við hlið hans, en Kristján Viðar í aftursætinu. Ákærði vísar til lögregluskyrslu um það er gerðist á leiðinni til Reykjavíkur.

Lesið er nú úr lögregluskyrslu það er ákærði greinir frá um brottförina úr Dráttarbrautinni og ferðina til Reykjavíkur. Ákærði kveður sér vera til efs hvort þetta er rétt. Ákærði er sérstaklega spurður um hvort hann minnist þess að Sævar Marinó hafi slegið á öxl hans, er þeir voru staddir á hæðinni fyrir ofan Hafnarfjörð og sagt að hann (ákærði) væri samsekur um morð og bætt við "sástu ekki hvað við gerð-

um viðmanninn?" Ákærði telur sig muna eftir þessum orðaskiptum. Í skýrslu ákærða segir að það sé ekki um það að efast að lík Geirfinns hafi verið í bifreiðinni. Ákærði kveðst ekki vilja breyta þessu, en þó leiki mikill vafi á að líkið hafi verið í bifreiðinni frá sínu sjónarmiði.

Ákærði er spurður um það, hvort þeir hafi rætt um það hvað gera ætti við líkið. Hann man ekki eftir hvort um það var rætt þá.

Ákærði er um það spurður hvort þessi setning sé rétt, sem eftir honum er höfð í löggregluskyrslu:

"Ég man að við töluðum um hvað ætti að gera við líkið". Svar ákærða er: "Ég hef ekkert fyrir mér í þessu". Er nú lesið úr löggregluskyrslu það er fram kemur í framburði ákærða hjá löggreglu um þá staði, er ákærðu hygðust koma líkinu fyrir. Ákærði kveður geymslustaði þá, er fram koma í skýrslu hans komna frá sér. Ákærði tekur fram, að hann geti ekki gert sér grein fyrir hvort þessir staðir hafi nokkurn tíma komið til umræðu 19. nóvember 1974.

Ákærði kveður framburð þennan einnig tilkominn vegna breyttingar þeirrar, er varð á rekstri og rannsóknaraðferðum málsins um áramótin 1976/1977. Ákærði getur ekkert sagt um það, hvert ekið var er til Reykjavíkur kom, annað en að ekið hafi verið sem leið liggur að Grettisgötu 82. Ekki man ákærði eftir því hver átti hugmyndina um það að þangað var ekið.

Er nú lesið það úr skýrslu ákærða hjá rannsóknarlöggreglu, er um aksturinn greinir. Ákærði vísar til þess, er

áður greinir um aksturinn og svo uppástungu hans að aka til hægri og beygja austur Miklubraut.

Ákærði er spurður um það hvar hafi verið numið staðar við Grettisgötu 82. Ákærði kveðst nú ekki geta borið af eigin vitneskju um það að þangað hafi verið ek- ið, en fellt framburð sinn að því, sem lýst var fyrir honum 12. nóvember 1976. Ákærði man ekki eftir að hann hafi aðstoðað við að bera líkið úr bifreiðinni niður í kjallarann. Ákærði man ekki eftir er hann fór inn í kjallarann, en hins vegar telur hann sig ráma í það, er hann fór þaðan út. Ákærði man eftir dálítið sérkennilegum tröppum, sem liggja niður í kjallarann. Ákærði telur sig óljóst muna eftir tveimur miðstöðvarkötlum í kjallaranum. Ákærði treystir sér ekki til að fullyrða um það hvort hann hafi rekist utan í miðstöðvarkatlana, en katlarnir standi dálítið sér- staklega af sér. Ákærði man að hann átti erfitt um gang í kjallaranum vegna myrkurs, pípulagna og ýmissa aðstæðna. Ákærði telur sig muna, en óljóst, að hann hafi séð í bak- hlutann á Kristjáni Viðari og Sævari inni í einhverju her- bergi í kjallaranum, að ákærða skilst í þvottahúsinu. Ekki man ákærði eftir að hafa séð líkið í kjallaranum, en hann vísar í skýrslu hjá rannsóknarlöggreglu um það hvað meðákærðu hafi aðhafst.

Er nú lesið úr skýrslu ákærða hjá rannsóknarlöggreglu um það, er hann telur sig hafa séð inni í kjallaranum. Ákærði telur vafasamt að það sé rétt, er hann skýrir frá í skýrslunni um að hann hafi séð það í kjallaranum, er í

skýrslunni hjá rannsóknarlöggreglu greinir. Meira kveðst ákærði ekki hafa um þetta að segja. Ákærði kannast ekki við, að hafa séð Kristján Viðar taka neina muni af líkinu. Ákærði man ekki eftir því að hafa farið upp í íbúðina að Grettisgötu 82. Ákærði man ekki hvað hann hafði langa viðvöl þarna en hann fór út bakdyramegin eins og áður greinir. Ákærði man eftir að hafa dottið um einhvern vegg þar sem hann áttaði sig ekki á að tröppurnar voru til hægri. Ákærði er spurður um hvort Sævar eða Kristján Viðar hafi farið með honum, er hann fór á brott. Ákærði man ekki eftir að Kristján hafi farið með sér, en þorir ekki að fullyrða með Sævar. Ákærði veit ekki hvar hann skildi Volkswagen bifreiðina eftir, en er helst á því að hann hafi skilið hana eftir við efnalaugina Úðafoss. Ákærði kveðst ekki muna að hafa ekið Fiat bifreiðinni heim til sín um nóttina, en telur líklegt að hann hafi ekið henni frá Vatnsstígl, þar sem hún stóð við heimili sitt að Ásvallagötu 46 morguninn eftir. Ákærði man ekki hvað varð af lyklum Volkswagen bifreiðarinnar. Ákærða minnir að Sævar hafi verið að tala til sín einhver hughreystingarorð um nóttina og sagt að petta væri allt í lagi, hann skyldi sjá um það sem eftir væri.

Framburður ákærða í skýrslu hans hjá rannsóknarlöggreglu um það er nú hefur verið rakið, er nú lesinn í heyranda hljóði. Ákærði vísar til þess, er hann hefur áður greint frá.

Ákærði kveðst hafa farið í vinnu daginn eftir hinn

20. nóvember. Þegar vinnu var lokið kl. 17.00 fór ákærði inn á veitingahúsið Mokka. Ákærði víesar til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlöggreglu um það hvar hann sat. Hann víesar og til skýrslunnar um það, er hann var að lesa, þ.e. grein í Þjóðviljanum um útför Þórbergs Þórðarsonar. Ákærði man að Sævar kom inn í veitingastofuna og man ákærði að hann gekk til hans og sagði við hann, að nú væri bara að þegja. Sævar settist ekki hjá ákærða. Ákærði kveður svo sem í skýrslu hans hjá rannsóknarlöggreglu greinir Sævar hafa komið með sér út. Minntist Sævar á einhverja skóflu við ákærða. Spurði hann ákærða hvort hann mætti taka skóflur, er voru heima hjá ákærða og ákærði hafði fengið að láni. Aðra skófluna, sem er með löngu skafti og kúptu blaði, hafði ákærði fengið lánaða hjá Einari Jónssyni.

Ákærði sér í dóminum skóflu, sem rannsóknarlöggreglan lagði hald á. Ákærði getur ekki sagt hvort um sömu skóflu er að ræða, en hún er sams konar og hann fékk lánaða hjá Einari. Hin skóflan var stunguskófla að ákærða minnir. Ákærði kveður sig einu sinni hafa minnt að skóflurnar hafi verið í ólæstri geymslu, sem er undir tröppum. Ákærði man ekki eftir að hafa afhent Sævari skóflurnar og ekki man hann eftir að hafa tekið við þeim af honum.

Framburður ákærða hjá rannsóknarlöggreglu um það, er nú hefur verið rakið, er lesinn í heyranda hljóði. Ákærði hefur ekkert annað við framburðinn að athuga, en að hann viti ekkert hvort Sævar hafi tekið skóflurnar.

Ákærða er kynnt það, er ákærði Sævar Marinó segir um skóflu þá, er hann fékk hjá ákærða. Ákærði kannast ekki við það að Sævar Marinó hafi fengið lánaða hjá honum skóflu, svo sem í framburði Sævars Marinós greinir.

Ákærði neitar að hafa átt nokkurn þátt í að flytja lík Geirfinns Einarssonar frá Grettisgötu 82 og grafið það. Enginn meðákærðu hafa nefnt við ákærða hvar líkið er grafið svo hann muni og kveðst hann ekkert um það vita. Hins vegar hafa rannsóknarlöggreglumenn sagt við ákærða að Sævar hafi skýrt frá því að hann hafi nefnt við ákærða þann stað, þar sem líki Geirfinns hafi verið komið fyrir en ákærði man ekki hvenær hann gerði það né hvar. Ákærði kveður það geta verið að Sævar hafi einhvern tímamann nefnt það við sig að blanda Klúbbmönnum í málið ef það kæmist upp. Þetta var í Bankastræti, er ákærði var að koma frá veitingastofunni Mokka og fór Sævar þá einnig fram á að fá skóflu hjá ákærða.

Skýrsla ákærða hjá rannsóknarlöggreglu um það, er nú hefur verið rakið er nú lesin í heyranda hljóði. Ákærði tekur fram, að hann telji að Sævar hafi ekki nokkurn tíma sagt það við sig, er þar greinir. Annað hefur ákærði ekki að athuga við pennan hluta framburðar hans.

Niðurlag skýrslu ákærða frá 25/1 er nú lesið í heyranda hljóði. Ákærði tekur fram, að breyting sú, sem hann hefur gert á skýrslunni nú, sé áréttинг þeirra niðurlagsorða er þar greinir.

Ákærða er kynnt upphaf skýrslu Sævars Marinós hjá rannsóknarlöggreglu 15. nóvember 1976. Ákærði kveður það

rétt að hann hafi hringt í sig tvisvar 12. desember 1975.

Ákærði kannast ekki við að hafa rætt við Sævar það er hann greinir frá í skýrslunni. Vær ekkert minnst á Geirfinnsmálið í símtali þessu.

Skyrsla Erlu Bolladóttur hjá rannsóknarlögreglu frá 21. nóvember 1976, er lesin í heyranda hljóði. Ákærði kannast ekki við að Erla hafi nokkurn tíma hringt í sig og hann hefur aldrei hringt til hennar. Hins vegar kom Erla á heimili ákærða í janúar 1976. Ræddi hún þar um ýmis mál svo sem Guðmundarmálið, póstávísanamálið og einnig nefndi hún lítillega Geirfinnsmálið. Tveim til þremur dögum seinna hitti ákærði Erlu á veitingahúsinu Tröð og ræddi þar við hana, m.a. um Geirfinnsmálið all-ítarlega. Sagði hún þá sömu sögu og stóð í dagblöðunum með nokkrum viðbótum. Eftir þetta kveðst ákærði ekki hafa heyrt né séð Erlu Bolladóttur.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 16.53.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, föstudaginn 1. júlí, er dómping sakadóms

Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Sakadómsmálið:

Akæruvaldið

gegn

Kristjáni Viðari Viðarssyni,

Sævari Marinó Ciesielski,

Guðjóni Skarphéðinssyni

og

Erlu Bolladóttur.

Mættur er í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari.

Kl. 10.10 kemur í dóminn sem vitni, Jóhann Guðfinnsson, Suðurvör 4, Grindavík, fæddur 10. mars 1951.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því að það hafi verið vélstjóri á m.b. Arney KE-50. Báturinn lagði upp í Keflavík veturinn 1974 til 1975. Vitnið kom þennan vetur oft í Hafnarbúðina í Keflavík. Vitnið kveðst hafa veriðstatt í Hafnarbúðinni 19. nóvember 1974 á tímanum frá kl. 21.00 til 23.00. Vitnið kveðst hafa gefið sig fram við löggregluna þegar auglýst var eftir þeim, sem hafi verið í Hafnarbúðinni kvöld það, er Geirfinnur Einarsson hvarf. Vitnið kveðst hafa setið við borð í veitingasalnum fyrir honum u.p.b.

miðjum og snúið baki að afgreiðsluborði og þá um leið frá stað þeim, þar sem síminn er. Með vitninu voru Hrefna Óskarsdóttir og skipsfélagi þess Jón Guðni Pétursson. Vitnið kannaðist ekki við Geirfinn Einarsson og veit ekkert hvort hann hafi komið inn í Hafnarbúðina þetta kvöld.

Vitnið kveður fólk alltaf hafa verið að koma inn í Hafnarbúðina og kveðst það ekki hafa veitt því sérstaka athygli.

Vitninu eru sýndar myndir af ákærðu, Kristjáni Viðari Viðarssyni og Sævari Marinó Ciesielski. Vitnið kveðst ekki geta sagt um hvort menn þessir hafi komið inn í Hafnarbúðina eða ekki.

Þá sér vitnið myndir af Geirfinni Einarssyni. Kveðst það ekki minnast þess að hafa nokkurn tíma séð hann.

Vitnið veitti ekki neinum mönnum sérstaka athygli er hringdu úr Hafnarbúðinni. Vitnið minnir fastlega að afgreiðslustúlkurnar hafi verið í ljósbláum afgreiðslusloppum.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 10.25.

Kl. 10.30 kemur í dóminn sem vitni Hulda Björk Ingi-bergasdóttir, Krúmmahólum 6, fædd 23. ágúst 1946.

Áminnt um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því, að það hafi dvalist mikið að Laugavegi 32 hér í borg haustið 1974. Vitnið dvaldist mikið í herbergi nr. 9 í húsinu hjá Páli Konráðssyni. Ákærði Kristján Viðar Viðarsson var þarna mikið og svaf

hann parna oft. Vitnið kveður þau Pál Konráð hafa farið af Laugavegi 32 rétt eftir 20. nóvember. Vitnið man að einhvern tíma seinni part dags, skömmu áður en þau fóru, var hringt til Kristjáns Viðars. Vitnið kveðst ekki geta alveg staðhæft hvenær þetta var, en það sé afar líklegt að það hafi verið 19. nóvember. Páll Konráð svaraði í símann og kallaði síðan á Kristján Viðar. Sagði hann að Sævar Marinó, sem vitnið kannast við, væri í símanum. Kristján Viðar fór síðan í símann, en ekki heyrði vitnið hvað hann sagði, enda er síminn á næstu hæð fyrir neðan. Þegar Kristján Viðar kom aftur upp í herbergi sagði hann að Sævar hefði verið að biðja sig að koma til Keflavíkur til að ná í spíra, en ekki greindi hann nánar frá þessu. Kristján Viðar bað Pál um að koma með í ferðina. Páll virtist ekki hafa mikinn áhuga á að fara, en talaði þó um að hann hefði áhuga á spíranum. Vitnið og Páll héldu að einungis væri um lítið magn að ræða, jafnvel 2-3 flöskur. Einhvern tíma um kvöldið var hringt dyrabjöllunni, en ekki kveðst vitnið vita hver hringdi. Vitnið getur ekki staðhæft hvenær kvöldsins þetta var, en telur að það hafi verið frekar snemma, a.m.k. ekki seint og miðar þá við það, að þau Páll Konráð fóru eitthvað út að skemmta sér saman. Kristján hafði verið að bíða eftir að einhver maður kæmi að sækja sig. Hann nefndi ekki hvaða maður það væri, en þetta var í sambandi við ferðina til Keflavíkur. Kristján Viðar fór sjálfur til dyra að vitnið telur og hélt síðan fljótlega á brott með manninum. Vitnið heldur að Kristján

hafi verið í svörtum leðurjakka, en nánar um klæðnað hans, kveðst vitnið ekki muna. Kristján kom aftur að Laugavegi 32 um hádegið daginn eftir. Sagðist hann hafa verið að Grettisgötu 82 um nóttina. Kristján Viðar var ekki í sömu fótunum og hann hafði verið í kvöldið áður. Sagðist hann hafa haft fataskipti og farið í bað. Vitnið minnir að Kristján hafi verið í ljósum gærupelsi. Í þessu sambandi tekur vitnið fram, að Kristján hafi ýmist verið í leðurjakkanum eða gærupelsinum. Megi vera að hann hafi eins verið í gærupelsinum, er hann fór á brott, en í leðurjakkanum, er hann kom daginn eftir. Vitnið er þó frekar á því að betta hafi verið á hinn veginn. Ekki minntist Kristján Viðar neitt á ferðina til Keflavíkur. Það lá ljóst fyrir að Kristján hafði engann spíra fengið í ferðinni. Ekki kveður vitnið ferð þessa hafa neitt verið setta í samband við hvarf Geirfinns Einarssonar. Var ekki minnst á ferð þessa meira.

Skýrslur vitnisins hjá rannsóknarlöggreglu liggja frammi og lýsir vitnið því yfir að það staðfesti þær með framangreindum breytingum.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúá á Guð. Að loknum lögmæltum undirbúningi vann vitnið eið að framburði sínum.

Vék frá kl. 11.00.

Kl. 11.05 kemur í dóminn ákærði Guðjón Skarphéðinsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Með honum mætir skipaður verjandi hans Benedikt Blöndal, hrl.

Ákærða er nú kynntur framburður Sævars Marinós um flutninga á líki Geirfinns Einarssonar 21. nóvember 1974 í þinghaldi 21. júní s.l. Ákærði kveður framburð Sævars Marinós alrangan að því er hann snerti. Hann hafi engan þátt átt í að flytja lík Geirfinns frá Grettisgötu 82 upp í Rauðhóla og grafa það þar eins og Sævar Marinó heldur fram. Ákærði kveðst ekkert vita hvar lík Geirfinns Einarssonar er niður komið. Ákærðu hafi aldrei sagt sér neitt um þetta svo hann muni.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 12.05.

Kl. 14.30 kemur í dóminn sem vitni Páll Konráð Konráðsson Þormar, Óðinsgötu 8 A, fæddur 2. júlí 1953.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því, að það hafi dvalist að Laugavegi 32 haustið og fyrri part vetrar árið 1974 ásamt Huldu Björk Ingibergsdóttur. Vitnið var á herbergi nr. 9. Ákærði Kristján Viðar Viðarsson dvaldist mikið hjá vitnini um þessar mundir og svaf þar flestar nætur. Vitnið man að einhvern tíma dags, sennilega um kl. 16.00, var hringt í síma, sem er niðri á ganginum. Vitnið telur öruggt að þetta hafi verið 19. nóvember 1974 eða sama dag og Geirfinnur Einarsson hvarf í Keflavík. Vitnið fór í símann

og var Sævar Marinó Ciesielski, sem vitnið pekkir í símanum. Sævar sagði vitninu hver hann væri og einnig pekkti vitnið rödd hans. Sævar Marinó spurði eftir Kristjáni Viðari og fór vitnið upp í herbergi og sótti Kristján. Kristján fór í símann, en ekki heyrði vitnið hvað hann sagði. Þegar Kristján Viðar kom upp í herbergið aftur sagði hann, að Sævar hefði verið að biðja sig um að koma með sér í sjóferð frá Hafnarfirði til að sækja spíra. Er vitnið öruggt um að Kristján hafi nefnt Hafnarfjörð, en ekki Keflavík og einnig að hann nefndi sjóferð. Vitnið og Kristján ræddu þetta um stund. Sagðist vitnið gjarnan vilja koma með til að ná í spírann. Kristján Viðar tók vel í þetta og bauð vitninu að koma með. Kristján Viðar taldi að smygla ætti spíranum og kveðst vitnið ekki efast neitt um það, en taldi þó að um lítilræði væri að ræða. Ekki minntist Kristján Viðar á neinn annan en Sævar Marinó, er ætluðu að taka þátt í þessu. Á tímanum frá kl. 20.00 til 21.00 var dyrabjöllunni hringt og fór Kristján til dyra, en Kristján átti von á að komið yrði að sækja sig. Vitnið kveðst ekki hafa vitað hver hringdi. Kristján Viðar skipti um jakka áður en hann fór á brott og man vitnið, að hann fór í svörtum leðurjakka, sem vitnið hafði áður átt. Utan yfir fór hann í hvítan gærujakka. Vitnið man að öðru leyti ekki eftir hvernig Kristján Viðar var klæddur. Um leið og Kristján var að fara út úr húsinu, kveðst vitnið hafa farið út í glugga, sem er á vesturgafli hússins, en þaðan sést niður á Vatnsstíg. Gerði vitnið þetta til þess

að forvitnast nánar um hvaða maður væri með Kristjáni.

Vitnið kveðst hafa séð Kristján Viðar út um gluggann og mann, er var í fylgd með honum. Vitnið þekkti ekki manninn. Vitnið kveður manninn hafa verið meðal mann á vöxt og á að giska 20 til 30 ára. Vitnið sá á bak manninum en man ekki hvernig hann var klæddur. Vitnið er öruggt um að þetta var ekki Sævar Marinó. Mennirnir gengu norður yfir Laugaveginn og niður á Vatnsstíg uns þeir komu á móts við Dún- og fiðurhreinsunina, en þar námu þeir staðar við bifreið, er stóð vestan við götuna. Vitnið segir að bifreið þessi hafi verið fólksbifreið, en getur ekki sagt af hvaða tegund, og ekki heldur hvernig hún var á litinn.

Vitnið segir að bifreiðin hafi ekki verið stór. Vitnið sá að fólk var inni í bifreiðinni, en ekki veit vitnið hve margt það var. Vitnið sá að maður sat undir stýri bifreiðarinnar. Vitnið veitti ekki athygli neinu fólki á gangstéttinni. Vitnið sá að Kristján og maðurinn fóru inn í bifreiðina. Í því fór vitnið úr glugganum og sá það ekki meira til bifreiðarinnar. Vitnið kveður það hafa verið afráðið áður en Kristján Viðar fór á brott, að það færi ekki með í ferðina. Vitnið og Hulda Björk fóru stuttu síðar út og héldu á dansleik í Tjarnarbúð. Vitnið kveður þá Kristján báða hafa neytt lyfja þetta kvöld. Höfðu þeir neytt lyfja um mánaðarskeið fyrir framangreindan atburð og kveðst vitnið ekki muna þetta eins vel vegna þess. Kristján Viðar hafði neytt einhverra lyfja áður en hann fór á brott og telur vitnið, að um róandi lyf hafi verið að ræða.

Kristján Viðar kom aftur annað hvort um nóttina eða daginn eftir. Vitnið man að Kristján vantaði einhver föt. Ekki man vitnið hvernig það bar að, en vitnið fór út að bifreið, sem Kristján hafði komið í og sótti gærujakka Kristjáns. Vitnið veitti bifreiðinni eftirför og náði henni við umferðarljósin við Klapparstíg. Vitnið man ekki hvernig bifreið þetta var. Karlmaður og kona voru í bifreiðinni og telur vitnið að konan hafi ekið, en er ekki alveg öruggur um þetta. Vitnið telur sig hafa kannast við fólk það, er var í bifreiðinni, en getur ekki komið því fyrir sig. Fólk þetta var ungt, á að giska um tvítugt. Vitnið kveður geta verið að maðurinn hafi verið Sævar Marinó, en er ekki alveg öruggt.

Vitnið þekkti ekki Erlu Bolladóttur á þessum tíma, og getur ekki sagt um, hvort um hana hafi verið að ræða. Vitnið spurði um gærujakkann og rétti konan honum hann.

Vitnið sér myndir af Sævari Marinó og Erlu. Vitnið þekkir Sævar Marinó. Vitnið telur geta verið að það hafi verið Erla, sem ók bifreiðinni. Vitninu virtist verða breyting á Kristjáni Viðari eftir framangreinda ferð. Hann var meira inn í sjálfan sig og jók neyslu á róandi lyfjum. Virtist vitninu Kristján helst vilja vera í vímu. Vitnið spurði um spírann og var að gera grín að ferðalaginu, en Kristján virtist hafa komið alveg slippur úr því. Kristján vildi ekkert ræða ferðalagið við vitnið og spurði vitnið hann ekkert meira um það. Aldrei ræddi Kristján heldur Guðmundarmálið við vitnið. Vitnið miðar tímasetningu

pá, er að framan greinir, við það að auglýst var eftir Geirfinni skömmu eftir að Kristján fór í ferðina. Vitnið man eftir því, að það var í veitingahúsinu Klúbbnum um helgi með Kristjáni og Sævari rétt áður en Geirfinnur hvarf í Keflavík. Þeir voru að reyna að stela veskjum af fólk, er var í veitingahúsinu. Telur vitnið að Kristján hafi tekið eitt veski. Vitnið kveður þá Sævar og Kristján hafa rætt við fleiri en einn mann svo að það sái, og var tilgangurinn að reyna að ná veski af þeim.

Vitnið sér myndir af Geirfinni Einarssyni. Vitnið kveðst ekkert geta sagt um hvort ákærðu hafi talað við hann. Ákærðu minntust ekkert á að þeir hafi hitt Geirfinn eða mann úr Keflavík í veitingahúsinu.

Vitnið man að Sigurður Óttar Hreinsson, frændi Kristjáns Viðars, kom að Laugavegi 32 einhvern tíma eftir að Sævar hringdi 19. nóvember 1974, og ræddi við Kristján. Vitnið veit ekkert hvað þeim fór á milli. Vitnið kveðst staðfesta skýrslur sínar hjá rannsóknarlöggreglu með áorðnum breytingum. Vitnið kveður misrämi það sem er á milli skýrslu hans hjá rannsóknarlöggreglunni og framburðar hans nú, stafa af því, að rannsóknarlöggreglumenn þeir, er yfirheyrðu vitnið hafi sett inn í skýrsluna atriði, sem vitnið hafði alls ekki sagt.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið man ekki til að hann þekki neinn í Keflavík og það kannast ekki við neinn mann þar sem kallaður er Geiri og hefur fengist við ólöglega áfengissölu eða spíra-

smygl. Vitnið kannast ekki við að hafa rætt við Sævar um neinn Geira.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúá á Guð. Að loknum lögmæltum undirbúningi vann vitnið eið að framburði sínum.

Vék frá kl. 16.00.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, mánudaginn 4. júlí, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari.

Dómurinn tekur fram að samkvæmt upplýsingum, sem aflað hefur verið hafi ákærða Erla Bolladóttir setið í gæsluvarðhaldi sem hér segir: 13/12 til 20/12 1975 og 4/5 til 15/9 1976 í Hegningarhúsinu og frá 15/9 til 22/12 sama ár hafi hún

setið í Fangelsinu við Síðumúla.

Kl. 10.10 kemur í dóminn ákærða Erla Bolladóttir, Hörpugötu 13, fædd 19. júlí 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Með henni mætir skipaður verjandi hennar Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl.

Ákærða skýrir frá því að hún hafi ásamt meðákærða Sævari Marinó farið á Mokkakaffi við Skólavörðustíg um kl. 17.00 18. nóvember 1974. Hittu þau þar Guðjón Skarphéðinsson. Sævar Marinó ræddi við Guðjón inni á veitingastofunni, en ákærða heyrði ekki samtalið og vissi ekki hvað þeim fór á milli. Ákærða ók þeim Sævari og Guðjóni frá veitingahúsinu Mokka heim til Guðjóns að Ásvallagötu 46. Þegar þangað kom fór Sævar inn með Guðjóni og var þar einhverja stund, en ákærða beið í bifreiðinni á meðan. Sævar minntist ekkert á það, hvað hann hefði verið að ræða við Guðjón, er hann kom aftur. Einhvern tíma dags daginn eftir, hinn 19. nóvember, fóru ákærða og Sævar saman á bílaleiguna Geysi og fékk ákærða bifreið leigða þar að beiðni Sævars. Guðmundur Magnússon er veitti bílaleigunni forstöðu, létt ákærðu fá bifreiðina og minnist ákærða þess ekki að um það hafi verið gerður skriflegur samningur. Ákærða telur að Sævar hafi látið Guðmund fá einhverja peninga, en veit ekki um hve háa fjárhæð var að ræða. Þá kveðst ákærða hafa tekið til í íbuð Guðmundar, en hann bjó á þessum tíma einhvers staðar við Laugarnesveg. Guðmundur greiddi ákærðu

1000 krónur fyrir tiltektina. Bifreið sú, sem ákærðu fengu á bílaleigunni var Volkswagen, ljósblá á lit, en um skrá-setningarmerki getur ákærða ekki sagt. Bifreiðaleigan Geysir hafði eingöngu Volkswagen bifreiðar til leigu og voru þær allar ljósbláar að lit. Ákærða kveðst fyrst hafa ekið á eftir bifreið, er Guðmundur fór í út á Loftleiðahótel, en til stóð að aka honum eitthvað. Af því varð þó ekki. Ákærða kveðst hafa ekið bifreiðinni að Hjalla-vegi 31, þar sem þau Sævar bjuggu á þessum tíma. Bifreiðin var skilin eftir þar og héldu þau Sævar rakleiðis á Land Rover bifreið þeirra að Grýtubakka 10 til móður Sævars. Þar borðuðu þau kvöldverð. Um kl. 20.00 fóru þau á bifreiðinni frá Grýtubakka 10 að Kjarvalsstöðum og var móðir Sævars með þeim. Á Kjarvalsstöðum var verið að sýna Heimaeyjarmyndina. Sáu ákærðu og móðir Sævars myndina og telur ákærða, að sýningin hafi tekið um klukkustund. Strax að sýningu lokinni fóru ákærðu með móður Sævars að Grýtubakka 10, en héldu síðan rakleitt heim til þeirra á Hjallaveg. Þar skiptu þau um bifreið og héldu á Volkswagen bifreiðinni að Ásvallagötu 46 til Guðjóns Skarphéðinssonar. Ekki man ákærða eftir því að Sævar nefndi sérstakt erindi, er hann ætti við Guðjón. Í sambandi við Volkswagen bifreiðina skýrir ákærða frá því, að þau hafi stundum tekið bifreiðar hjá bílaleigum. Hún man ekki til þess að það hafi borist í tal á milli þeirra Sævars, að fara í ferð út fyrir borgina, er hún fékk bifreiðina leigða hinn 19. nóvember 1974. Sævar fór inn til Guðjóns er að Ásvallagötu kom. Guðjón

var ekki heima og sagði Sævar ákærðu að aka að Lambhól við Starhaga. Ákærða ók að Lambhól og fór Sævar þar úr bifreiðinni og hélt inn í húsið. Ákærða kveðst hafa beðið í bifreiðinni á meðan. Eftir skamma stund kom Guðjón með Sævari út úr húsinu. Sævar sagði ákærðu að aka heim til Guðjóns að Ásvallagötu, en sjálfur fór hann í bifreið með Guðjóni. Ákærða getur ekki sagt um hvernig bifreið Guðjóns var. Ekki varð ákærða vör við að neinn maður væri með þeim Guðjóni og Sævari. Ákærða ók bifreiðinni heim til Guðjóns og komu Guðjón og Sævar skömmu síðar. Ákærða kveður þá hafa farið saman heim til Guðjóns, en þegar þeir komu út aftur kom Sævar í bifreiðina til ákærðu og sagði henni að aka niður á Vatnsstíg.

Ákærða man ekki eftir að Sævar hafi hringt á meðan þau voru stödd að Grýtubakka 10 þetta kvöld, en þó getur það vel verið. Sævar minntist ekki á það við ákærðu að hann hafi hringt heiman frá Guðjóni Skarphéðinssyni. Ákærða kveðst hafa numið staðar á móts við húsið nr. 3 á Vatnsstíg er þangað kom. Ákærða ók frá Laugavegi og niður Vatnsstíginn og nam staðar hægra megin á götunni miðað við akstursstefnu. Sævar fór úr bifreiðinni strax eftir að þau höfðu numið staðar og sagðist ætla að hringja. Ákærða var í bifreiðinni á meðan og fylgdist ekki með ferðum Sævars. Sævar kom eftir stutta stund að bifreiðinni og rétt á eftir kom Kristján Viðar Viðarsson. Ákærða man ekki hvernig hann var klæddur. Nánar aðspurð segir hún að hún telji að Kristján Viðar hafi verið í vínrauðum ullarfrakka, en Kristján

notaði pennan frakka mjög mikið. Ákærða man að Kristján átti svartan leðurjakka, en hvort hann var í honum þarna getur hún ekki sagt um. Kristján settist í aftursæti bifreiðarinnar hægra megin, en Sævar í framsæti við hlið ákærðu. Ákærða ók nú áfram niður Vatnsstíg og staðnæmdist skammt frá Skúlagötu. Þar sá hún stóra sendiferðabifreið ljósa á lit, sem stóð vinstra megin í götunni. Bifreið þessi var með stórri framrúðu og tveimur hliðarrúðum sitt hvoru megin. Ákærða telur sig hafa kannast við pessa bifreið og sé þetta sama bifreiðin sem ók búslóð peirra Sævars frá húsi við Alfheima að Hjallavegi 31. Sigurður Óttar Hreinsson ók þá bifreiðinni. Ákærða kveðst ekki hafa séð hver var á bifreiðinni þarna. Ákærða kveðst hafa séð Guðjón Skarphéðinsson koma gangandi frá sendiferðabifreiðinni skáhallt yfir Vatnsstíginn og staðnæmast á gangstéttinni austan götunnar. Ákærða nam staðar á móts við Guðjón og fóru Sævar og Kristján út úr bifreiðinni. Ræddu þeir eitt-hvað við Guðjón, en ekki heyrði ákærða hvað þeim fór á milli. Ákærða kveðst ekki hafa séð að þeir Sævar og Kristján ræddu við ökumann sendiferðabifreiðarinnar. Ekki sá ákærða á hvernig bifreið Guðjón hafði komið í á staðinn. Þegar Sævar kom aftur að bifreiðinni sagði hann að Guðjón ætti að aka. Flutti ákærða sig undan stýri bifreiðarinnar og settist aftur í, vinstra megin. Guðjón settist undir stýri bifreiðarinnar og Sævar við hlið hans í framsæti. Var nú ekið austur Skúlagötu. Sendiferðabifreiðin var ófarin af staðnum þegar haldið var á brott. Ákærða kveðst ekkert

hafa vitað hvert ferðinni væri heitið, er lagt var af stað.

Komst hún ekki að því fyrr en á leiðinni til Keflavíkur.

Sævar hafði ekki nefnt það við ákærðu að hann þyrfti að hitta einhvern mann og eiga við hann viðskipti. Ákærðu minnir að staðnæmst hafi verið í Hafnarfirði á bifreiðastöð Hafnarfjarðar við Reykjavíkurveg og tekið bensín. Ákærða er þó ekki örugg um þetta. Ákærða minnist þess ekki að minnst hafi verið á sendibifreiðina á leiðinni. Sævar og Guðjón töluðu aðallega saman á leiðinni, en ákærða og Kristján tóku lítið sem ekkert þátt í samræðunum. Kristján var undir áhrifum lyfja en eigi veit hún til þess, að þeir Sævar og Guðjón hafi verið það. Kristján bauð ákærðu róandi lyf, að því er hún telur á leiðinni, en ákærða þáði ekki töfluna. Ákærða man að Guðjón og Sævar ræddu um einhvern mann, sem þeir ætluðu að hitta og væri erfiður.

Ákærða man að Sævar hafði orð á því að beita þyrfti fullri hörku við manninn og jafnvel að það þyrfti að láta hann hverfa. Ákærðu fannst Guðjón taka undir þetta. Ekki var nefnt erindið við manninn en einungis að þyrfti að tala við hann. Ákærðu fannst á samtalinnu að eitthvað alvarlegt stæði til, jafnvel að þyrfti að ráða manninn af dögum.

Ákærða hafði aldrei heyrt Sævar minnast á að hann hefði hitt neinn mann í Klúbbnum. Þegar komið var til Keflavíkur var numið staðar við bensínstöð og telur ákærða að það hafi verið Aðalstöðin. Sævar fór þar inn til að fá að hringja, en kom brátt aftur og sagðist ekki hafa fengið aðgang að síma. Því næst var ekið að Hafnarbúðinni. Fóru

Sævar og Kristján þarna inn. Ákærða heldur að erindi þeirra hafi verið að fá að hringja, en hvert veit ákærða ekki.

Ákærða man að Sævar keypti pakka af Viceroy sígarettum og eitthvað fleira í Hafnarbúðinni. Ákærða man ekki eftir því hvort Sævar sagði er hann kom aftur, að hann hefði hringt. Frá Hafnarbúðinni var ekið í Dráttarbrautina.

Ákærða man að Sævar sagði þeim einhvern tíma er þau voru að aka um Keflavík að beygja sig niður og láta ekki sjá sig, en hvort það var þarna á leiðinni í Dráttarbrautina, getur hún ekki fullyrt. Ákærða man að eitthvað var á ferli af fólk á götunni er Sævar sagði þetta. Ekki hafði Sævar orð á af hverju þau þyrftu að gera þetta. Ákærða man að Sævar réð ferðinni og sagði Guðjóni að aka í Dráttarbrautina. Þegar í Dráttarbrautina kom, fóru ákærða, Sævar og Kristján úr bifreiðinni, en Guðjón varð eftir. Þau gengu niður í Dráttarbrautina og skoðuðu sig um. Ekki nefndi Sævar neitt í hvaða tilgangi þetta væri gert. Ákærða sá ekki neitt fólk á ferli í Dráttarbrautinni og varð ekki vör við sendibifreiðina. Ákærðu héldu nú aftur að bifreiðinni og hafði þá Guðjón snúið henni við. Var nú ekið að sjóppu. Fór Sævar þar inn og sá ákærða að hann stóð við afgreiðsluborðið og var að tala í símann. Ekki veit ákærða við hvern Sævar talaði. Var nú ekið aftur að Hafnarbúðinni, og staðnæmst þar á móts við vigt. Ákærða man eftir gulu skilti með áletrun, er hún var að reyna að lesa. Sævar bað Kristján að fara inn í Hafnarbúðina upp á að hringja. Ákærða man að Sævar létt Kristján fá einhvern miða með síma-

númeri, en eigi heyrði hún að hann nefndi neitt mannsnafn. Ákærða man ekki eftir að Guðjón hafi látið Sævar fá miða. Kristján fór nú á brott, en ákærða sá ekki hvert hann fór. Veit hún ekki hvort hann fór inn í Hafnarbúðina eða ekki. Kristján var í burtu í nokkra stund. Þegar hann kom aftur settist hann inn í bifreiðina, og var beðið um stund. Eftir nokkurn tíma kom maður að bifreiðinni, og var honum hleypt inn í bifreiðina. Ekki man ákærða eftir því að maðurinn kynnti sig eða hafa heyrt nafn hans nefnt. Maðurinn settist inn í bifreiðina í aftursæti, hægra megin fyrir aftan Sævar. Ákærða man ekki hvort hún sat við hlið mannsins eða hvort Kristján sat á milli þeirra. Ákærða þekkti ekki manninn.

Ákærða sér myndir af Geirfinni Einarssyni og segir að það hafi verið hann, sem kom í bifreiðina.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 12.20.

Var nú gert hlé á þinghaldinu.

Kl. 14.10 kemur að nýju fyrir dóminn ákærða Erla Bolladóttir.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Eftir að Geirfinnur var kominn inn í bifreiðina, var ekið um Keflavík og rætt við hann. Var það aðallega Sævar sem ræddi við Geirfinn. Ákærða man að Sævar og að einhverju leyti Guðjón, fóru fram á það við manninn að selja sér upplýsingar um hvar smyglaður spíritus væri

geymdur. Geirfinnur sagðist ekkert geta hjálpað þeim í þeim efnum. Kvaðst hann ekki vita um neinn súkan geymslustað. Ákærða man að Sævar bauð Geirfinni peninga ef hann vildi vísa á geymslustaðinn, en ákærða man ekki að nein upphæð væri nefnd í því sambandi. Var rætt um þetta fram og aftur og færðist hiti í umræðurnar. Ákærðu rámar í að Geirfinnur hafi viljað komast út úr bifreiðinni og gert einhverjar tilraunir í þá átt, en verið hindraður í því. Hafi byrjað sviptingar í bifreiðinni, en ekki getur ákærða skýrt frá því nánar. Ákærða man ekki hvort Geirfinnur hafði orð á því að kalla á lögregluna. Ákærða getur ekki sagt frekar um það, er gerðist í bifreiðinni, en ekið var í Dráttarbrautina. Ákærða man ekki hvort það var Sævar sem sagði að aka ætti pangað, eða hvort Guðjón gerði það ótilkvaddur. Þegar í Dráttarbrautina var komið nam Guðjón staðar. Ákærða man að Sævar opnaði skjalatösku, sem hann var með og tók fram búnt af fimm þúsund króna seðlum. Ákærða veit ekki hve margir seðlarnir voru. Sævar rétti manninum seðlabúntið. Geirfinnur tók við seðlabúntinu, en henti því að því búnu frá sér. Lentu seðlarnir á gólf-inu frammi í bifreiðinni, þar sem Sævar sat. Annað hvort Sævar eða Guðjón fóru fyrst út úr bifreiðinni, en síðan Geirfinnur og Kristján. Ákærða sat eftir inni í bifreið-inni í aftursæti. Þjarkið við Geirfinn hélt áfram eftir að út úr bifreiðinni kom. Ákærða kveðst hafa orðið þess vör að Geirfinnur var orðinn óttasleginn áður en hann fór út úr bifreiðinni. Ákærðu og Geirfinnur gengu nokkurn spöl

áfram í átt að sjónum, er þeir voru komnir út úr bifreiðinni. Ákærða kveðst hafa veitt því athygli að Geirfinnur ætlaði að reyna að ganga burtu fram hjá Sævari, Guðjóni og Kristjáni, er stóðu andspænis honum. Ákærða kveðst ekki hafa heyrt það er þeir sögðu. Ákærða tók eftir því að er Geirfinnur ætlaði að ganga brott milli Sævars og Kristjáns, greip Guðjón í vinstri handlegg hans og stöðvaði hann af.

Alveg í því réðust Kristján og Sævar á Geirfinn. Hófust nú átök, sem ákærða kveðst ekki geta greint frá í einstökum atvikum. Ákærða heyrði Geirfinn aldrei hrópa á hjálp.

Ákærða skýrir nú frá því, að hún hafi farið út úr bifreiðinni skömmu á eftir meðákærðu og Geirfinni og hafi hún staðið við bifreiðina þegar átökin hófust. Ákærða kveðst hafa séð að meðákærðu börðu Geirfinn. Kristján og Guðjón notuðu hnefana en Sævar eitthvert barefli, sem ákærða sá ekki hvað var. Átökin verkuðu þannig á ákærðu að svipta ætti manninn lífi, en ekki að pynta ætti hann til sagna. Ákærða kveður Geirfinn hafa verið barinn uns hann féll til jarðar og lá hreyfingarlaus. Sævar kom þá til ákærðu og sagði henni að fara heim. Sævar lét ákærðu fá peninga, fimm þúsund krónur að því er hún telur. Ákærða man ekki hvort Sævar nefndi það hvernig hún ætti að koma sér heim. Hann sagði við ákærðu eitthvað á þá leið að það væri ekki gott fyrir kvenfólk að sjá það, sem þarna væri að gerast. Ákærða hélt strax á brott úr Dráttarbrautinni.

Ákærða kveðst hafa séð sendibifreiðina, er að framan greinir í Dráttarbrautinni. Ákærða sá ekki ökumann hennar

Bifreiðin stóð á bryggju. Hún var ekki langt í burtu, en um fjarlægðina treystir ákærða sér ekki til að segja.

Ákærða kveðst alveg örugg um það að ekki hafi verið fleiri menn í Dráttarbrautinni en Sævar, Kristján, Guðjón og Geirfinnur. Ákærða hélt úr Dráttarbrautinni og að húsi, sem er þar skammt frá. Ákærða kveðst hafa verið mjög óttaslegin og verið hrædd um líf sitt. Hús það er ákærða hélt að, sem er rautt á litinn var mannlaust. Húsið var opið.

Ákærða fór inn í húsið og út í eitt horn þess, en hvaða horn það var, getur hún ekki sagt. Ákærða settist á eitt-hvert dót, er var inni í húsinu. Hún kveðst hafa dvalist í húsinu til morguns. Ákærða kveðst hafa reykt marga vindlinga á meðan hún dvaldist í húsinu. Ákærða hefur enga hugmynd um hvað klukkan var, er hún fór inn í húsið. Ákærða kveðst ekki vita hvort meðákærðu hafi leitað að sér.

Ákærða hafði gleymt dökkblárri terelenekápu í bifreiðinni og var hún yfirhafnarlaus. Ákærða man ekki hvort veski hennar varð eftir í bifreiðinni. Ákærðu var kalt. Hún hélt sig inni í húsinu þar til kominn var dagur, en hvað klukkan var, er hún fór á brott, man hún ekki. Ákærða man ekki eftir veðrinu að öðru leyti en því, að kalt var í veðri og snjór á jörðu. Ákærða hélt úr húsinu gangandi í átt til Reykjavíkur. Þegar ákærða hafði gengið í nokkrar mínutur kom bifreið og gaf hún ökumanni bendingu um að nema staðar. Bifreið þessi var annað hvort af Moskovitch eða Skoda gerð, en um litinn getur ákærða ekki sagt. Ökumaður bifreiðarinnar nam strax staðar. Ákærða sagði manninum að

hún væri að fara til Grindavíkur og bað hann um far.

Ákærðu minnir að maðurinn hafi sagst vera að fara til Reykjavíkur. Ákærða sá Guðmund Sigurð Jónsson hjá rannsóknarlöggreglu, er telur sig hafa verið parna á ferðinni og tekið hana upp í bifreiðina. Ákærða telur að maður þessi hafi ekið bifreiðinni. Ákærða man að hún ræddi eitt-hvað við ökumanninn. Ákærða man að ökumaðurinn spurði hana um starf hennar í Grindavík. Ákærða sagðist vera að vinna þar í fiski. Ákærða man að maðurinn sagðist vera frá Vestmannaeyjum. Eitthvað spjölluðu þau meira, sem ákærða man ekki nánar um. Að ósk ákærðu hleypti ökumaðurinn henni út úr bifreiðinni á Reykjanesbraut við afleggjarann til Grindavíkur.

Ákærðu er nú kynntur framburður Guðmundar Sigurðar Jónssonar.

Ákærða kveðst ekki efast um að það sé rétt, sem Guðmundur Sigurður Jónsson segir, en hún man ekki betur eftir þessu en hún hefur nú skýrt frá.

Ákærða hafði verið örstutt á vegamótunum er maður á trukk kom akandi í átt til Reykjavíkur. Ákærða gaf manninum bendingu um það að nema staðar og fékk ákærða far með honum til Hafnarfjarðar. Ákærða fór úr bifreiðinni við strætisvagnabiðstöð á Strandgötu. Ákærða telur að hún hafi sagt manninum að hún byggi í Hafnarfirði. Ákærða fór frá Hafnarfirði til Reykjavíkur í strætisvagni og tók einnig strætisvagn heim til sín að Hjallavegi 31, en þangað var hún komin um kl. 12.00. Sævar kom þangað stuttu seinna

Ekki minntist hann neitt á það, er gerst hafði við ákærðu að öðru leyti en því, að hann sagði henni að hafa ekki orð á þessu. Seinni part dags fóru ákærða og Sævar og sóttu Volkswagen bifreiðina heim til Guðjóns að Ásvallagötu 46, en Sævar hafði sagt ákærðu að hún væri þar. Ákærða kveður Sævar hafa haft lyklana að bifreiðinni og heldur hún að hann hafi ekki hitt Guðjón. Kápa ákærðu var ekki í bifreiðinni og sagði Sævar að hún væri hjá Bjarna á Bergþórugötu. Ákærða kveður þau Sævar hafa þrifið bifreiðina upp, en síðan skilað henni á bílaleiguna. Ákærða kveðst hafa afhent Guðmundi Magnússyni lyklana. Ekkert saá ákærða markvert í bifreiðinni, sem benti til átaka og hún saá ekki neina blóðbletti.

Ákærða kveðst kannast við Pál Konráð Konráðsson. Hún man ekki eftir að hann hafi stöðvað sig í akstri á Laugavegi 20. nóvember 1974 til að ná í yfirhöfn Kristjáns Viðars Viðarssonar, er talin er hafa verið í bifreiðinni.

Land Rover bifreið ákærðu stóð fyrir utan hjá Bjarna að Bergþórugötu 27. Ákærðu höfðu komið bifreiðinni til Bjarna og hann hafði gert við bensíngjöf og hemla. Ákærða minnist þess ekki að hafa séð kápu sína heima hjá Bjarna, en Sævar sagði ákærðu að hann hafi farið í henni til Bjarna og gleymt henni þar. Sævar var oft í kápunni, en hvort hann var í henni í þetta skipti, man ákærða ekki. Ákærða fór á Land Rover bifreiðinni beint frá Bjarna að Grettisgötu 82, og var Sævar með henni. Ákærða kveðst ekki alveg geta staðhæft hvaða dag þetta var, hvort það var

20. eða 21. nóvember. Sævar sagði ákærðu ekki hvert erindið væri. Sævar sagði ákærðu að aka bifreiðinni á bak við húsið og þar inn í húsasund, aftur á bak og þar að kjallaradyrum að Grettisgötu 82. Ákærða og Sævar fóru inn í kjallarann og síðan upp á hæðina til Kristjáns. Þar var staddur hjá Kristjáni Guðjón Skarphéðinsson. Ákærða man að er hún fór gegnum kjallarann fann hún vonda lykt og var lyktin svipuð og var í Land Rover bifreiðinni síðar. Ákærða sá ekki í kjallaranum neitt sem að vakti sérstaka athygli hennar. Eins og áður greinir fór ákærða upp í íbúð til Kristjáns og var þar ráðgast um hvað gera ætti við lík Geirfinns, en ákærða vissi þá ekki að það væri geymt í kjallaranum að Grettisgötu 82. Rætt var um ýmsa staði sem grafa ætti líkið á. Komu ýmsir staðir til tals, svo sem Hafnarfjarðarhraun, Vífilsstaðahraun og úti á Álfanesi. Endirinn varð svo sá, að ákveðið var að flytja líkið upp í Rauðhóla og grafa það þar. Ákærða var ein inni í herbergi Kristjáns á meðan meðákærðu fóru niður í kjallarann að Grettisgötu 82. Þeir voru þarna nokkra stund og var ákærðu farin að leiðast biðin. Sævar kom upp í íbúðina og sótti ákærðu. Þegar ákærða kom að bifreiðinni var búið að bera út í hana lík Geirfinns. Tveir pakkar voru í bifreiðinni og var vafið um þá plast og einhvers konar fatnaður. Annar pakkinn var stærri og gæti stærð hans samsvarað því að í honum hafi verið lík af manni. Hinn pakkinn var um 1/3 af lengd stærri pakkans, en jafn breiður. Band var hnýtt utan um pakkana. Ákærða kveðst hafa ekið bifreiðinni, en

Sævar hafi setið í framsæti við hlið ákærðu og Guðjón við hlið hans. Kristján Viðar sat í aftursæti. Á leiðinni upp í Rauðhóla var staðnæmst við Nesti og bensínbrúsi, er var í bifreiðinni tekinn út. Sagðist Sævar ætla að taka bensín á brúsann. Umræddur brúsi, sem var úr blikki tók 5 lítra. Sævar og Guðjón fóru og tóku bensín á brúsann og var að því búnu ekið upp í Rauðhóla. Ákærða kveðst hafa ekið inn í Rauðhóla svo sem hún hefur áður lýst í skýrslum sínum. Vill hún í engu breyta því, er hún hefur skýrt frá hvert ekið var. Þegar í Rauðhólana var komið var numið staðar. Fóru meðákærðu Sævar, Kristján og Guðjón út úr bifreiðinni og byrjuðu að grafa gryfju. Ákærða man ekki eftir nema einni skóflu er notuð var við gröftinn, en þó geti verið að um tvær hafi verið að ræða. Ákærða kveðst ekkert vita hvaðan skóflan eða skóflurnar voru. Hún kannast ekki við að hafa sótt skóflur til Guðjóns. Vissi hún ekkert um hana eða þær fyrr en hún sá hana eða þær í bifreiðinni.

Ákærða sér skóflu þá, er rannsóknarlöggreglan lagði hald á. Ákærða getur ekki sagt um hvort skófla þessi var notuð við gröftinn, en skófla sú, er var notuð var alveg sams konar. Þegar búið var að grafa gryfjuna voru báðir pakkarnir settir ofan í hana. Sævar kom síðan með brúsan og hellti bensíni yfir, en hver kveikti í, veit hún ekki. Gaus upp mikill eldur og kom upp vond lykt. Þegar eldurinn var u.p.b. að slokkna var mokað ofan í gryfjuna. Ákærða kveðst ekki hafa séð hvað var inni í þökkunum þegar

eldurinn var slokknaður. Ákærða telur að þetta hafi gerst skömmu fyrir miðnætti. Var nú ekið aftur til Reykjavíkur. Var Kristjáni ekið fyrst heim, síðan Guðjóni en að því búnu héldu ákærða og Sævar heim til sín.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 16.30.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarssdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ar 1977, þriðjudaginn 5. júlí, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mettur er í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinars-son, saksóknari.

Kl. 10.10 kemur í dóminn ákærða Erla Bolladóttir.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Með henni mætir skipaður verjandi hennar Guðmundur

Ingvi Sigurðsson, hrl.

Farið er yfir framburð ákærðu frá því í gær, frá

þeim tíma er hún kom að Hjallavegi 31 um kl. 12.00,20.

nóvember 1974.

Ákærða segir framburðinn réttan, en þó séu nokkur atriði sem séu ekki alveg ljós fyrir sér. Ákærða kveðst ekki vera örugg hvort Volkswagen bifreiðin, sem þau fóru á til Keflavíkur hafi staðið heima hjá Guðjóni að Ásvalla-götu 46 eða hjá Úðafossi við Vitastíg, er þau Sævar fóru að sækja hana eftir hádegi 20. nóvember 1974. Ákærða staðhæfir að Sævar hafi haft lykla að bifreiðinni og hafi Guðjón ekki verið viðstaddir er þau sóttu bifreiðina.

Ákærðu finnst það sennilegt að þau hafi farið á Land Rover bifreiðinni frá Hjallavegi 31, er þau fóru að sækja Volkswagen bifreiðina. Ákærða kveðst muna að Land Rover bifreiðin fór í viðgerð til Bjarna að Bergþórugötu 27, en hvort það var 20. eða 21. nóvember getur hún ekki fullyrt. Ákærða staðhæfir að hún hafi farið á Land Rover bifreiðinni frá Bjarna að Grettisgötu 82 til að flytja lík Geirfinns upp í Rauðhóla. Ákærða kveður það geta verið að þau hafi sótt Guðjón Skarphéðinsson og farið með hann að Grettisgötu 82, a.m.k. hafi Guðjón örugglega verið þar, er lík Geirfinns var flutt á brott. Ákærða man ekki eftir að skóflur hafi verið fengnar að láni hjá Guðjóni og ekki man hún heldur eftir að hún hafi verið með, er skóflum var skilað til hans. Ákærða man ekki eftir nema einni skóflu í bifreiðinni þegar farið var upp í Rauðhóla. Skófla þessi var frá Sævari og telur ákærða að hann hafi sett hana í bifreiðina. Ákærða man ekki eftir að haki hafi verið hafð-

ur meðferðis. Ákærða segir hafa verið orðið dimmt, er lagt var af stað upp í Rauðhóla og komið hafi verið til baka einhvern tíma um nóttina, en nánar getur hún ekki tímasett þetta. Ákærða kveðst muna að einhvern tíma var rætt um það, að lík Geirfinns mundi ekki finnast og sagði Sævar í því sambandi að það væri eina sönnunargagnið í málínu. Var rætt um það að benda á hina og þessa staði til að villa um fyrir lögreglunni ef málið kæmist upp.

Ákærða kveðst hafa verið heitbundin Sævari á fyrrgreindum tíma. Hún kveðst ekki hafa hreyft neinum andmælum við því að flytja lík Geirfinns upp í Rauðhóla, enda telur hún að það hefði ekkert þýtt fyrir sig. Ákærða telur að hún hefði getað átt von á hverju sem var, ef hún hefði neitað þessu. Bíuð var að brýna það fyrir ákærðu að segja ekki frá því, er gerst hafði, en ekki man hún eftir sérstökum hótunum í því sambandi.

Ákærða skýrir frá því, að hún hafi verið stödd að Grýtubakka 10 í lok nóvember eða byrjun desember 1974 ásamt Sævari. Ákærða man að Sævar átti þarna símtal við einhvern mann, sem hún veit ekki hver var. Í símtalinu sagði Sævar að flytja þyrfti "þetta". Ákærða kveður hann ekki hafa tilgreint nánar hvað ["]þetta væri, en seinna kveðst hún hafa áttað sig á því, að um lík Geirfinns væri að ræða. Sagði Sævar í símtalinu að ekki væri hægt að hafa "þetta" þar sem það væri. Sævar minntist aldrei á það við ákærðu hvort líkið hefði verið flutt.

II. Rangar sakargiftir.

Lesið er úr ákæru það er ákærðu er gefið að sök í II. kafla. Ákærða kveðst viðurkenna að það sé rétt, sem henni er gefið að sök í framangreindum kafla ákærunnar.

Ákærða skýrir frá því, að einhvern tíma stuttu eftir ferðina til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og dauða Geirfinns, hafi ákærðu öll hist heima hjá Kristjáni að Grettisgötu 82. Ákærða getur ekki staðhæft hvaða dag þetta var, en þetta var að kvöldlagi að því er hana minnir, allavega var orðið dimmt. Ákærðu ræddu sín á milli hvað gera skyldi ef upp kæmist um þátt þeirra í dauða Geirfinns Einarssonar. Ákærða segir Sævar hafa átt frumkvæðið að þessu. Var ákveðið að blanda Klúbbmönnum, þ.e. Magnúsi Leópolddssyni og Sigurbirni Eiríkssyni inn í mál þetta, ef upp kæmist svo og Einari Bollasyni bróður ákærðu og Valdimar Olsen. Ákærða man að fyrst var stungið upp á Klúbbmönnunum Magnúsi Leópolddssyni og Sigurbirni Eiríkssyni. Ákærða getur ekki sagt til um hver átti hugmyndina að því að blanda þeim Sigurbirni og Magnúsi í málið, en talað var um að þetta væru glæpamenn og segir ákærða, að það hafi verið annað hvort hún eða Sævar, sem minntist á það. Ákærða þekkti ekki þá Magnús og Sigurbjörn, en vissi hverjir þeir voru. Ákærða kveður Sævar einnig hafa kannast við þá, en veit ekki til þess að hann hafi átt nein samskipti við þá.

Ákærða kveðst annað hvort sjálf eða Sævar, hafa átt hugmyndina að því að blanda Einari bróður hennar í málið, ef það kæmist upp.

Ákærða kveður það sama að segja um Valdimar Olsen.

Það hafi annað hvort verið hún eða Sævar, sem átti hug-myndina að því, að blanda honum í málið.

Ákærða segir, að þeim Sævari hafi verið báðum illa við Einar bróður ákærðu. Ákærða segir Einar hafa gert á hluta sinn og nefnir hún aðallega það, að hann hafi rekið sig úr íbúðinni að Hamarsbraut 11, sem ákærða bjó í vetrarinn 1973-1974. Einnig fannst ákærðu Einar vera að svindla á föður þeirra í sambandi við söluna á húsinu að Hamarsbraut 11. Þá segir ákærða að Einar hafi verið mikið á móti því að hún væri með Sævari.

Ákærða átti ekkert sökótt við Valdimar Olsen og hann hafði aldrei neitt gert á hluta hennar. Ákærða þekkti Huldu systur Valdimars og hafði oft komið á heimili þeirra að Framnesvegi 61. Sævar hafði einnig komið heim til Valdimars, en ekki veit ákærða til að þeir hafi átt nein viðskipti. Ákærða telur að Valdimar hafi verið blandað í málið til að gera það eitthvað trúlegra. Ákærða man að Kristján og Guðjón lögðu eitthvað til málanna, þegar þetta var rætt, og telur hún að þeir hafi verið þessu algjörlega sammála. Ákærða kveður þetta hafa verið gert til að leiða athyglina frá þeim, ef málið kæmist upp. Þá skýrir ákærða frá því að hún hafi verið stödd nokkrum dögum síðar ásamt Sævari að Grýtubakka 10. Lagði Sævar þá enn áherslu á það að ekki mætti segja frá máli þessu og væri alveg sama hver spyrði, að alltaf ætti að segja að það hafi verið Klúbbmennirnir sem stæðu á bak við þetta.

Ákærða kveðst muna að Sævar hafi nefnt einhvern

Geira, sem fengist við ólöglega áfengissölu eða smygl.

Hann gerði ekki nánari grein fyrir þessum manni, en sagði, að hann ætti fínan bíl. Sævar nefndi ekki að maður þessi byggi í Keflavík og ekki heldur, að tengsl væru á milli hans og Klúbbsins.

Ákærða skýrir frá því, að hún hafi rætt við Guðjón Skarphéðinsson um mál þetta eftir að henni var sleppt úr gæsluvarðhaldi 20. desember 1975. Samtöl þessi fóru bæði fram í janúar, annað á veitingahúsínu Tröð, en hitt heima hjá Guðjóni. Ákærða sagði Guðjóni frá því, er hún hafði sagt í yfirheyrlum hjá lögreglunni. Geti verið að í seinna skiptið, sem hún ræddi við Guðjón hafi hún verið búin að gefa skýrsluna 23. janúar 1976. Guðjón talaði ekkert um sína aðild að Geirfinnsmálínu en hann virtist hafa mikinn áhuga á að vita hvað ákærða hafði sagt lögreglunni. Þá hringdi Guðjón í ákærðu nokkrum sinnum og var að spyrja fréttu af yfirheyrlum.

Ákærða kveðst ekki hafa haft samband við Sævar eftir að hún var fyrst sett í gæsluvarðhald vegna póstsvikamálsins að öðru leyti en því, að meðan hún sat í gæsluvarðhaldi frá 13. desember til 20. desember 1975 kom Sævar á dyrnar er hún var í baði og sagði við hana: "Segðu ekki neitt".

Ákærðu eru kynntar skýrslur hennar hjá rannsóknarlögreglu frá 23. janúar, 3. febrúar, 10. febrúar, 3. mars, 4. maí og 1. september 1976.

Ákærða kannast við að hafa gefið skýrslur þessar og staðfestir nafnritun sína undir þær.

Ákærða kannast við skýrslur þær, er hún gaf í dómi
30. mars og 7. apríl 1976.

Ákærða kveðst staðfesta skýrslur sínar hjá lögreglu
með áorðnum breytingum frá 12. og 13. desember 1976 og 11.,
21. og 31. janúar 1977.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 12.20.

Kl. 14.15 kemur í dóminn ákærða Erla Bolladóttir.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Með henni mætir skipaður verjandi hennar Guðmundur
Ingvi Sigurðsson, hrl.

Einnig er mættur ákærði Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Með honum mætir skipaður verjandi hans Jón Oddsson,
hrl.

Fer nú fram samprófun um það, er á milli ber í fram-
burðum ákærðu.

Ákærða Erla kveðst ekki muna eftir því, er ákærði
Sævar segir, að hann hafi sagt henni 18. nóvember 1974
frá samtalinni við Geirfinn og væntanlegum viðskiptum.
Ákærða kveður nú að sig rámi í að ákærði hafi sagt sér
hinn 18. nóvember 1974 að hann ætlaði að eiga einhver við-
skipti við mann, sem hann hefði hitt í Klúbbnum með Kristjáni
Viðari.

Ákærðu ber saman um að þau hafi farið á bílaleiguna

Geysi 19. nóvember 1974, seinni part dags og fengið Volkswagen bifreið leigða hjá forstöðumanni bílaleigunnar Guðmundi Magnússyni án þess að um það væri gerður skriflegur samningur. Ákærðu er kynnt það, er Guðmundur Magnússon segir um þetta, en þau halda fast við framburð sinn engu að síður.

Ákærðu halda bæði fast við þann framburð, að þau hafi verið á kvíkmyndasýningu á Kjarvaldsstöðum að kvöldi 19. nóvember 1974.

Ákærði Sævar kveðst halda fast við framburð sinn um það, hvernig Kristján Viðar var klæddur. Ákærða Erla kveðst ekki muna þetta fyrir vist, og geti verið að Kristján Viðar hafi verið öðru vísni klæddur en hún hefur skýrt frá.

Ákærðu Erlu er kynnt það, er Sævar segir, að Guðjón hafi verið sestur undir stýri á Volkswagen bifreiðinni á Vatnsstíg, er ákærði og Kristján Viðar komu þangað. Ákærða kveðst halda fast við framburð sinn um það, er hún hefur skýrt frá um þetta atriði. Næst ekki samræmi í framburðum ákærðu. Við nánari athugun segir ákærði Sævar að það geti verið rétt, sem Erla segir um þetta, þ.e. að Guðjón hafi komið upp í Volkswagen bifreiðina neðar á Vatnsstígnum á móts við sendibifreiðina. Ákærði Sævar kveðst muna greinilega eftir því að Guðjón sat undir stýri Volkswagen bifreiðarinnar, er hann og Kristján Viðar töluðu við Sigurð Óttar. Ákærðu halda fast við framburð sinn um það, hvar bifreiðunum hafi verið lagt, er niður á Vatnsstíg kom og næst ekki samræmi.

Lesið er upp úr framburðum ákærðu um það, er talað var í bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur. Heldur hvort fast við framburð sinn í þessu efni og næst ekki samræmi.

Ákærða Erla kveðst ekkert muna hvað Kristján Viðar sagði, er hann kom í bifreiðina aftur við Hafnarbúðina í seinna skiptið.

Lesnir eru framburðir ákærðu um það, er gerðist í bifreiðinni í Keflavík, eftir að Geirfinnur kom inn í hana. Segir ákærði Sævar framburð Erlu réttan að undanskyldu því, að engar ryskingar hafi átt sér stað í bifreiðinni og einnig að ekið hafi verið rakleitt í Dráttarbrautina, en ekki um Keflavík.

Framburðir ákærðu um átökin eru nú lesnir í heyranda hljóði. Heldur hvort þeirra fast við framburð sinn um átökin og næst ekki samræmi.

Lesið er úr framburði ákærða um skil á Volkswagen bifreiðinni. Ákærða heldur fast við það að hún hafi afhent Guðmundi Magnússyni lyklana að bifreiðinni. Ákærða kveðst ekki kannast við það að hafa verið með ákærðu, er hún skilaði Guðmundi Magnússyni lyklunum.

Ákærði Sævar heldur fram sem áður, að þau hafi sótt Guðjón Skarphéðinsson vestur á Ásvallagötu 46 og hafi hann haft a.m.k. eina skóflu meðferðis. Ákærða kveðst ekki muna um þetta fyrir víst og ekki vilja mótmæla því. Ákærðu ber saman um að Guðjón Skarphéðinsson hafi verið að Grettisgötu 82 að kvöldi 21. nóvember 1974 að ákærði Sævar segir, er lík Geirfinns var flutt þaðan og upp í Rauðhóla, en annað

hvort 20. eða 21. nóvember að því er ákærða Erla segir.

Ákærði Sævar kveður Guðjón hafa aðstoðað við að bera líkið út í bifreiðina. Ákærða Erla kveðst hafa verið inni í herbergi Kristjáns að Grettisgötu 82, er líkið var borið út. Ákærði Sævar kveðst staðfesta að tvær skóflur hafi verið hafðar með í ferðina svo og haki. Ákærða Erla man ekki eftir nema einni skóflu.

Ákærða heldur fast við það að tveir pakkar hafi verið í bifreiðinni, er lík Geirfinns var flutt upp í Rauðhóla. Ákærði neitar að hafa séð nema einn pakka, sem var lík Geirfinns.

Ákærðu halda hvort fast við framburð sinn um hvar ákærði og Guðjón hafi setið í bílnum á leiðinni upp í Rauðhóla, en þau halda fast við þann framburð sinn að Guðjón hafi verið með í ferðinni. Ákærði kveðst hafa verið ölv-aður og ekki muna þetta greinilega. Ákærða kveður Sævar ekki hafa verið ölvadan.

Ákærða segir að tekið hafi verið bensín í Nesti á Artúnshöfða. Ákærði kveðst ekki muna eftir því, en brúsi er Kristján Viðar átti hafi verið hafður meðferðis.

Ákærði kveður þá Kristján og Guðjón hafa hjálpast að því að grafa gröf fyrir líkið. Ákærða kveðst ekki hafa fylgst með því, er tekin var gröf fyrir líkið. Ákærði telur að hann hafi sett bensín yfir líkið og síðan kveikt í. Ákærðu neita að hafa hreyft við líkinu eftir 21. nóvember.

Ákærða Sævari er kynnt það, er ákærða Erla segir um símtal, er hann átti að Grýtubakka 10 í lok nóvember eða

byrjun desember, þar sem rætt var um flutning á líki Geirfinns að því er ákærða heldur. Ákærði kannast ekki við símtal þetta.

Ákærðu er kynntur framburður ákærða um það, að hún hafi sagt við hann að hún hefði ásamt Kristjáni Viðari og einhverjum óþekktum manni flutt lík Geirfinns úr Rauðhólum. Ákærða kannast ekki við að hafa sagt þetta.

Ákærða er kynntur framburður ákærðu um að hann hafi sagt að fela þyrfti lík Geirfinns vel, því það væri eina sönnunargagnið í málinu. Ákærði kannast ekki við að hafa sagt þetta.

Lesið er úr framburði ákærðu um rangar sakargiftir. Ákærðu hafa ekkert sérstakt fram að færa um framburði hvors annars.

Ákærðu eru sammála um að Guðjón og Kristján hafi tekið þátt í samræðunum um að bera það, að Magnús, Sigurbjörn, Einar og Valdimar væru viðriðnir Geirfinnsmálið.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 10.30.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Asta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ar 1977, miðvikudaginn 6. júlí, var dómping sakadóms

Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari.

Kl. 10.15 kemur í dóminn ákærða Erla Bolladóttir.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Með henni mætir skipaður verjandi hennar, Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl.

Einnig mætir í dóminum ákærði, Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Með honum mætir skipaður verjandi hans, Páll A. Páls-
son, hdl.

Fer nú fram samprófun um það, er í milli ber í fram-
burðum ákærðu.

Akærði Kristján Viðar er nú spurður að því, hvar hann
hafi farið í Volkswagen bifreiðina á Vatnsstíg, er farið
var til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974. Svar ákærða er
sem hér segir: "Ég var aldrei staddur á Vatnsstíg ásamt
Erlu, Sævari og Guðjóni og fór aldrei inn í neina Volks-
wagen bifreið á Vatnsstíg. Ég fór ekki til Keflavíkur 19.
nóvember 1974. Ég veit ekkert um þetta mál, ég er saklaus
af því að hafa átt þátt í dauða Geirfinns Einarssonar og
hættur að taka þátt í þessum skrípalátum".

Ákærða Erla Bolladóttir kveðst halda fast við framburð sinn í málinu. Hún segir Kristján Viðar hafa verið með í ferðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og átt þátt í átökunum við Geirfinn Einarsson.

Lesinn er í heyranda hljóði framburður ákærðu um átök-in. Ákærði kveður framburðinn rangan, hann hafi ekki verið staddur í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974.

Frekara samræmi næst ekki í framburðum ákærðu og heldur hvort fast við framburð sinn.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 10.50.

Þinghaldinu er nú frestað.

Mættir eru í dóminum sækjandi málsins, Bragi Steinars-son, saksóknari og skipaður verjandi ákærða, Sævars Marinós Ciesielski, Jón Oddsson, hrl.

Kl. 14.10 kemur í dóminn Eggert Norðdal Bjarnason, rannsóknarlöggreglumaður, Hverfisgötu 90, Reykjavík, fæddur 25. júlí 1937 í Reykjavík.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Ákærði Kristján Viðar Viðarsson gaf skýrslur hjá mætta 23. og 27. janúar, 10. febrúar og 18. mars 1976. Í skýrslum þessum hefur ákærði borið þær sakir á Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen að þeir hafi átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar og smyglbrotum.

Mætti skýrir frá því, að ákærði hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og nefnt nöfn framangreindra manna og borið þá þeim sökum, er að framan greinir. Mætti kveður það hafa verið eftir ábendingu Sævars Marinós, að hann minnir, að farið var að spyrja ákærða út í ferðina til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Mætti kveður ákærða hafa sagt, er hann sá mynd af Einari Bollasyni, að hann kannaðist við hann og nefndi hann nafn hans. Ákærði kvaðst ekki þekkja Einar Bollason persónulega, en hafa séð myndir af honum í fjölmilum og vita, að hann væri í íþróttum.

Þá skýrði ákærði frá því að Hulda systir Valdimars Olsen, hefði verið með sér í skóla. Hefði hann komið heim til þeirra Valdimars að Framnesvegi 61 og þekkja Valdimar.

Um Sigurbjörn Eiríksson sagði ákærði að allir þekktu hann, og kom ekki annað fram en hann vissi hver Sigurbjörn væri.

Mætti kveðst ekki muna um hvað ákærði sagði um Magnús Leópoldsson í þessu sambandi.

Mætti skýrir frá því, að ákærða hafi verið sýndar myndir af ýmsum mönnum og voru þar á meðal myndir af framangreindum mönnum og Geirfinni Einarssyni. Ákærði benti á myndirnar af Einari Bollasyni, Valdimar Olsen og Sigurbirni Eiríkssyni og sagði, að þeir væru tengdir Geirfinnsmálínus, svo sem fram kemur í skýrslum ákærða. Mætti man ekki hvort ákærði benti á mynd af Magnúsi Leópoldssyni. Ákærði benti á myndina af Geirfinni Einarssyni og sagðist kannast við hann, en sagðist ekki vita nafn hans.

Upplesið, játað rétt.

Kl. 14.35 kemur í dóminn ákærði, Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Verjanda ákærða var tilkynnt um þinghaldið, en hann er ekki mættur.

Ákærði lýsir því yfir að hann vilji engum spurningum svara, nema verjandi hans sé viðstaddur.

Lesið er úr framburði ákærða úr kafla um rangar sakargiftir, þar sem mætta er getið. Mætti skýrir frá því, að símtalið, sem ákærði talar um hafi verið vegna Erlu Bolladóttur og ákærða alveg óviðkomandi. Símtal þetta var við Örn Höskuldsson. Erla hafði sagt löggreglumönnunum að hún óttaðist um sig. Sagðist Erla hafa orðið fyrir símanæði og voru settir tveir menn á vakt heima hjá henni. Mætti kannast ekki við að hafa hótað ákærða einu eða neinu í þessu símtali. Mætti kveður ákærða aldrei hafa verið lögð orð í munn um það, hvað hann ætti að segja um þátt Einars Bollasonar, Magnúsar Leópoldssonar, Valdimars Olsen og Sigurbjörns Eiríkssonar í Geirfinnsmálínunum, heldur hafi hann skýrt frá þessu sjálfstætt eins og í skýrslu hans greinir.

Ákærði kveðst halda fast við skýrslu sína í dómi frá 13. maí um framangreind atriði.

Frekari samþrófun reynist árangurslaus.

Verjandi ákærða mætir kl. 14.55 áður en bókun er lesin upp.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 15.00.

Kl. 15.02 kemur í dóminn Sigurbjörn Víðir Eggertsson, rannsóknarlöggreglumaður, Asparfelli 4, Reykjavík, fæddur 19. júlí 1948 á Siglufirði.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Mætti hafði með höndum rannsókn á Geirfinnsmáli ásamt Eggerti Bjarnasyni og Erni Höskuldssyni. Mætti tók skýrslu af Kristjáni Viðari Viðarssyni 20. apríl 1976, og hann var vottur, er Eggert Bjarnason tók skýrslur af ákærða 23. og 27. janúar, 10. febrúar og 18. mars sama ár. Mætti skýrir frá því, að ákærði hafi verið spurður um málsatvik og hafi hann skýrt frá þeim sjálfstætt, svo sem kemur fram í skýrslunum. Mætti skýrir frá því að ákærði hafi ekki fengið neinrar ábendingar frá lögreglumönnunum, er hann skýrði frá því, að Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson og Sigurbjörn Eiríksson væru viðriðnir Geirfinnsmálið. Mætti skýrir frá því, að það hafi verið ýmist þannig að ákærði hafi nefnt nöfn framangreindra manna, eða bent á myndir af þeim, sem voru meðal fleiri mynda. Ákærði nafngreindi alla framangreinda menn og bar þá þeim sökum, að þeir hefðu verið í ferðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Mynd af Geirfinni Einarssyni var meðal mynda þessara. Minnir mætta að ákærði hafi bent á mynd Geirfinns og sagst kannast við hann, en mætti þorir þó ekki alveg að fullyrða þetta.

Mætti veit ekki til þess að Kristján hafi nokkurn

tíma heyrt nöfn framangreindra manna, hvorki hjá löggreglumönum né fangavörðum.

Upplesið, játað rétt.

Kl. 15.20 kemur í dóminn ákærði, Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Er nú lesið upp úr framburði ákærða frá 13. maí s.l. þar sem mætta er getið.

Mætti kannast ekki við að ákærði hafi verið leiddur við yfirheyrslur en hann hafi verið spurður um málsatvik. Ákærði kveður sér hafa verið sagt að Einar Bollason ætti rauðan Fiat og að hann hafi farið á rauðum Fiat til Keflavíkur. Mætti kveður þetta ekki rétt. Hafi lögreglan ekkert vitað í upphafi málsins, er skýrslur voru teknar af ákærðu, um bifreiðaeign Einars Bollasonar eða annara, er ákærðu báru á sakir.

Akærði skýrir frá því, að Eggert Bjarnason hafi spurt sig við rannsókn Guðmundarmálsins, hvort ákærði hefði lamið fólk. Ákærði svaraði því neitandi. Sló þá Eggert ákærða hnephöggi í andlitið. Ákærði bað hann að hætta. Ákærði kveður mætta hafa séð þetta. Mætti kveðst ekki kannast við þetta og sé þetta ekki rétt.

Þá skýrir mætti svo frá varðandi framburð ákærða um, að fangaverðir hafi farið upp á þak fangelsisins við Síðumúla og gert þar hávaða til að skelfa ákærðu, að eitt sinn á meðan á yfirheyrslunum stóð hafi verið hvast. Var vitnið statt inni á kaffistofu fangelsisins ásamt fangavörðum.

unum, er þeir heyrðu hávaða eins og menn gengju eftir þaki hússins. Þeir fóru strax út til að gá að hvað um væri að vera. Gengu þeir í kringum fangelsið og einn fór upp á þak þess, en þeir urðu ekki varir við neina menn. Þetta var um miðnætti, annað hvort í janúar eða febrúar 1976, en hvaða dag man mætti ekki.

Mætti kannast ekki við það, er ákærði segir að fanga-verðir hafi verið inni í klefanum við hlið klefa ákærða og barið þar í veggi.

Mætti kannast ekki við að fangaverðir hafi farið inn í klefa ákærðu að beiðni löggreglumanna og spurt þá um málið.

Ákærði kveðst halda fast við framburð sinn frá 13. maí s.l. um rangar sakargiftir.

Frekara samræmi næst ekki í framburðum ákærða og mætta.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 16.00.

Kl. 16.00 kemur í dóminn sem vitni, Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður Fangelsisins við Síðumúla, Sunnuvegi 11, Hafnarfirði, fæddur 13. júlí 1918.

Áminntur um sannsögli.

Vitninu er nú kynnt það úr framburði ákærða Kristjáns Viðars frá 13. maí s.l., þar sem það er nafngreint og eins þar sem nefndir eru fangaverðir.

Vitnið kveðst aldrei minnast þess að hafa sagt ákærða Kristjáni Viðari, að ákærði hefði farið í bíl til Keflavíkur

ásamt Erlu, Sævari og þriðja manni, sem ekki var nafngreindur. Vitnið kveðst ekki kannast við það, er Kristján Viðar segir um ónæði, sem honum hafi verið gert í Fangelsinu við Síðumúla. Ekki kannast vitnið heldur við viðtöl fangavarða við ákærða svo sem í framburði hans greinir. Vitnið kannast ekki við að lögreglumenn hafi nokkurn tíma beðið fanga-verði að aðstoða við yfirheyrslur í málinu. Vinnutími vitnisins var til kl. 20.00, en oft þurfti það að vera fram yfir miðnætti. Var það aðallega vegna ástands þeirra Kristjáns eða Sævars. Kristján var ýmist þunglyndur eða æstur og þurfti vitnið oft af þeim sökum að vera hjá honum.

Upplesið, játað rétt.

Kl. 16.15 mætir í dóminum ákærði, Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Akærða er kynntur framburður vitnisins.

Fer nú fram samprófun.

Samprófun reynist árangurslaus.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 16.20.

Kl. 16.20 kemur í dóminn sem vitni Högni Ófeigur Einarsson, rannsóknarlöggreglumaður, áður fangavörður í Fangelsinu við Síðumúla, Eyjabakka 16, fæddur 20. desember 1944.

Aminntur um sannsögli.

Vitninu er kynnt það í framburði Kristjáns Viðars

frá 13. maí s.l., þar sem þess er getið og einnig þar sem minnst er á aðra fangaverði í Fangelsinu við Síðumúla. Vitnið segir framburðinn alrangan. Það kannast ekki við að hafa rætt um Magnús Leópoldsson við ákærða eins og ákærði heldur fram. Vitnið veit ekki til þess að ákærða né öðrum föngum, sem eru í haldi vegna máls þessa, hafi verið gert ónæði í Fangelsinu við Síðumúla. Ekki kannast vitnið heldur við að fangaverðir hafi verið að yfirheyra ákærðu. Vitnið telur það rangt hjá Kristjáni að Sævar hafi verið í klefa nr. 15, heldur hafi hann verið í klefa nr. 22.

Upplesið, játað rétt.

Kl. 16.30 kemur í dóminn ákærði, Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Fer nú fram samprófun.

Ákærða er kynntur framburður vitnisins. Kveðst ákærði halda fast við framburð sinn í öllum atriðum.

Samprófun reynist árangurslaus.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 16.35.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ar 1977, mánudaginn 11. júlí, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinars-son, saksóknari.

Einnig er mættur skipaður verjandi Sævars Marinós Ciesielski, Jón Oddsson, hrl.

Skrifstofu Benedikts Blöndal, hrl., var tilkynnt um þinghald þetta s.l. fimmtudag. Benedikt var erlendis. Hann er ekki mættur við fyrirtekt málsins kl. 10.00. Etl-unin var að samþrofa ákærðu Sævar Marinó Ciesielski og Guðjón Skarphéðinsson, en því verður að fresta af framangreindri ástæðu.

Dómpinginu er frestað kl. 10.40.

Kl. 13.00 er mættur í dóminum Bragi Steinarsson, saksóknari. Einnig er mættur verjandinn Benedikt Blöndal, hrl. og Jón Oddsson, hrl.

Pá mæta til samþrófunar ákærðu Guðjón Skarphéðinsson og Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Fer nú fram samþrófun.

Lesið er úr framburði ákærða Sævars Marinós um komu hans heim til Guðjóns að Ásvallagötu 18. nóvember. Ákærði

Guðjón kveðst vísa í fyrri skýrslu sína og frekara samræmi næst ekki um þetta atriði.

Guðjón hefur skýrt frá því, að hann minni nokkuð fastlega, að einhver þriðji maður hafi verið með þeim Erlu og Sævari, er þau komu að Lambhól. Ákærði Sævar Marinó kveðst ekki minnast þess.

Í framburði Guðjóns kemur fram, að ákærði Sævar Marinó hafi haft orð á því á leiðinni til Keflavíkur, að beita þyrfti fullri hörku ef með þyrfti og einnig hafi hann talað um að láta manninn hverfa. Ákærði Sævar kannast við að hafa sagt, að beita þyrfti fullri hörku, en ekki minnist hann þess að hafa haft á orði að láta manninn hverfa.

Ákærði Sævar Marinó kveðst ekki muna hvor þeirra Guðjóns hafði miðann er Kristján Viðar fékk áður en hann fór úr bifreiðinni til að hringja í Hafnarbúðinni. Ákærði Guðjón kveðst vísa til fyrri framburðar um þetta atriði.

Ákærði Sævar Marinó telur að Guðjón hafi vitað nafn mansins áður en komið var til Keflavíkur. Ákærði Guðjón neitar þessu.

Af þessu tilefni skýrir ákærði Sævar Marinó frá því, að hann muni hafa nefnt nafn Geirfinns við Guðjón, er þeir ræddu um væntanleg spíraviðskipti í Keflavík heima hjá Guðjóni 18. nóvember 1974. Ákærði Sævar kveður rannsóknarlögreglumann hafa sagt sér hvað Guðjón hefði sagt um þetta atriði og þá hafi þetta rifjast betur upp fyrir sér.

Ákærða Guðjóni er nú kynnt það, er meðákærði segir Geirfinn hafa sagt eftir að komið var í Dráttarbrautina.

Ákærði Guðjón kveðst ekki muna eftir þessum orðum Geirfinns.

Lesið er nú úr framburðum ákærðu um átökin við Geirfinn í Dráttarbrautinni. Kveðst ákærði Sævar halda fast við framburð sinn.

Ákærði Guðjón kveðst engu hafa að bæta við sinn framburð.

Framburðir ákærðu um það, er gerðist í Dráttarbrautinni eftir að Geirfinnur var fallinn til jarðar og eins það, er gerðist á leiðinni til Reykjavíkur aðfaranótt 20. nóvember 1974 eru nú lesnir í heyranda hljóði.

Ákærði Sævar Marinó kveður það rétt, sem hann hefur skýrt frá áður í máli þessu um framangreind atriði.

Guðjón Skarphéðinsson kveðst að svo stöddu engu hafa að bæta við framburð sinn. Ákærði Sævar Marinó kannast ekki við að hafa sagt það við Guðjón á leiðinni til Reykjavíkur að hann væri samsekur um morð.

Lesið er nú úr framburði ákærða Sævars Marinós um flutninga á líki Geirfinns frá Grettisgötu 82 upp í Rauðhóla 21. nóvember 1974. Ákærði kveðst ekki þora að fullyrða það hvort Guðjón Skarphéðinsson hafi verið með, er lík Geirfinns var flutt frá Grettisgötu 82 upp í Rauðhóla 21. nóvember 1974, en að öðru leyti sé rétt það er hann hefur áður greint frá fyrir dómi.

Ákærði Guðjón vísar til fyrri framburðar síns, er hann er spurður um framangreind atriði.

Ákærði Sævar kveðst hafa sagt Guðjóni skömmu eftir ferðina til Keflavíkur að hann hefði sagt Geirfinni að hann

héti Magnús Leópoldsson.

Akærði Guðjón kveður hann aldrei hafa sagt sér þetta.

Í framburði ákærða Sævars Marinós kemur fram að Guðjón hafi gefið í skyn að heppilegt væri að blanda Klúbbmönnum í málíð, þar sem hugsanlegt væri að Geirfinnur hafi átt viðskipti við Sigurbjörn. Akærði Guðjón Skarphéðinsson kveðst ekki kannast við þetta og víesar til framburðar síns um þetta.

Akærði Sævar tekur fram að þeir Guðjón hafi rætt um Geirfinnsmálið sumarið 1975.

Frekari samprófun reyndist árangurslaus.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 14.55.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Asta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, þriðjudaginn 12. júlí, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Armanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinars-
son, saksóknari.

Kl. 10.00 mætir í dóminum ákærða Erla Bolladóttir.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Verjandi ákærðu er utanbæjar. Ákærða kveðst engu
að síður tilbúin til að mæta í þinghaldi þessu til sampróf-
unar við Guðjón Skarphéðinsson.

Þá mætir í dóminum ákærði Guðjón Skarphéðinsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Með honum mætir skipaður verjandi hans Benedikt
Blöndal, hrl.

Vakin er athygli ákærða Guðjóns Skarphéðinssonar
á framburði frá 30. júní s.l. um að Sævar hafi einhvern
tíma nefnt það við hann að blanda Klúbbmönnum í málið ef
það kæmist upp. Jafnframt er athygli hans vakin á fram-
burði hans í þinghaldi í gær. Ákærði kveðst ekki óska að
taka neitt fram um þetta atriði að svo stöddu.

Fer nú fram samprófun milli ákærðu.

Framburður Erlu Bolladóttur frá 4. júlí s.l. um það
er hún og Sævar hittu Guðjón á veitingastofunni Mokka 18.
nóvember 1974 kl. 17.00, er nú lesinn í heyranda hljóði.
Ákærða kveðst halda fast við pennan framburð.

Ákærði Guðjón kveðst vísa til fyrri framburðar.

Lesið er úr framburði ákærðu um komuna að Lambhól
við Starhaga að kvöldi 19. nóvember 1974. Ákærða kveðst
ekki muna eftir að hafa farið inn í húsið Lambhól umrætt

sinn.

Akærði kveðst halda fast við framburð sinn um þetta atriði.

Afram er lesið úr framburðum ákærðu. Akærða Erla neitar því, að með þeim Sævari hafi verið einhver þriðji maður, en ákærða Guðjón minnir fastlega að svo hafi verið. Akærða telur sig hafa numið staðar við heimili Guðjóns á Ásvallagötu, er hún kom frá Lambhól. Akærða man ekki hvernig bifreiðin snéri. Akærða kveðst ekki muna hvort hún hafi ekið sömu leið og Guðjón og Sævar.

Akærða Erla kveðst halda fast við þann framburð sinn, að ákærðu Guðjón og Sævar hafi farið inn til Guðjóns, er að Ásvallagötu 46 kom. Akærði Guðjón kveður þetta ekki rétt.

Aðspurð kannast ákærða Erla ekki við að neinn þriðji maður hafi farið úr bifreið hennar í nánd við heimili Guðjóns að Ásvallagötu 46 umrætt sinn.

Lesið er úr framburðum ákærðu um komuna á Vatnsstíg og brottför þaðan. Akærðu halda fast við framburði sína. Akærði Guðjón kveðst engar sérstakar athugasemdir gera við framburð Erlu.

Lesið er úr framburðum ákærðu um það, er gerðist á leiðinni til Keflavíkur. Akærði Guðjón kveðst ekki vera öruggur um hvort staðnæmst hafi verið á bensínstöð í Hafnarfirði á leiðinni, en það megi vel vera.

Akærða Erla kveðst halda fast við það, er hún hefur greint frá um ferðina til Keflavíkur. Akærði Guðjón vísar

til framburðar síns um þetta atriði.

Ákærði Guðjón segir að hann telji að þau hafi verið við bíóið í Keflavík frá kl. 22.00 til kl. 22.10. Miðar ákærði þetta við það að sýning í bíóinu hafi hafist kl. 21.00 eins og algengt er, og hlé verið gert á þessum tíma.

Ákærðu halda bæði fast við framburði sína um það, er gerðist í Keflavík eftir komuna þangað 19. nóvember 1974.

Lesið er úr framburðum ákærðu um það, er gerðist í bifreiðinni eftir að Geirfinnur kom í hana. Ákærði Guðjón kveðst ekki minnast þess að ekið hafi verið um Keflavík á leiðinni í Dráttarbrautina. Hann segir það mega vera rétt hjá ákærðu að eitthvert orðaskak hafi orðið. Ákærði minnist þess ekki að Geirfinnur hafi farið fram á að fá að fara úr bifreiðinni. Tekur hann fram að í því sambandi sé leiðin frá Hafnarbúðinni í Dráttarbrautina örstutt. Ákærði varð þess ekki var að svíptingar yrðu í bifreiðinni, en þorir ekki að taka fyrir það.

Ákærðu halda fast við framburði sína um það, er gerðist á leiðinni í Dráttarbrautina.

Lesið er úr skýrslum ákærðu um átökin við Geirfinn í Dráttarbrautinni.

Ákærði Guðjón kveður það vera rétt hjá Erlu, er hún segir um peningana, er Sævar bauð Geirfinni og hvað gerðist í framhaldi af því. Ákærði kveður það rétt að hann hafi farið síðastur út úr bílnum að Erlu frátalinni. Hafi peningarnir þá legið á dreif um bifreiðina. Ákærði kveður það rétt hjá ákærðu, að hann hafi tekið í upphandlegg Geir-

finns, en telur það misskilning að Geirfinnur hafi þá verið að fara á brott. Ákærði kveðst hafa ætlað að fá Geirfinn á brott með sér. Ákærði kveður sér hafa verið ljóst að einhver hafði logið að Geirfinni og eitthvað væri bogið við þetta allt saman. Var ætlun ákærða að Geirfinnur færi óáreittur á brott og ekkert yrði meira úr þessu. Ákærði taldi sig eiga persónulega of mikið á hættu ef einhver vandræði eða átök hlytust af þessu. Ákærði telur að Geirfinnur hafi misskilið það, er hann tók í handlegg hans. Geirfinnur brást þó ekki illa við þessu, en meðákærðu Sævari og Kristjáni hafi verið of lausar hendur og eins og neista væri hleypt í þúður. Ákærði kveðst ekki þora að fullyrða um nákvæman gang mála eftir þetta. Ákærði minnist þess ekki að hafa beitt hnefunum, a.m.k. hafi ekkert séð á honum á eftir. Persónulega vakti ekki fyrir ákærða að lenda í átökum við Geirfinn. Ákærði getur ekki greint nánar frá átökunum en hann hefur þegar gert.

Ákærða Erla kveðst halda fast við framburð sinn um átökin.

Ákærði Guðjón man ekki eftir að barefli eða byssa hafi verið notað á átökunum við Geirfinn og ekki minnist hann þess að hafa beitt hnefunum.

Ákærði kveðst ekkert frekar hafa að athuga við framburð Erlu um átökin. Hann minnist þess ekki að hafa séð Sævar ganga til hennar og fá henni peninga. Ákærði varð ekki var við það, er Erla fór á brott.

Lesið er úr framburði ákærðu Erlu um flutningana

á líki Geirfinns frá Grettisgötu 82 upp í Rauðhóla og greftrun líksins þar. Ákærða Erla kveðst ekki vera örugg um hvort Guðjón hafi verið með í ferð þessari, en að öðru leyti heldur hún fast við framburð sinn.

Akærði Guðjón neitar með öllu að hafa átt nokkurn þátt í flutningum á líki Geirfinns.

Akærða Erla kveðst ekki muna betur en að Volkswagen-bifreiðin hafi verið á Ásvallagötu 46, er þau Sævar sóttu hana 20. nóvember 1974. Ákærði Guðjón kveðst ekki alveg geta komið þessu heim og saman og telji þetta mikið vafamál. Hann telur sig hafa farið heim til sín um nóttina á Fiat bifreiðinni.

Lesið er úr framburði ákærðu Erlu um það, er ákærðu hittust að Grettisgötu 82 stuttu eftir 19. nóvember 1974 og ræddu hvað gera skyldi, ef upp kæmist um þátt þeirra í dauða Geirfinns Einarssonar. Ákærða kveðst halda fast við framburð sinn. Ákærði Guðjón neitar með öllu að hafa hitt meðákærðu svo sem að ákærða greinir frá, að Grettisgötu 82 til að ræða hvað gera skyldi ef kæmist upp um þátt þeirra í dauða Geirfinns.

Lesið er úr framburði ákærðu Erlu um að hún hafi hitt og rætt við meðákærða eftir að henni var sleppt úr gæsluvarðhaldi 20. desember 1975. Ákærði kveður það rétt að hann hafi hitt Erlu á framangreindum tíma, einu sinni á kaffihúsinu Tröð og einu sinni eða tví svar á heimili ákærða. Ákærði kveður það rangt hjá Erlu að hann hafi hringt til hennar eins og hún heldur fram, til að leita fréttu af

yfirheyrlum. Ákærða kveðst halda fast við þennan framburð sinn.

Frekara samræmi næst ekki í framburðum ákærðu.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 12.10.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, þriðjudaginn 13. september, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir er tekið:

Sakadómsmálið:

Ákærvaldið

gegn

Kristjáni Viðari Viðarssyni,

Sævari Marinó Ciecielski,

Tryggva Rúnari Leifssyni,

Albert Klahn Skaftasyni,

Erlu Bolladóttur,

Ásgeiri Ebenezer Pórðarsyni

og

Guðjóni Skarphéðinssyni.

Mættur er í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinars-son, saksóknari.

Mættur er í dóminum skipaður verjandi ákærða Sævars Marinós Ciecielski Jón Oddsson hrl.

Verjandinn fer þess á leit að Vilhjálmur Knudsen, Hellusundi 6, verði kvaddur fyrir dóm í málínu. Einnig fer verjandinn þess á leit að móðir ákærða Sævars Marinós verði yfirheyrð og einnig systur ákærða. Að öðru leyti kveðst verjandinn ekki óska eftir frekari rannsókn í málínu.

Þá er mættur Benedikt Blöndal, hrl., skipaður verjandi ákærða Guðjóns Skarphéðinssonar. Verjandinn fer þess á leit að ákærðu Guðjón Skarphéðinsson og Kristján Viðar Viðarsson verði samþrofaðir, en kröfur um frekari rannsókn í málínu kveðst verjandinn ekki gera að svo stöddu.

Kl. 10.30 kemur í dóminn ákærði Sævar Marinó Ciecielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Dómurinn getur þess, að honum hafi hinn 5. þ.m. borizt skýrsla frá ákærða um nokkra viðburði dagana 15.- 21. nóvember 1974.

Ákærði sér í dóminum skýrslu þessa og staðfestir að hann hafi skrifað hana og sé hún rétt.

Samkvæmt skýrslunni kveðst ákærði hafa farið frá Kjarvalsstöðum um kl. 22.00 að kvöldi 19. nóvember 1974.

Ákærði er nánar spurður um þetta og kveðst hann halda fast við þetta. Ákærða er bent á, að þetta sé ekki í samræmi við framburð hans fyrir dómi svo og bréf er hann

ritaði dóminum 12. júlí s.l. Ákærður heldur því nú fram, að allur framburður sinn í málínu sé rangur og byggður á sögusögnum rannsóknarlöggreglumanna og próast upp með rannsókn málsins. Hann kveðst aldrei hafa farið til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember og kannast ekki við að eiga pátt í hvarfi Geirfinns Einarssonar. Ákærði kveðst aldrei hafa séð Geirfinn.

Ákærði er inntur eftir úri því, er greinir í framburði þeirra Hinriks Jóns Þóríssonar og Ingibergs Sigurðssonar. Ákærði skýrir frá því, að hann hafi átt líkt úr og fram kemur í framburðum þeirra Ingibergs Sigurðssonar og Hinriks Jóns Þóríssonar. Ákærði kveðst hafa komist yfir úr þetta árið 1972 í innbroti hjá Jóni Steffensen professor. Úr þetta var hringlaga stálur með hvítleitri skífu, en eigi man ákærði hvort tölustafir voru á henni. Ákærði veit ekki af hvaða gerð úrið var. Úrið var með breiðri leðuról, en hvort málmtakkar eða bólur voru á henni getur ákærði ekki staðhæft. Ákærði telur að hann hafi látið Ingiberg Sigurðsson fá úrið vorið 1975. Var tilefni þess það að Hinrik Jón fékk lán hjá Ingiberg að fjárhæð kr. 3.000.- til að kaupa áfengisflösku og af greiðasemi við Hinrik Jón létt ákærði úrið að veði fyrir skuldinni. Ingibergur var með úrið þar til í ágúst sama ár, en þá hafði Hinrik Jón látið ákærða fá úr gulllitað með gulllitaðri skífu og leðuról. Ingibergur afhenti ákærða úr það er hann hafði upphaflega fengið og fékk úr þetta í staðinn. Ákærði kveður Eggert Bjarnason hafa tekið úrið af sér í fangelsinu við Síðumúla í janúar

1976 og veit ákærði ekki annað en að úrið sé í vörzlu rannsóknarlöggreglunnar.

Ákærði kveðst muna að tveir dívanar voru að Hamarsbraut ll á meðan hann dvaldist þar, en hvar þeir eru niðurkomnir nú kveðst hann ekki vita.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 11.20.

Kl. 11.30 kemur í dóminn að eigin ósk sem vitni Sigurbjörg Ólöf Guðjónsdóttir, húsfrú, Grýtubakka 10, fædd 28. maí 1930.

Aminnt um sannsögli, en jafnframt gætt ákv. 3. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974, þar sem vitnið er móðir ákærða Sævars Marinós Ciecielskis.

Vitnið skýrir frá því að Jón Oddsson hrl. hafi minnst á það við sig í október 1976 að fram hefði komið í máli þessu að það hefði verið að Kjarvalsstöðum að kvöldi 19. nóvember 1974 ásamt Sævari Marinó syni þess og Erlu Bolladóttur. Vitnið kveðst hafa farið að rifja þetta upp og skýrir nú svo frá því er gerðist að kvöldi 19. nóvember. Vitnið kveður þetta minnisstætt fyrir sér þar sem það fari mjög sjaldan út á kvöldin. Vitnið skýrir frá því að Sævar hafi skýrt sér frá því að verið væri að sýna myndina Eldur í Heimaey að Kjarvalsstöðum og það mundi hafa gaman af að sjá myndina. Sævar Marinó og Erla komu að sækja það um kl. 18.00 að Laugavegi 70, þar sem vitnið vinnur aðeins á þriðjudögum. Óku þau heim til vitnisins á jeppabifreið er þau áttu og var borðaður kvöldverður. Rétt fyrir kl. 20.00 að því er vitnið minnir fóru þau

heiman frá vitninu áleiðis að Kjarvalsstöðum. Var komið við í leiðinni að Hjallavegi þar sem þau Erla og Sævar Marinó bjuggu um þessar mundir. Þegar að Kjarvalsstöðum kom var ekki hægt að fá bílastæði og tók nokkurn tíma að finna það. Var klukkan farin að ganga níu er þau komu inn á Kjarvalsstaði og var þá fyrsta sýning kvíkmyndarinnar byrjuð. Fóru þau ekki fyrst í stað inn á kvíkmyndasýninguna, en skoðuðu um stund sýningu er var á Kjarvalsstöðum. Þau fóru ekki fyrr en á síðari sýningu kvíkmyndarinnar, en hvenær hún hófst kveðst vitnið ekki geta staðhæft. Sýningin tók um hálftíma. Þegar sýningunni var lokið hittu þau Vilhjálm Knudsen, konu hans og föður. Kynnti Sævar vitnið fyrir þeim. Þau ræddu síðan saman um stund, en að því búnu fóru þau að skoða ljósmyndasýningu. Eftir það voru þau um stund í kaffistofunni og bauð Sævar því kaffi. Vitnið kvaðst ekki mega vera að því að fá sér kaffi og var eftir nokkra stund ekið heim til þess frá Kjarvalsstöðum. Var klukkan 22.10 er komið var heim til vitnisins að Grýtubakka 10 og skildist vitnið þar við þau Sævar og Erlu. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við það að þau Sævar og Erla hafi verið að flýta sér. Vitnið kveðst hins vegar hafa verið að flýta sér þar sem það er sykursýkissjúklingur og verður að hafa ákveðið mataræði. Vitnið vissi ekki um ferðir þeirra Erlu og Sævars eftir að það skildi við þau fyrir utan heimili þess svo það muni. Vitnið kveður Erlu Bolladóttur hafa ekki verið í kápu en verið klædd í síða peysu.

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 12.18.

Kl. 12.25 kemur í dóminn sem vitni Anna Björg Ciecielski, Grýtubakka 10, fædd 21. ágúst 1957.

Áminnt um sannsögli.

Vitnið er systir Sævars Marinós Ciecielski og því gætt ákv. 5. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974.

Vitnið skýrir frá því að það muni eftir því er móðir þess fór ásamt Sævari og Erlu á kvíkmyndasýningu á Kjarvalsstöðum. Vitnið kveðst ekki geta tilgreint hvaða dag þetta var, en þetta var að kvöldi og var verið að sýna mynd frá eldgosinu í Vestmannaeyjum. Vitnið man að Sævar og Erla borðuðu heima hjá því kvöldmat áður en þau fóru að Kjarvalsstöðum ásamt móður þess. Vitnið telur að þau hafi farið að heiman um kl. 20.00. Vitnið telur að þau hafi komið aftur um kl. 22.00. Byggir vitnið þetta á því að móðir þess hafði ekki borðað kvöldskammt vegna sykursýki er hún gengur með. Sævar og Erla voru á jeppa. Þau komu ekki inn með móður þess er þau komu aftur af Kjarvalsstöðum. Vitnið kveðst ekki vita um ferðir þeirra Sævars og Erlu eftir þetta.

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 12.37.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir

Ragnar Þorsteinsson

Ár 1977, miðvikudaginn 14. september, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Dómurinn getur þess, að við dskj. VII í Geirfinns-máli hafi verið bætt við lögregluskýrslu (bls. 1328-1349).

Dómurinn leggur fram:

- | | |
|-------------|---|
| Nr. XII | Bréf dómsins |
| - XIII | Greinargerð Arnar Höskuldssonar |
| - XIV | Bréf ákærða Sævars Marinós |
| - XV | Skýrslu er ákærði Sævar Marinó
sendi dóminum |
| - XVI-XXIII | Afrit af bréfum dómsins til verjenda |
| - XXIV | Endurrit úr sakadómi Barðastrandasýslu |
| - XXV | Bréf Páls A. Pálssonar hrl. |

Málsskjölin fylgja.

Mættur er sækjandi málsins Bragi Steinarsson, sak-sóknari.

Mættir eru í dóminum verjendur ákærðu Páll A. Pálsson hdl., Jón Oddsson hrl. og Benedikt Blöndal hrl.

Kl. 10.05 kemur í dóminn sem vitni Vilhjálmur Ósvaldsson Knudsen, kvíkmyndagerðarmaður, Hellusundi 6A, fæddur 14. maí 1944.

Áminntur um sannsögli.

Vitninu er tjáð tilefni yfirheyrslunnar.

Vitnið skýrir frá því, að það hafi fyrst kynnst ákærða

Sævari Marinó vorið 1974. Ákærði hafði áhuga á kvíkmynda-gerð og tókust kynni með ákærða og vitninu í því sambandi. Hitti ákærði vitnið nokkrum sinnum og var með því, er það var að kvíkmynda. Vitnið bjó að Kirkjut-eigi 16 árið 1974. Vitnið kveðst hafa skráð hjá sér ýmis minnisatriði í dagbók framangreint ár, einkum vinnutíma. Vitnið létt rannsóknarlöggreglunni í té dagbók þessa og liggur hún frammi í dóminum. Hinn 19. nóvember í dagbókinni er skráð vinnustundafjöldi vitnisins við Fiskvinnsluskólann og hefur vitnið skv. því lokið vinnu kl. 19.30. Neðst á blaðsíðunni er eftirfarandi skráð: "MEMO Fór á Kjarvalsstaði um kvöldið. Mynd var sýnd 4 sinnum."

Vitnið sér í dóminum dagbókina og kveðst staðfesta það er að framan greinir.

Vitnið skýrir frá því að um þessar mundir hafi verið sýnd mynd að Kjarvalsstöðum sem kallaðist Eldur í Heimaey. Vitnið kveðst muna að það fór á Kjarvalsstaði þetta kvöld svo sem í dagbókinni greinir og sé þetta kvöld sér sérstaklega minnisstætt. Vitnið kveðst hafa farið að rifja þetta upp er blöð fóru að skýra frá umræddu máli. Var það eftir að ákærði Sævar Marinó Ciecielski og meðákærðu í máli þessu höfðu verið handtekin og grunuð um aðild að því. Gáði vitnið í dagbókina af þessu tilefni og hafði strax samband við Sigurbjörn Víði Eggertsson rannsóknarlöggreglumann. Gaf vitnið skýrslu hjá rannsóknarlöggreglunni í framhaldi af þessu. Fyrri skýrsla vitnisins hjá rannsóknarlöggreglu er frá 15. maí 1976. Vitnið kveðst telja öruggt að það hafi komið að Kjarvalsstöðum um kl. 20.00. Með vitninu voru faðir þess,

sem nú er láttinn, og eiginkona vitnisins. Vitnið telur að sýningar á framangreindri mynd hafi hafist um kl. 20.00. Var myndin sýnd fjórum sinnum um kvöldið og tók hver sýning um hálftíma. Var um 15 mínútna hlé á milli sýninganna á meðan fólkvið var að fara inn og út. Vitnið kveður þau ekki hafa farið inn á fyrstu sýninguna, heldur á aðra og séð hluta af henni. Vitnið kveðst hafa hitt ákærða Sævar Marinó á Kjarvalssstöðum um kl. 21.00 að vitnið telur. Móðir Sævars Marinós var í fylgd með honum og kynnti ákærði hana fyrir föður vitnisins. Erla Bolladóttir var ekki með Sævari Marinó og móður hans. Vitnið kveðst ekki geta slegið því föstu að það hafi séð hana, en finnst þó að það hafi séð hana einhvers staðar í mannþrónginni. Vitnið skiptist aðeins á orðum við Sævar. Spurði það hann hvort hann hefði farið á sýninguna og skildist vitninu á honum að hann hefði ekki farið á sýninguna, en hins vegar sagði hann að móðir sín væri búin að sjá sýninguna. Vitnið telur að það hafi rætt örstutta stund við Sævar, en að því búnu skildust leiðir þeirra og sá vitnið hann ekki meira þetta kvöld að það bezt veit. Ekki gat vitnið merkt að ákærði væri neitt að flýta sér, en vitninu fannst á honum að hann væri að fara eitthvað. Vitninu finnst einhvern veginn að ákærði hafi látið þau orð falla þarna að hann væri að fara til Keflavíkur a.m.k. sagði hann það einhvern tíma við vitnið um þessar mundir. Vitnið kveðst hafa furðað sig á því hvaða erindi hann gæti átt til Keflavíkur. Vitnið tekur fram að það hafi þekkt ákærða mjög lítið persónulega, en hann hafi oft og iðulega verið með tæki frá því. Vitnið tekur fram, að þetta hafi verið eina kvöldið

sem það fór á framangreinda sýningu.

Skýrsla vitnisins hjá rannsóknarlöggreglunni frá 15. maí 1976 er lesin í heyranda hljóði. Kveðst vitnið staðfesta skýrsluna með þeim breytingum er fram koma í framburði þess.

Skýrsla vitnisins hjá rannsóknarlöggreglu frá 10. nóvember 1976 er einnig lesin í heyranda hljóði. Vitnið segir skýrsluna rétta í öllum atriðum og eins nákvæma og því sé unnt að skýra frá þar á meðal hvenær það hitti Sævar Marinó að Kjarvalssstöðum og skildi við hann.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið er í þjóðkirkjunni og kveðst trúa á guð. Að loknum lögmæltum undirbúningi vann vitnið eið að framburði sínum.

Vék frá kl. 11.15.

Kl. 11.40 kemur í dóminn sem vitni Örn Ármann Sigurðsson, fyrrverandi fangavörður í fangelsinu v/Síðumúla, til heimilis að Hamri, Mosfellssveit, fæddur 14.11.1948.

Áminntur um sannsögli.

Vitninu er kynnt það í framburði Kristjáns Viðars Viðarssonar frá 13. maí s.l. er það varðar. Er skýrsla Kristjáns um vistina í Síðumúla lesin fyrir vitninu. Vitnið skýrir frá því að það hafi oft rætt við Kristján Viðar í fangelsinu við Síðumúla þegar það var fangavörður þar, enda hafi hann verið í mikilli þörf fyrir að ræða við einhvern bæði um mál þau er hann var viðriðinn og um andlegt og líkamlegt ástand hans. Vitnið kveðst ekki muna eftir þeim ummælum er Kristján hefur eftir því í framburði sínum. Þó megi vel vera að það hafi sagt þetta, en þá séu ummælin slitin úr sam-

hengi. Þetta hafi komið fram í umræðum við Kristján af gefnu tilefni frá honum sjálfum, en ekki sem hótun. Vitnið kveður það rétt vera hjá Kristjáni að hann hafi verið í klefa nr. 17 en Sævar Marinó í klefa nr. 15 og því auður klefi á milli þeirra. Vitnið kannast ekki við að fanga-verðir né aðrir hafi verið með hávaða viljandi, en það tekur fram að hljóðbært sé í húsinu. Vitnið hefur aldrei heyrt um það að fangaverðir eða aðrir hafi farið upp á þak fangelsisins til að framkalla hávaða til að hræða ákærðu. Fangaverðir í fangelsinu við Síðumúla hafa meðferðis kylfur. Vitnið hafði sína kylfu ávallt í vasanum. Vitnið man ekki til þess að það hafi nokkurn tíma séð fangaverði veifa kylfum framan í ákærðu. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við að lögreglumenn ræddu við fangana einslega nema eftir ósk fanganna sjálfra.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 12.06.

Dómpingu slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir

Ragnar Þorsteinsson

Ár 1977, þriðjudaginn 27. september er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum

Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Dómurinn getur þess, að fyrir nokkrum dögum hafi
borist greinargerð frá Erni Höskuldssyni um skýringu á
því hvers vegna nokkrar blaðsíður vanti í skýrslu lög-
reglunnar (þ.e. dskj. V-VIII). Sækjanda og verjendum
eru afhent ljósrit af greinargerðinni.

Mættur er sækjandi málsins Bragi Steinarsson sak-
sóknari.

Einnig eru mættir verjendurnir Jón Oddsson hrl.,
Páll A. Pálsson hdl. og Benedikt Blöndal hrl.

Benedikt Blöndal hrl. leggur fram:

Nr. B XXVI Bréf ásamt einu fskj.

Kl. 14.15 kemur í dóminn Sigurbjörn Víðir Eggerts-
son, rannsóknarlöggreglumaður, Asparfelli 4, fæddur 19.
júlí 1948.

Áminntur um sannsögli.

Að beiðni Benedikts Blöndals hrl. eru eftirfarandi
spurningar lagðar fyrir mætta:

1. Borin er undir mætta skýrsla hans frá 8. nóvember
1976 bls. 708 og hann beðinn að svara eftirfarandi spurning-
um:

a) Hver gaf fyrirmæli um þessa rannsókn ?

Svar: Karl Schütz útbýtti þessu.

b) Hvað er rannsóknarnefndin Reykjavík.

Svar: Vinnuhópur manna, er vann að rannsókn Geirfinns-
málsins og að nokkru Guðmundarmálsins haustið 1976.

c) Hverjir eru eða voru í þessari nefnd ?

Svar: Örn Höskuldsson, Karl Schütz, Pétur Eggerz, Eggert Bjarnason, Ívar Hannesson, Grétar Sæmundsson, Jónas Bjarnason, Haraldur Árnason, Rúnar Sigurðsson og mættur. Þá voru stúlkur sem þýddu og vélrituðu skjöl.

d) Hver skipaði hana ?

Svar: Það er mér ókunnugt um.

2) Vitnинu er sýnt fylgiskjal með dskj. nr. XXVI og af því tilefni er það beðið að svara eftirfarandi spurningum:

a) Hefur vitnið séð þetta skjal fyrr :

Svar: Já.

b) Veit vitnið hverjum var falin rannsókn liða
merktra f) og g) ?

Svar: Ég veit ekki um það.

c) Veit vitnið við hvað er átt með f) ?

Svar: Ég veit ekki við hvað var átt, en hef kannski vitneskju um hverju var verið að leita eftir. Það var verið að spyrja um, hvort þeir sem eru viðriðir Geirfinnsmálið þ. á. m. ákærði Guðjón Skarphéðinsson hefðu verið grunaðir um fíkniefnadreifingu eða meðferð á Keflavíkurflugvelli.

3) Borið er undir vitnið skjal merkt 12 D á dskj.

B VIII. Af því tilefni er vitnið spurt eftirfarandi spurninga:

a) Man vitnið hvernig veður og færð var þetta kvöld ?

Svar: Það var dimmt og gola eða strekkings vindur, en þurrt. Snjór var ekki á jörð.

b) Fylgdist vitnið með hraðamæli bifreiðarinnar á leiðinni til Keflavíkur.

Svar: Ég fylgdist ekki með hraðamæli bifreiðarinnar, en það var ekið með meiri hraða en löglegum. Var haft í huga að fram var komið í málínu að tíminn hefði verið orðinn of naumur í ferðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974.

c) Telur vitnið að unnt hafi verið að fara þessa sömu leið og greinir í skýrslunni á Volkswagenbifreið þeirri, sem fjögur hinna ákærði eru talin hafa farið á til Keflavíkur á jafn skömmum tíma og vitnið fór hana í Volvobifreið ramnsóknarlöggreglunnar við annan mann ?

Svar: Já, ég held að það sé möguleiki.

d) Var tímarannsóknin gerð aðeins einu sinni ?

Svar: Já.

Upplesið, játað rétt.

Samkvæmt löggregluskyrslu frá 12.11.1976 var vitnið einn þeirra löggreglumanna er handtóku Guðjón Skarphéðinson. Benedikt Blöndal hrl. fer þess á leit að vitnið svari því, hver hafi gefið fyrirmæli um handtökuna.

Vitnið segir að Karl Schütz og Órn Höskuldsson hafi gefið fyrirmæli um handtökuna.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 14.40.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir

Valdemar Sörensen

Kl. 14.45 kemur í dóminn ákærði Guðjón Skarphéðins-

son.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974.

Ákærði er spurður um það, hvort hann hafi eitt-hvað frekara fram að færa í málinu. Ákærði kveðst ekkert hafa frekara fram að færa. Kveðst hann halda fast við fyrri framburð sinn.

Upplesið, játað rétt.

Kl. 14.50 mætir til samprófunar Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Fer nú fram samprófun.

Ákærði Kristján Viðar óskar bókað að hann vilji leiðréttu eftirfarandi atriði í framburði sínum frá 6. júlí 1977, að þar sem standi að hann sé saklaus af að hafa átt þátt í dauða Geirfinns Einarssonar eigi að standa að hann sé saklaus af að hafa átt þátt í hvarfi Geirfinns Einarssonar.

Lesið er upp í dóminum úr framburði Guðjóns Skarphéðinssonar um átökin við Geirfinn Einarsson í þinghaldi 12. júlí s.l. Ákærði Kristján kveðst ekki kannast við þetta, enda ekki verið viðstaddir.

Frekari samprófun er árangurslaus.

Upplesið, játað rétt.

Að ósk ákærða Kristjáns Viðars er lesinn upp í dóminum framburður ákærða Guðjóns Skarphéðinssonar frá 30. júní s.l.

Í því sambandi óskar ákærði Kristján Viðar bókað að Karl Schütz hafi látið lesa fyrir sér framburði meðákærðu

og sagt sér að þeir væru réttir uns ákærði hefði fallist
á það.

Upplesið, játað rétt.

Vikur frá kl. 15.15.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir

Valdemar Sörensen

Ar 1977, fimmtudaginn 29. september er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristins-syni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Mættur er í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinsson, saksóknari.

Einnig eru mættir verjendurnir Jón Oddsson, hrl., Páll A. Pálsson hdl. og Benedikt Blöndal hrl.

Kl. 11.15 koma í dóminn ákærðu Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciecielski og Guðjón Skarphéðinsson.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ríkissaksóknara er gerð krafa um, að ákærðu Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciecielski og Guðjón Skarphéðinsson, sæti áfram gæzluvarðhaldi, eftir að gæzlu-varðhald þeirra rennur út.

Sævar Marinó kveðst mótmæla kröfu þessari, svo og Kristján Viðar Viðarsson. Guðjón Skarphéðinsson mótmælir ekki kröfunni.

Dómarinn kvað nú upp svohljóðandi

úrskurð:

Ár 1977, fimmtudaginn 29. september er á dómpingi sakadóms Reykjavíkur sem háð er í Borgartúni 7 af sakadómurunum Gunnlaugi Briem sem dómsformanni og Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfararnótt 27. janúar 1974 hvar Guðmundur Einarsson, Hraunprýði, Blesugrót hér í borg, í Hafnarfirði og hefur ekki sést síðan. Með ákæru ríkissaksóknara dags. 8. desember 1976 hefur verið höfðað mál á hendur þeim Kristjáni Viðari Viðarssyni, fæddum 21. apríl 1955, til heimilis að Grettisgötu 82 hér í borg, Sævari Marinó Ciecielski, Grýtubakka 10, fæddum 6. júlí 1955 og Tryggva Rúnari Leifssyni fyrir að hafa ráðist á Guðmund að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði framangreinda nótt og misþyrmt honum svo að hann hlaut bana af. Þá er málið höfðað gegn Kristjáni Viðari með sömu ákæru fyrir þjófnaði og Sævari Marinó fyrir þjófnaði, skjalafals, fjárvík og smygl á hashi.

Að kvöldi þriðjudagsins 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson, Brekkubraut 15, Keflavík þar í bænum og hefur ekki sést síðan. Með ákæru ríkissaksóknara dags. 15. mars 1977 hefur verið höfðað mál á hendur þeim Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Guðjóni Skarphéðinssyni, fæddum 19. júní 1943, til heimilis að Rauðarárstíg 32 fyrir að hafa

ráðist á Geirfinn í Dráttarbrautinni í Keflavík þá um nóttina og misþyrmt honum svo, að hann hlaut bana af. Málið er einnig höfðað fyrir rangar sakargiftir gegn Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Erlu Bolladóttur, Stóragerði 29, Reykjavík, sem einnig er ákærð fyrir eftirfarandi hlutdeild í verknaði ákærðu.

Ákærði Kristján Viðar var úrskurðaður upphaflega í gæzluvarðhald hinn 23. desember 1975, ákærði Sævar Marinó 12. desember sama ár og ákærði Guðjón 13. nóvember 1976 og hafa þeir setið í gæzluvarð haldi síðan. Síðasti úrskurðurinn yfir ákærða Kristjáni Viðari var kveðinn upp hinn 16. maí s.l., yfir Sævari Marinó hinn 5. s.m. Voru þeir úrskurðaðir í allt að 150 daga gæzluvarðhald.

Mál ákærðu verður flutt 3. október n.k. og er ljóst að framangreindir úrskurðir renna út áður en unnt verður að kveða upp dóm í því.

Þykir rétt með tilvísun til 1. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að framlengja gæsluvarðhaldsvist ákærðu í allt að 120 daga.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald ákærðu, Kristjáns Viðars Viðarssonar, Sævars Marinós Ciecielski og Guðjóns Skarphéðinssonar, framlengist í allt að 120 daga frá deginum í dag að telja.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Úrskurðurinn var lesinn í heyranda hljóði. Af hálfu Guðjóns Skarphéðinssonar er þess ekki óskað að kæra úrskurðinn.

Ákærðu Sævar Marinó og Kristján Viðar óska eftir að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar.

Upplesið, staðfest.

Ákærðu viku frá kl. 11.30.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ar 1977, fimmtudaginn 29. september er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Dómurinn leggur fram:

Nr. BXXVII Bréf Arnar Höskuldssonar

- BXXVIII Bréf Páls A. Pálssonar hdl.

- BXXIX Bréf Gunnars Guðmundssonar, forstöðumanns fangelsisins í Síðumúla.

Þá er bætt lögregluskyrslum við dskj. nr. VII og eru þær tölusettar 1350-1360.

Málskjölin fylgja.

Kl. 11.45 kemur í dóminn ákærði Sævar Marinó Ciecielski.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði sér í dóminum úr það er Eggert Bjarnason, rann-

sóknarlöggreglumaður lagði hald á hjá honum í fangelsinu við Síðumúla í janúar 1976. Ákærði staðfestir að þetta sé rétt. Ákærði kveður Eggert Bjarnason hafa lagt hald á samskonar úr hjá sér er var sjálftrekkt.

Skýrsla ákærða í dómi frá 13. september er lesinn í heyranda hljóði og segir ákærði hana vera rétta.

Ákærða er kynnt löggregluskýrsla um viðtal við Jón Steffensen prófessor, dskj. VII., bls. 1352. Ákærði kveðst ekki muna betur en framangreint úr sé frá prófessor Jóni Steffensen. Ákærði kveðst fyrst hafa notað nefnt úr í Kaupmannahöfn árið 1973. Ákærði kveðst hafa búið á Brekkustíg 7 vorið 1972 eða 1973 í húsnæði Gunnars Inga Ægissonar og muni hann hafa séð þetta úr hjá sér.

Ákærði kveðst hafa verið í vinnu á Tálknafirði í janúar og febrúar 1973 og verið þá með þetta úr. Hafi hann búið í sama herbergi og Stefán Unnsteinsson, Halldóra Thoroddsen, Hjörleifur Steingrímsson og Kristín Magnúsdóttir, og geti verið að þau hafi séð úrið hjá sér. Breið leðuról var á úrinu á þessum tíma, og minnist ákærði þess að hafa lánað einhverjum úrið vegna sinaskeiðabólgu.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 12.12.

Kl. 12.12. kemur fyrir dóminn ákærði Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærða er sýnt framangreint úr. Ákærði kveðst ekki kannast við úr þetta. Hann veit ekki til þess að neitt úr hafi verið tekið er ákærðu frömuðu þjófnaðinn hjá prófessor

Jóni Steffensen.

Ákærði óskar bókað varðandi síðasta framburð sinn að Karl Schütz hafi lesið á þýzku skýrslur annara sakborninga, en Pétur Eggertz túlkað.

Ákærði tekur fram að átök við Hinrik Jón Þórisson sem ákærði skýrði frá við síðustu yfirheyrslu hafi átt sér stað 4. ágúst 1975.

Ákærði óskar bókað:

"Laugardagskvöldið 26. janúar 1974 var ég á kvíkmyndasýningu Superstar í Laugarásbíó, fimmsýningu. Að henni lokinni labbaði ég heim til míni, en kom við að Miðtúni 19 þar sem kunningi minn bjó sem heitir Gunnar. Atti ég einhver orðaskipti við hann. Ég hafði orð á að fara á Röðul og bað hann um peningalán, sem hann gat ekki veitt mér. Ég fór ekki á Röðul heldur heim til míni að Grettisgötu 82 og var þar það sem eftir var kvöldsins og um nóttina. Framburðir míni í samprófunum í málínunum hér í sambandi við mál Guðmundar Einarssonar við meðákærðu og Gunnar Jónsson, svo og í málí Geirfinns Einarssonar að undanskildum samprófunum við ákærðu Erlu og Guðjón eru tómur þvættingur."

Ákærður kveðst aðspurður hafa komið heim til sín um kl. 21.00.

Ákærður óskar bókað:

"19. nóvember 1974 var ég að Laugavegi 32 þar sem ég bjó á þeim tíma. Ég fór þaðan mjög oft út fyrir dyr. Þetta kvöld minnir mig fastlega að ég hafi farið niður í bæ, labbað niður Laugaveg. Ég tók strætó, leið eitt og fór úr honum á Njálgsgötu við Snorrabraut, og labbaði síðan heim

til míni að Grettisgötu 82. Sævar var búinn að hafa orð á því við mig að bjóða mér að koma á kvíkmyndasýningu að Kjarvalsstöðum. Hann var búinn að tala um að aðgangur yrði ókeypis. Ég fór ekki inn á Kjarvalsstaði og hitti Sævar ekki. Ég var með áfengi með mér. Ég sat við styttu Einars Ben og var að drekka þar. Ég var þarna nokkurn tíma og labbaði síðan niður á Laugaveg 32 og var þar í herbergi nr. 4 um nóttina."

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 12.47.

Kl. 14.00 kemur í dóminn vitnið Guðný Sigurðardóttir.

Áminnt um sannsögli.

Vitnið hefur áður mætt í máli þessu og staðfest framburð sinn.

Vitnið skýrir frá því, að Geirfinnur Einarsson, eiginmaður þess hafi átt tvö úr, annað gulllitað og hitt stálúr. Gyllta úrið var bilað og hefur verið í vörzlu vitnisins. Vitnið kveðst ekki vita annað en Geirfinnur hafi verið með stálúrið kvöldið sem hann hvarf 19. nóvember 1974. Vitnið kveðst ekki muna hvernig stálúr Geirfinns var að öðru leiti en því að skífan á því var ljós. Vitnið man að ólin á úrinu var breið og svört að lit með málmtökkum. Vitnið kveðst ekki vita hvar hann keypti úr þetta né hvenær það var.

Vitnið sér úr það er Eggert Bjarnason rannsóknarlöggreglumaður lagði hald á hjá ákærða Sævari Marinó, en mynd af úri þessu fylgir dskj. nr. VII., bls. 1358. Vitnið kveðst ekki geta staðhæft að þetta sé úr Geirfinns. Vitnið man að sprunga var í gleri annars hvors af úrum þeim sem Geirfinnur

átti, en vill ekki staðfesta að það hafi verið í glerinu á framangreindu úri. Vitninu finnst í fljótu bragði framan-greint úr vera líkt úri því er Geirfinnur átti. Vitnið kveður stálúr Geirfinns ekki hafa verið sjálftrekkt. Byggir það þetta á því, að Geirfinnur var oft að kvarta um að erfitt væri að trekkja úrið út af ólinni á því. Vitnið minnir að dagatal hafi verið á úrinu. Vitnið minnir fastlega að framangreint úr Geirfinns hafi ekki verið sjálftrekkt, en vill þó ekki alveg staðhæfa það.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 14.20.

Kl. 14.20 kemur í dóminn sem vitni Sigurður Jóhann Geirfinnsson, Hólabraut 10, Keflavík, 13 ára að aldri.

Vitnið er sonur Geirfinns Einarssonar.

Vitnið kveður föður sinn hafa átt tvö armbandsúr.

Var annað gyllt og hefur það verið heima hjá vitninu síðan 19. nóvember 1974. Hitt úrið var stálúr, kringlótt í laginu og minnir vitnið að tölurnar 3, 6, 9 og 12 hafi verið á því, en strik á milli. Skífan á úrinu var ljós. Vitnið kveðst hafa séð föður þess trekkja úrið upp og er öruggt um að það var ekki sjálftrekkjandi. Ól úrsins var svört og breið næst úrinu en mjókkaði til endanna og voru gaddar á ólinni. Dagatal var á úrinu. Vitnið veit ekkert hvaðan úrið var eða hvenær það var keypt. Vitnið man ekki eftir að faðir þess ræddi sérstaklega um úrið. Vitnið veit ekki af hvaða tegund úrið var.

Vitninu er sýnt framangreint úr. Vitnið kveður úr þetta vera líkt úri Geirfinns að öðru leyti en því, að það

minnir að tölustafir hafi verið á úri hans.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 14.35.

Kl. 14.40 kemur í dóminn Eggert Norðahl Bjarnason.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið sér í dóminum framangreint úr, en mynd af úrinu er á dskj. nr. VII, bls. 1359. Vitnið kveðst hafa lagt hald á úr þetta hjá ákærða Sævari Marinó í Síðumúla-fangelsinu einhvern tíma fyrri hluta árs 1976, en hvenær man vitnið ekki nákvæmlega. Vitnið man ekki hvort það fékk fyrirmæli um að taka úrið af ákærða eða hvort það gerði það af eigin frumkvæði. Vitnið man að hvorki ól né keðja var á úrinu og telur að ekkert hafi verið á því. Vitnið skráði ekkert hjá sér er það tók úrið. Vitnið man ekki fyrir víst hvort Sævar sagði eitthvað um úrið, en minnir að hann hafi haft á orði að hann hafi fengið það í fermingargjöf.

Úrið var fyrst geymt að vitnið minnir í læstri skrifborðsskúffu í fangelsinu við Síðumúla og minnir vitnið að einungis það og Sigurbjörn Víðir Eggertsson hafi haft lykla af skúffunni. Síðan var úrið geymt í tösku vitnisins ásamt öðrum málsskjölum. Úrið var geymt í hólfí í töskunni ásamt mynd af Guðmundi Einarssyni, en síðan setti vitnið það í skrifborðsskúffu ásamt myndinni af Guðmundi. Löggreglumenn töldu að um úr Guðmundar Einarssonar gæti verið að ræða, en við nánari athugun stóðst það ekki. Vitnið kveður þetta síðasta atriði vera haft eftir minni og vill ekki staðhæfa það. Vitnið kveðst telja útilokað að framangreint úr hafi getað ruglast við annað úr þannig að ekki sé um sama úr að ræða og það sem hann tók af Sævari Marinó. Rannsókn fór

aldrei fram á því hvort um úr Geirfinns Einarssonar
gæti verið að ræða.

Sérstaklega aðspurt segir vitnið að engin ól hafi
verið á úrinu þegar vitnið lagði hald á það.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 15.00.

Kl. 15.00 kemur í dóminn Sigurbjörn Víðir Eggertsson,
rannsóknarlöggreglumaður.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því að það hafi ekki verið viðstatt
er úr var tekið af ákærða Sævari Marinó í Síðumúla fangelsinu,
en vitnið sá úr er Eggert Bjarnason sagðist hafa tekið af
ákærða. Eggert var að sýna þetta í skýrslutökuherberginu
og var það einhvern tíma snemma á árinu 1976. Vitnið sá
síðar úrið í skjalatösku Eggerts ásamt mynd af Guðmundi
Einarssyni. Ól var ekki á úrinu, en vitnið minnir að e.t.v.
hafi verið teygja á því. Úrið var ekki sérstaklega merkt.
Úrið fannst ekki um tíma, en þegar það fannst var mynd af
Guðmundi með því. Úrið fannst í pappakassa ásamt fleira
dóti. Kassinn sem úrið var í var í skrifstofu Eggerts,
en ekki í læstri hirslu. Vitnið man ekki til þess að
athugað væri hvort um úr Geirfinns Einarssonar gæti verið
að ræða. Annað úr var í kassanum og var það með keðju.

Vitninu er kynnt athugun er greinir á dskj. nr. B VIII,
12 D. Vitnið framkvæmdi athugun þessa ásamt ívari Hannessyni
rannsóknarlöggreglumannni svo sem skjölin bera með sér. Vitnið
kveðst staðfesta framangreint dómskjal.

Vitnину eru kynntar löggregluskyrslurnar á dskj.

VII, bls. 1350-1360. Kveðst vitnið staðfesta þær í öllum atriðum.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 15.17.

Kl. 15.17 kemur í dóminn Ívar Hannesson, rannsóknarlögreglumaður, Otrateigi 48, 47 ára að aldri.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið sér í dóminum skýrslu um athugun er það gerði á dskj. B VIII 12 D. Vitnið kveðst staðfesta skýrsluna í öllum atriðum.

Vitnið skýrir frá því aðspurt að ekki hafi verið fylgzt sérstaklega með hraðamælinum. Ekið var allhratt og trúlega yfir löglegum hraða. Var hafður þessi háttur á þar sem grunaðir í málínu töldu sig hafa verið í tímahraki og því ekið hraðar en ella.

Þá sér vitnið skýrslurnar á dskj. VII, bls. 1350-1360. Kveðst vitnið staðfesta þær í öllum atriðum.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 15.26

Kl. 15.30 mætir í dóminum ákærða Erla Bolladóttir,

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærðu er sýnt úr það er að framan greinir (þ.e. mynd á dskj. VII bls. 1359-1360). Ákærða kveðst kannast við úr þetta. Ákærða kveður Sævar Marinó hafa átt úr þetta er hún kynntist honum í árslok 1973. Breið ól var á úrinu með málmtökkum. Sævar Marinó sagði ákærðu að hann hefði fengið

úr þetta í innbroti hjá einhverjum prófessor. Ákærða kveðst muna eftir því að Sævar Marinó lét Ingiberg Sigurðsson fá úrið að veði fyrir peningaláni í október eða nóvember árið 1974. Það næsta sem ákærða man eftir úrinu var það, að Sævar Marinó var að biðja Ingiberg að láta sig fá það aftur í kringum áramótin 1974-1975. Ingibergur sagði að úrið væri geymt hjá móður sinni. Ingibergur sagði ákærða Sævari Marinó að hann mætti fá úrið þegar hann kæmi heim. Það næsta sem ákærða man var það, að þau Sævar hittu Ingiberg í Kópavogi sumarið 1975. Sævar Marinó var með eitthvað úr sem ákærða veit ekki nánari deili á. Lét Sævar Ingiberg fá úr þetta og fékk framangreint úr í staðinn.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 15.40.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarssdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ár 1977, mánudaginn 3. október, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Þinghaldið er opið.

Að gefnu tilefni taka dómarar málsins fram, að mál það er höfðað var með ákæru dagsettri 16. mars s.l. hafi að kröfu ríkissaksóknara verið sameinað mál, er höfðað var með ákæru dagsettri 8. desember 1976, enda þótt þess hafi ekki verið sérstaklega getið. Reynt hefur verið að halda málsskjölum í málunum sem mest aðgreindum til glöggvunar.

Dómurinn leggur fram:

Nr. A XCI. Bréf Jóns Oddssonar, hrl.

- A XCII. Skýrslu Gísla Guðmundssonar, rannsóknarlögreglumanns.

- A XCIII. Endurrit af úrskurði.

- A XCIV. Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

- A XCV. Úrkippur úr Morgunblaðinu o.fl., lagðar fram að beiðni Páls A. Pálssonar, hdl.

- A XCVI. Endurrit úr dagbók fangelsisins við Síðumúla, lagt fram að beiðni Páls A. Pálssonar, hdl.

Málsskjölin fylgja.

Kl. 9.30 er mættur í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari. Þá er og mættur Þórður Björnsson, ríkissaksóknari.

Mættir eru verjendur málsins þeir Páll A. Pálsson, hdl., Jón Oddsson, hrl., Hilmar Ingimundarson, hrl., Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl., Finnur Torfi Stefánsson, hdl., og

Benedikt Blöndal, hrl.

Öllum ákærðu hefur verið tilkynnt að þau eigi kost á að vera við málflutninginn að undanskildum Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni, er eigi hefur náðst til.

Viðstaddir málflutninginn eru Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski og Tryggvi Rúnar Leifsson.

Sækjandi og verjendur lýsa því yfir að þeir geri ekki kröfur um frekari rannsókn í málinu. Þeir bera eigi fyrir sig formgalla á málinu, sem varðað geti frávísun og lýsa sig reiðubúna að flytja það.

Hefst nú munnlegur málflutningur. Tekur fyrstur til máls sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari. Gerir hann þær kröfur af hálfu ákæruvaldsins:

1. Að ákærðu Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski, Tryggvi Rúnar Leifsson, Albert Klahn Skaftson, Erla Bolladóttir, Ásgeir Ebenezer Þórðarson og Guðjón Skarphéðinsson verði hvert um sig dæmd til þyngstu refsingar að lögum.

2. Að ákærðu Sævar Marinó, Erla og Tryggvi Rúnar verði hvert um sig dæmd til greiðslu skaðabóta.

3. Að ákærðu Sævari Marinó og Ásgeiri Ebenezer verði gert að sæta upptöku á 2.5 kg af hassi er fannst við tollleit í bifreiðinni R-45248 og hald var á lagt 12. desember 1975.

4. Öll ákærðu verði dæmd til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin saksóknaralaun, er renni til ríkissjóðs.

Sækjandinn reifaði síðan sakarefnið í I. kafla ákærunnar á dskj. A I og rakti málavexti.

Hlé var gert á þinghaldinu kl. 12.00, en því síðan fram haldið kl. 13.30 og hélt sækjandinn áfram ræðu sinni.

Sækjandi málsins gefur þá málflutningsfirlýsingu, að ákærar í I. kafla 1. tl. ákæru sé ekki lengur byggð á því, að ákærði Kristján Viðar hafi ráðist að Guðmundi Einarsyni með hníf og stungið hann, heldur að allir ákærðu hafi hver fyrir sig átt jafnan þátt í árásinni á Guðmund og dauða hans. Um sé að ræða óaðskiljanlegan samverknað ákærðu á dauða Guðmundar.

Sækjandi lauk máli sínu kl. 16.40 og hafði þá reif- að sakarefnið í I. kafla 1. lið ákæru.

Upplesið.

Dómurinn leggur fram:

Nr. A XCVII. Bréf Hilmars Ingimundarsonar, hrl.

Af því tilefni vilja dómarar málsins taka eftirfarandi fram: 1. Við þingfestingu málsins 21. mars s.l. var verjendum tilkynnt að málsmeðferð héldi áfram næstu daga og vikur og væri þeim frjáls aðgangur að öllum þinghöldunum. Dómarar málsins minnast þess ekki að verjendur hafi látið í ljós ósk um að vera viðstaddir önnur þinghöld en þau, er skjólstæðingar þeirra væru mættir. Var þeim því ávallt tilkynnt um slík þinghöld en ekki önnur að jafnaði.

2. Um þennan liði vísast til bls. 122 í dómsfirheyrsnum. Rannsóknarlöggreglumennirnir Gísli Guðmundsson og Torfi Jónsson fóru að dómarar best vita, með Gunnar Jónsson til Hafnarfjarðar.

3.-4. Um þessa liði vísast til endurrita úr sakadóms-

bók, sem lögð hafa verið fram í málínu.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Vottar:

Armann Kristinsson.

Asta Einarssdóttir.

Haraldur Henrysson.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, briðjudaginn 4. október, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Armanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er sækjandi málsins Bragi Steinarsson, sak-sóknari og verjendurnir Jón Oddsson, hrl., Hilmar Ingimundarson, hrl., Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl. og Benedikt Blöndal, hrl.

Sækjandi hélt áfram málflutningi og hóf reifun á 2. tl. II. kafla ákæru.

Pinghaldið var lokað.

Ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, var viðstaddir ping-haldið.

Sækjandinn lauk málflutningi að því er framangreint ákæruatriði varðar og var þá pinghaldið opnað að nýju. Hélt sækjandinn áfram reifun annara ákæruatriða, er í II. kafla ákæru greinir.

Kl. 10.30 koma í dóminn Örn Clausen, hrl. og Páll A.

Pálsson, hdl.

Þá mæta einnig ákærðu Sævar Marinó Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson.

Reifun málsins um sakarefni í III. kafla ákæru er nú haldið áfram.

Finnur Torfi Stefánsson, hdl., mætti í dóminum kl. 11.10.

Sækjandinn reifaði sakarefnið í VI., VII. og VIII. köflum ákæru.

Hann lauk ræðu sinni um reifun sakarefnis í ákærunni frá 8. desember 1976 kl. 11.43 og var þá gert hlé á þinghaldinu.

Kl. 13.30 er málflutningi fram haldið og hefur sækjandi reifun sakarefnis í ákærunni frá 16. mars s.l.

Mættir eru verjendurnir Páll A. Pálsson, hdl., Benedikt Blöndal, hrl., Hilmar Ingimundarson, hrl., Jón Oddsson, hrl. og Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl.

Mættir eru ákærðu Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski.

Kl. 14.55 mætti ákærða Erla Bolladóttir í þinghaldinu, en vék úr dómi kl. 15.15.

Sækjandi hélt áfram reifun málsins til kl. 16.00, en þá var þinghaldinu frestað til morguns.

Upplesið.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, miðvikudaginn 5. október, var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari.

Einnig eru mættir verjendurnir Jón Oddsson, hrl., Páll A. Pálsson, hdl., Benedikt Blöndal, hrl., Hilmar Ingimundarson, hrl., Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl., og Örn Clausen, hrl.

Sækjandi hélt nú áfram reifun sakarefnis, er í ákæru greinir frá 16. mars s.l.

Mættir eru ákærðu, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski.

Sækjandi málsins lauk málflutningi kl. 11.35.

Málflutningi er frestað til kl. 13.30.

Tók þá til máls skipaður verjandi ákærða Kristjáns Viðars Viðarsson, Páll A. Pálsson, hdl.

Dómkröfur verjandans eru þær:

"A.

Aðallega er þess krafist að hann verði sýknaður af

ákæruatriðum þeim, sem greinir í I. lið ákæru ríkissaksóknara frá 8. desember 1976 og að hann hljóti þá vægustu refsingu, sem lög leyfa fyrir brot talin í V. og VII. lið sömu ákæru.

Til vara að hann hljóti þá vægustu refsingu sem lög leyfa fyrir öll brot talin í þeirri ákæru.

B.

Aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ríkissaksóknara í ákæru dagsettri 16. mars 1977.

Til vara að hann hljóti þá vægustu refsingu sem lög leyfa fyrir brot þau, sem talin eru í þeirri ákæru.

C.

Einnig er þess krafist að gæsluvarðhaldsvist Kristjáns Viðars frá 23. desember 1975 og síðan, verði metin að fullu til frádráttar refsingu.

Þá er þess krafist að mér verði tildæmd hæfileg réttargæslulaun vegna ákærða frá 11. desember 1975 fram að þingfestingardegi 21. mars 1977 svo og málsvarnarlaun aðgreind frá réttargæslubóknun".

Kl. 13.30 er málflutningi fram haldið. Tók nú til máls verjandi ákærða Kristjáns Viðars Viðarssonar, Páll A. Pálsson, hdl., og hóf reifun sakarefnis í ákærunni frá 8. desember 1976 og 16. mars 1977, er ákærða varðar.

Ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar eru mættir í þinghaldinu.

Verjandinn lauk ræðu sinni kl. 16.00 og lagði málið í dóm með fyrirvara.

Dómurinn leggur fram:

Nr. A XCVIII. Yfirlýsingu Páls A. Pálssonar.

- A XCIX. Bréf Jóns Oddssonar, hrl.

- A C. Afrit af bréfi til Gunnars Jónssonar.

Málsskjölin fylgja.

Málflutningi var frestað til morguns og verður þá fram haldið kl. 9.30.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Jóninna Pálsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, fimmtudaginn 6. október, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Sakadómsmálið:

Ákærvaldið

gegn

Kristjáni Viðari Viðarssyni,

Sævari Marinó Ciesielski,

Tryggva Rúnari Leifssyni,

Albert Klahn Skaftasyni,

Erlu Bolladóttur,

Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni
og
Guðjóni Skarphéðinssyni.

Kl. 9.30 er mættur sækjandi málsins Bragi Steinars-
son, saksóknari. Einnig er mættur Þórður Björnsson, ríkis-
saksóknari og Jónatan Sveinsson.

Mættir eru verjendur í málínu Jón Oddsson, hrl., Páll
A. Pálsson, hdl., Benedikt Blöndal, hrl., Hilmar Ingimundar-
son, hrl., Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl. og Órn Clausen,
hrl.

Var nú málflutningnum haldið áfram. Tók til máls
Hilmar Ingimundarson, hrl., og flutti málsvörn fyrir ákærða
Tryggva Rúnar Leifsson.

Verjandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

"1. Þess er krafist, að ákærði, Tryggvi Rúnar Leifs-
son, verði sýknaður af ákæruliðum I og II, 2. tl. í ákæru,
útgefinni 8. desember 1976.

2. Ákærði hljóti vægustu refsingu lögum samkvæmt,
að því er varðar aðra ákæruliði í ákæru, útg. 8. desember
1976, enda komi gæsluvarðhaldsvist hans að fullri dagatölu
til frádráttar hugsanlegri refsivist.

3. Mér, sem skipuðum verjanda, verði tildæmd máls-
varnarlaun að skaðlausu að mati dómsins".

Verjandinn hóf síðan reifun málsins og rakti mála-
vexti.

Ákærðu, Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó
Ciesielski og Tryggvi Rúnar Leifsson eru mættir í dóminum.

Verjandinn lauk reifun I. kafla ákæru kl. 11.35, en hóf síðan reifun á 1. 3. 4. 5. og 6. tl. í II. kafla.

Þegar að 2. tl. kaflans kom var þinghaldinu lokað.

Verjandinn hélt síðan áfram málflutningi um þennan tölulið. Verjandinn mótmælir skaðabótakröfu Halldóru Ingimarsdóttur og krefst sýknu af henni.

Verjandinn lauk máli sínu kl. 12.00. Hann ítrekaði gerðar kröfur og lagði málið í dóm.

Var nú gert réttarhlé til kl. 13.30.

Var nú málflutningnum haldið áfram og tók til máls Jón Oddsson, hrl., og flutti vörn fyrir ákærða Sævar Marinó Ciesielski.

Verjandinn gerði eftirfarandi dómkröfur:

"A.

Aðallega er þess krafist, að Sævar Marinó Ciesielski, verði sýknaður af ákæruatriðum þeim, er greinir í I. lið ákæru ríkissaksóknara frá 8. desember 1976 og að hann hljóti þá vægustu refsingu, sem lög leyfa fyrir brot talin í III., IV., V. og VII. lið sömu ákæru.

Til vara, að hann hljóti þá vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir öll brot talin í þeirri ákæru.

B.

Aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ríkissaksóknara í ákæru dags. 16. mars 1977.

Til vara, að hann hljóti þá vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot þau, sem talin eru í þeirri ákæru.

C.

Einnig er þess krafist, að gæsluvarðhaldsvist Sævars Marinós Ciesielski frá 11. desember 1975 og síðan, verði metin að fullu til frádráttar tildæmdri refsingu.

Þá er þess krafist, að mér verði tildæmd hæfileg réttargæslulaun vegna ákærða frá 11. desember 1975 svo og málsvarnarlaun, aðgreind frá réttargæslupóknun, að skaðlausu að mati hins virðulega réttar".

Verjandinn mótmælir ekki skaðabótakröfum í málinu.

Verjandinn hóf síðan reifun málsins.

Verjandinn lauk reifun sakarefnis í ákæru frá 8. desember 1976 kl. 16.00 og var þá þinghaldinu frestað til morguns.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Jóninna Pálsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ar 1977, föstudaginn 7. október, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kl. 9.30 er mættur sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari. Einnig er mættur Þórður Björnsson, ríkissak-sóknari.

Mættir eru verjendur í málínú Jón Oddsson, hrl., Páll A. Pálsson, hdl., Benedikt Blöndal, hrl., Hilmar Ingimundarson, hrl., Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl., og Örn Clausen, hrl.

Akærðu Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski og Tryggvi Rúnar Leifsson eru mættir.

Kl. 9.30 hélt verjandinn áfram ræðu sinni. Lauk hann málflutningi um sakarefni í ákærunni frá 8. desember 1976, en hóf síðan reifun sakarefnis í ákæru frá 16. mars 1977.

Verjandinn lauk máli sínu kl. 11.10 og lagði mál-ið í dóm með venjulegum fyrirvara.

Tók þá til máls Benedikt Blöndal, hrl., verjandi ákærða Guðjóns Skarphéðinssonar.

Dómkröfur verjandans eru þessar:

"Aðallega, að hann verði sýknaður af öllum ákæruatriðum, þar með kröfu um greiðslu sakarkostnaðar.

Til vara, að honum verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfa og gæsluvarðhald hans 13. til 18. desember 1975 og svo frá 12. nóvember 1976, sem enn stendur, látið koma til frádráttar refsingu, og honum enda ekki gert að greiða sakarkostnað nema að hluta og ekki óskipt með öðrum ákærðu.

Málsvarnarlauna er krafist úr ríkissjóði".

Verjandinn hóf síðan reifun málsins.

Kl. 12.00 var gert hlé á þinghaldinu, en því síðan fram haldið kl. 13.30. Hélt þá Benedikt Blöndal, hrl., áfram ræðu sinni.

Verjandinn lauk málí sínu kl. 14.30 og lagði málíð í dóm með fyrirvara.

Tók þá til máls Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl., verjandi ákærðu Erlu Bolladóttur.

Dómkröfur verjanda eru þessar:

"I. Að ákærða Erla Bolladóttir verði sýknuð af ákæru um brot á 211. gr., sbr. 22. gr., 4. mgr. sbr. 1. mgr., og 112. gr., 2. mgr., sbr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Að hún verði dæmd í þá vægustu refsingu, sem lög frekast leyfa, fyrir önnur brot, sem hún hefur verið ákærð fyrir.

III. Gæsluvarðhaldstími ákærðu kom til frádráttar refsingu með fullri dagatölu.

IV. Að refsing verði skilorðsbundin.

V. Sakarkostnaði verði skipt milli hinna ákærðu í eðlilegum hlutföllum við hlutdeild hvers um sig í brotunum. Þóknunar er krafist til handa skipuðum réttargæslumanni og verjanda ákærðu Erlu samkvæmt ákvörðun dómsins".

Verjandinn hóf síðan reifun málsins.

Finnur Torfi Stefánsson, hdl., mætti kl. 15.20.

Verjandinn lauk málí sínu kl. 15.40 og lagði málíð í dóm með fyrirvara.

Hlé var gert á þinghaldinu til kl. 16.00.

Kl. 16.15 er málflutningnum haldið áfram og tekur þá til máls verjandi ákærða Alberts Klahns Skaftasonar, Órn Clausen, hrl.

Gerir hann þessar dómkröfur í málinu:

"I. Að umbj. m., Albert Klahn Skaftason, verði algerlega sýknaður af ákæruatriði í I. lið, 2. tl. ákæruskjals útg. 8. desember 1976, sem talið er varða við 211. gr. sbr. 22. gr. 4. mgr., sbr. 1. mgr. svo og 112. gr. 2. mgr. almennra hegningarlaga. Þá er krafist sýknu af broti gegn 124. gr. og 221. gr. sömu laga, sem fjallað hefur verið um í málflutningi.

II. Að umbj. m. verði aðeins dæmdur í vægustu refsingu er lög leyfa fyrir þau brot, sem getið er í sama ákæru-skjali, merkt VIII, tl. 2 og 2, a - h.

III. Þá geri ég og kröfu til að til frádráttar væntanlegri hugsanlegri refsvist umbj. m. komi gæsluvarð-haldsvist hans, bæði í sambandi við fíkniefnamálin og í sam-bandí við rannsókn vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar.

IV. Þá geri ég kröfu til hæfilegra réttargæslu- og málsvarnarlauna, þar sem tekið sé fullt tillit til umfangs málsins, svo og tímalengdar réttargæslu og vinnu meðan á rannsókn stóð.

Verjandinn hóf að því búnu reifun málsins.

Verjandinn lauk máli sínu kl. 17.15 og lagði málið í dóm með fyrirvara.

Finnur Torfi Stefánsson, hdl., leggur fram:

Nr. CI. Ljósrit af fréttum í fjölmöglum um

framangreint mál.

Finnur Torfi Stefánsson, verjandi ákærða Ásgeirs Ebenezer Þórðarsonar tók nú til máls og flutti málsvörn.

Verjandinn gerir þær dómkröfur, að ákærði Ásgeir Ebenezer Þórðarson verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa. Þá krefst hann málsvarnarlauna.

Verjandinn reifaði síðan málið og rakti málavexti. Að því búnu ítrekaði hann gerðar kröfur og lagði málið í dóm með fyrirvara.

Verjandinn lauk málí sínu kl. 17.35.

Tók þá til máls að nýju sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari og svaraði ræðum verjenda.

Hann lauk málí sínu kl. 19.07. Hann ítrekaði gerðar kröfur og lagði málið í dóm.

Finnur Torfi Stefánsson óskar eftir að taka fram, að hann muni ekki taka til máls að nýju og leggur hann málið í dóm.

Var nú gert hlé á þinghaldinu og því framhaldið kl. 19.20.

Tóku þá eftirtaldir verjendur til máls og svöruðu ræðu sækjanda: Páll A. Pálsson, hdl., Hilmar Ingimundarson, hrl., Jón Oddsson, hrl., Benedikt Blöndal, hrl., Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl. og Örn Clausen, hrl.

Dómarar taka fram, að sakarefnið í ákæru frá 8.

desember 1976 I.2. og í I. kafla ákæru frá 16. mars að því er ákærðu Erlu varðar, var reifað með hliðsjón af því, að það gæti varðað við 124. gr. og 221. gr. almennra hegning-

ingarlaga nr. 19, 1940.

Verjendur lýsa því yfir, að svarræðum loknum, að
þeir ítreki gerðar kröfur og leggi málið í dóm.

Ákærðu voru að því spurðir, hvort þeir óski að taka
til máls.

Sævar Marinó óskaði eftir því og flutti ræðu, en
aðrir ákærðu óskuðu ekki eftir því.

Dómurinn tók málið til dóms.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, fimmtudaginn 13. október, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af sakadómurunum Gunnlaugi Briem sem dómsformanni, Armanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Þinghaldið var lokað.

Málið var dómtokið föstudaginn 7. þ.m. Sækjandi málsins hefur krafist þess, að framhaldsrannsókn fari fram í málínu og verði vitnið Sigurður Óttar Hreinsson kvaddur fyrir dóm á ný. Með tilvísun til 136. gr. laga nr. 74, 1974

telur dómurinn rétt að verða við þessu.

Kl. 13.45 er mættur í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari.

Einnig eru mættir verjendurnir Jón Oddsson, hrl., Páll A. Pálsson, hdl., Benedikt Blöndal, hrl., Hilmar Ingimundarson, hrl., Órn Clausen, hrl., og Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl. Einnig er mættur Sigurður Georgsson, hdl.

Kl. 13.45 kemur í dóminn vitnið Sigurður Óttar Hreinsson.

Alvarlega áminntur um sannsögli.

Vitnið hefur verið haft í haldi síðan í gær vegna lögreglurannsóknar.

Vitnið kom fyrir dóm 25. maí s.l. og vann eið að framburði sínum. Vakin er sérstaklega athygli vitnisins á vitnaskyldu þess og ábyrgð sem og þýðingu eiðvinningar þess, sem gildi einnig í þessu pinghaldi.

Framburður vitnisins frá 25. maí s.l. er nú lesinn í heyranda hljóði.

Vitnið lýsir því yfir að framburðurinn sé ekki réttur. Vitnið kveðst ekki hafa farið ferð þá, er í framburðinum greinir. Vitnið kveður sögu þess "hafa spunnist við yfirheyrlur hjá lögreglunni og skýrslu-tökur". Aðspurður um það hvers vegna vitnið hafi gefið dómskýrsluna, segir það að það hafi "eingöngu verið vegna ótta við lögregluna". Vitnið kveðst ekkert samband hafa haft við lögregluna eftir 14. desember 1976. Eina rétta skýrslan sem vitnið gaf í málínu segir það vera fyrstu skýrslu þess hjá lögreglunni. Vitnið kveðst

hafa verið beitt hótunum af löggreglunni. Man það eftir því að einhvern tíma er það var í yfirheyrslu heyrði það Eggert Bjarnason, rannsóknarlöggreglumann, segja eftir Erni Höskuldssyni, er það taldi að Eggert væri að tala við, að það yrði látið sæta 30 daga gæsluvarðhaldi ef það samþykkti ekki skýrsluna og yrði þægt. Vitninu er bent á að engin löggregla hafi verið viðstödd er það var yfirheyrt í dómi, heldur einungis dómvörður. Vitnið kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir þessu. Vitnið kveður skýrslu sína að öllu leyti ranga að öðru leyti en því að það hefði getað fengið sendibifreið þá er í henni greinir lánaða og enn fremur það símtal, sem það vissi af að Laugavegi 32, en efni símtalsins vissi vitnið ekki. Lesin er nú skýrsla vitnisins að nýju lið fyrir lið. Vitnið segir upphaf skýrslunnar rétt, þangað til að komi út að setningunni: "Vitnið kveðst hafa haldið eftir lykli að bifreiðinni eftir að það hætti á sendibílastöðinni". Um þetta atriði hafi það borið rangt. Lestrinum er síðan haldið áfram. Vitnið kveður söguna um símtal milli Kristjáns Viðars og Sævars Marinós rétta og annað er í því sambandi greinir, nema að það hafi ekki farið til Keflavíkur skömmu eftir að símtal þetta fór fram. Vitnið skýrir frá því að allt sé rangt í skýrslu sinni frá: "Vitnið man að kvöldið áður en farið var til Keflavíkur, hafi það veriðstatt hjá Kristjáni Viðari að Laugavegi 32", út að setningunni á bls. 64, "það kveðst einu sinni áður fyrri part þess árs hafa farið í Njaðvík á eigin bifreið, sem er fólksbifreið".

Vitnið kveðst hafa vitað, þegar það gaf skýrslu sína

í domi 25. maí s.l. að hún væri röng svo sem að framan greinir. Ber vitnið enn við ótta við lögregluna. Vitnið kveðst vera búið að átta sig á þessu núna og hafa kjark til að segja sannleikann. Vitnið kveðst hafa rætt mál þetta við alla sína ættingja, vini og vinnufélaga og Róbert Árna Hreiðarsson, lögfræðing, og einnig ræddi vitnið málið við Jón Oddsson, hrl., og Pál A. Pálsson, hdl. s.l. mánudag á skrifstofu Róberts Árna. Vitnið kveðst hafa rætt málið fyrst við Róbert Árna daginn eftir að lögreglan slepti því eða 15. desember 1976. Vitninu leið mjög illa og var orðið á báðum áttum um "hvort hann hefði gert þessa hluti". Fyrir um 2 mánuðum kveðst vitnið hafa verið orðið alveg visst í sinni sök. Vitnið kveðst hafa beðið Róbert Árna að birta yfirlýsingar í blöð til að verja sitt nafn. Aðspurt kveðst vitnið hafa spurt lögmennina Róbert Árna, Pál A. Pálsson og Jón Oddsson hvaða viðurlögum það gæti varðað ef það drægi framburð sinn til baka. Nefndu þeir að það gæti orðið í hæsta lagi allt að 4 ára fangelsi.

Páll A. Pálsson, hdl., spyr: Hvernig fóru þessar yfirheyrlur fram í desember 1976?

Svar: Það var ýtt á eftir mér, ég var látinna geta í eyður og ennfremur þvinganir og gæsluvarðhald nefnt.

Jón Oddsson, hrl. spyr: Getur vitnið gert grein fyrir sviðsetningunni í Dráttarbrautinni í Keflavík?

Svar: Sviðsetningin fór þannig fram að það var hægt að fara tvær leiðir. Leiðina frá Keflavík er ekki hægt að fara í Dráttarbrautina. Hin leiðin var að beygja upp með

húsinu. Ég setti bílinn þar sem ég hélt að hann ætti að vera. Ég hafði ekki áður farið á þennan stað.

Jón Oddsson spyr: Hefur vitnið orðið fyrir óþægindum af málinu?

Svar: Ég hef verið mikið spurður af vinnufélögum, þeir hafa mikið rengt mig, en ég hef alltaf haldið því fram að ég hafi ekki farið þessa ferð.

Jón Oddsson spyr: Telur vitnið einhverja ástæðu vera fyrir því að Sævar og Kristján hafi ekki talast við í nóvember 1974?

Svar: Ég tel litlar eða engar líkur á því, þar sem þeir voru "hörguóvinir" á þessum tíma vegna bílaviðskipta, sem þeir ætluðu að eiga við mig.

Örn Clausen, hrl. spyr: Hvenær sagði vitnið Róbert Árna fyrst frá því að það hefði sagt ósatt hér fyrir dómi í maí?

Svar: S.l. mánudag.

Örn Clausen, hrl. spyr: Reyndi Róbert Árni einhvern tíma á tímabilinu að hafa áhrif á þig og reyna að fá þig til að skýra rétt frá?

Svar: Já, strax.

Örn Clausen, hrl. spyr: Var vitninu ekki kunnugt um málflutning í s.l. viku.

Svar: Jú, ég hafði mikil óþægindi af honum vegna blaðaskrifa.

Örn Clausen, hrl. spyr: Hver var aðdragandi að fundinum á mánudaginn var, sem vitnið átti með þrem lögfræðingum?

Svar: Róbert Árni hringdi í mig í vinnuna og spurði mig hvort ég hefði lesið grein í Tímanum, sem hann hefði skrif-að fyrir mig. Ég svaraði því neitandi og bað hann mig þá að koma, þegar ég kom til Róborts Árna fórum við að ræða þetta mál. Síðan hringdi Róbert Árni í annað hvort Jón Oddsson eða Pál A. Pálsson og komu þeir nokkru síðar á skrif-stofu Róborts Árna.

Guðmundur Ingvi, hrl. spyr: Hvöttu einhverjir aðrir en Róbert Árni vitnið til að breyta framburðinum?

Svar: Nei.

Guðmundur Ingvi, hrl. spyr: Hvað óttaðist vitnið hjá löggreglu?

Svar: Einungis gæsluvarðhald vegna innilokunarkenndar. Ég óttaðist ekki barsmiðar og hef ekki neinn almennan beyg af lögreglunni.

Örn Clausen, hrl. spyr: Skýrði vitnið sjálfstætt frá málsatvikum áður en lögregluskýrslur voru lesnar fyrir hann í þinghaldi 25. maí

Svar: Já, það hlýtur að vera.

Páll A. Pálsson, hdl. spyr: Man vitnið hvað yfir-heyrslan 14. desember 1976 tók langan tíma?

Svar: Mig minnir að hún hafi staðið í 10 klst. sam-fellt án matarhlés, en ég fékk kaffi.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 15.25.

Bragi Steinarsson, sækjandi málsins, krefst þess að

fá framlagðar í dóminum skýrslur rannsóknarlöggreglu ríkisins frá því í gær varðandi Sigurð Óttar Hreinsson til skýringar á þinghaldi því, er fram hefur farið hér í dag.

Upplesið.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármanн Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Skúli Bjarnason.

Guðmundur T. Guðmundsson.

Ár 1977, mánudaginn 12. desember, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármani Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Dómurinn leggur fram:

A Nr. CII. Möppu með bréfum ákærða Tryggva Rúnars

Leifssonar.

B - XXX. Bréf sakadóms Reykjavíkur til Má

Péturssonar (afrit).

B - XXXI. Bréf Jóns Oddssonar, hrl.

B - XXXII. Skýrsla rannsóknarlöggreglu ríkisins
ásamt fskj.

Málsskjölin fylgja.

Dómarar málsins fóru til Keflavíkur fimmtudaginn 8.
þ.m. og skoðuðu vettvang.

Kl. 14.00 eru mættir sækjandi málsins Bragi Steinars-
son, saksóknari og verjendurnir Jón Oddsson, hrl., Páll A.
Pálsson, hdl., Hilmar Ingimundarson, hrl., Guðmundur Ingvi
Sigurðsson, hrl., Benedikt Blöndal, hrl., Órn Clausen, hrl.
og Finnur Torfi Stefánsson, hdl.

Sækjanda og verjendum er gefinn kostur á að gera at-
hugasemdir til viðbótar fyrri málflutningi sínum, en þeim
hafa áður verið send gögn, sem lögð hafa verið fram eftir
dómtöku málsins.

Finnur Torfi Stefánsson, hdl., lýsir því yfir að hann
vísi til fyrri ræðu sinnar, ítreki gerðar kröfur og leggi
málið í dóm á ný.

Vék frá kl. 14.05.

Viðstaddir pinghaldið voru ákærðu Kristján Viðar
Viðarsson og Sævar Marinó, en ákærði Guðjón óskaði ekki
eftir að vera viðstaddur.

Tók nú til máls Bragi Steinarsson, saksóknari. Hann
reifaði málið að því er varðar gögn þau, er lögð hafa verið
fram eftir dómtöku.

Að því búnu ítrekaði hann gerðar kröfur og lagði málið
í dóm á ný.

Órn Clausen, hrl., óskaði bókað: "Par sem ég tel
að sú viðbótarrannsókn, sem fram hefur farið, snerti á engan
hátt umbj. minn eða meintan þátt hans í málínu, sé ég ekki
ástæðu til að tjá mig sérstaklega um þennan þátt málsins, en

vísa til fyrri röksemda og kröfugerðar, þ.e. um algera sýknu auk hæfilegra málsvarnar- og réttargæslulauna".

Verjandinn kveðst leggja málið í dóm.

Vék frá.

Tók þá til máls Hilmar Ingimundarson, hrl. Hann reifaði málið að því er bréf ákærða Tryggva Rúnars varðar, sem lögð hafa verið fram í málinu.

Verjandinn ítrekaði síðan gerðar kröfur og lagði málið í dóm.

Páll A. Pálsson, hdl., tók næst til máls. Hann ítrekar áðurgerðar kröfur. Hann reifaði því næst málið að því er varðar gögn þau, er lögð hafa verið fram í málinu eftir dómtöku. Verjandinn lagði síðan málið í dóm með venjulegum fyrirvara.

Tók þá til máls Jón Oddsson, hrl. Hann reifaði málið að því er varðar gögn þau, sem lögð hafa verið fram í málinu eftir dómtöku.

Að því búnu ítrekaði hann gerðar kröfur og lagði málið í dóm.

Þá tók til máls Benedikt Blöndal, hrl. Hann ítrekar áðurgerðar kröfur í málinu. Hann reifaði síðan málið að því er varðar gögn þau, er lögð hafa verið fram í málinu eftir dómtöku. Að því búnu lagði hann málið í dóm að nýju.

Þá tók til máls Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl. Hann ítrekar fyrri dómkröfur í málinu. Hann reifaði síðan málið að því er varðar gögn þau, er lögð hafa verið fram eftir dómtöku. Hann lagði síðan málið í dóm.

Málflutningurinn hófst kl. 14.00 en lauk kl. 15.45.

Dómurinn tók málið til dóms.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hjördís Þorsteinsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ár 1977, mánudaginn 19. desember, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara, sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari.

Mættir eru verjendur ákærðu þeir Páll A. Pálsson, hdl., Jón Oddsson, hrl., Hilmar Ingimundarson, hrl., Benedikt Blöndal, hrl., Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl. og Örn Clausen, hrl.

Ákærðu Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski og Tryggvi Rúnar Leifsson eru mættir, en ákærði Guðjón óskaði ekki eftir að vera viðstaddir dómsuppkvaðninguna. Aðrir ákærðu eru ekki mættir.

Dómurinn kvað upp svohljóðandi

d ó m :